


skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Sumarið er yndislegt!



ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
www.isafold.is - Sími 595 0300

ÞITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR

24. júní 2010 — 146. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

# Kennslu í ritmáli ábótavant

**Í framhaldsskólum skortir á kennslu í rituðu máli að mati nemenda. Þeir telja sig vanbúna þegar kemur í háskóla. Mikill munur á undirbúningi fyrir háskólanám eftir skólum. Nemendur MA og MR ánægðastir.**

**MENNTUN** Tæpur þriðjungur nemenda í Háskóla Íslands (HÍ) telur sig vanbúinn að skrifa ritgerðir eða skýrslur þegar í HÍ er komið. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem unnin var í HÍ.

Mikill meirihluti, eða 71 prósent, telur að efla þurfi þjálfun í gagnrýnni hugsun og rökræðu í framhaldsskólunum. Róbert Haraldsson, formaður kennslumálanefndar HÍ og einn höfunda skýrslunnar, segir það kannski skýrast af tíðarandanum, hrunið og skortur á gagnrýninni hugsun í tengslum við það liti skoðanir nemendanna.

Könnunin sýnir að mikill munur er á afstöðu nemenda til þess undirbúnings sem framhaldsskólinn veitti þeim fyrir háskólanám, eftir því í hvaða skóla þeir stunduðu nám. Nemendur Menntaskólans á Akureyri (MA) eru ánægðastir með skólann sinn; 98 prósent þeirra töldu undirbúninginn góðan. Um 93 prósent nemenda Menntaskólans í Reykjavík (MR) eru sama sinnis og ríflega 86 prósent nemenda Menntaskólans í Hamrahlíð.

Minnst er ánægjan í Fjölbrautaskólunum í Vestmannaeyjum, Garðabæ og á Suðurnesjum; frá 29 prósentum suður með sjó, í 38 prósent í Eyjum. Rétt er að taka fram að mismargir eru að baki þessum tölum og úrtakið stundum lítið; aðeins 21 nemandi úr Vestmannaeyjum svaraði, svo dæmi sé tekið.

> **32%** telja sig illa fær um að skrifa skýrslur og ritgerðir við upphaf náms í Háskóla Íslands.
>
> HEIMILD: HÁSKÓLI ÍSLANDS

Róbert segir skýrsluna einnig sýna að lítil skörun sé á milli skólastiganna, ekki sé verið að kenna sömu hlutina á framhalds- og háskólastigi. Þó ber að geta þess að nemendur MR, MA og Menntaskólans á Laugarvatni skera sig úr, 30 til 36 prósent þeirra telja of mikið endurtekið á fyrsta ári í HÍ.

Róbert segir að á heildina litið komi framhaldsskólarnir nokkuð vel út úr viðhorfskönnuninni. Hann segir að í haust verði gerð námsgengiskönnun, þar sem árangur nemenda HÍ og brottfall eftir skólum verður kannað. Slík könnun sýni betur en viðhorfskönnun hver sé staða framhaldsskólanna. - kóp / sjá síðu 6



## Stór í Frakklandi

*Skipið eftir Stefán Mána var valin glæpasaga ársins af franska tímaritinu Lire.*

**fólk** 42

## Salka 10 ára

*Vildu kvenleg sjónarmið í útgáfu bóka.*

**tímamót** 24



## Erkifjendur mætast

*England og Þýskaland munu eigast við í 16 liða úrslitum á HM.*

**sport** 36

## veðrið í dag




**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verða norðaustan 3-10 m/s. Víða skýjað en bjart með köflum SV-til og stöku skúrir. Hiti 8-18 stig, mildast V-lands.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GLER YFIR GRÖS** Starfsmenn Norræna hússins nýttu sér góða veðrið og gerðu við brotna rúðu í gróðurhúsi á lóðinni. Þar og í matjurtagarði umhverfis gróðurhúsið rækta veitingamenn í húsinu matjurtir.

Metaðsókn í jurtalitun:

## Mikill áhugi á jurtalituninni

**TÍSKA** Gríðarlegur áhugi er á jurtalitun um þessar mundir.

„Það er algjör sprenging í jurtalitun. Við finnum fyrir gríðarlegum áhuga,“ segir Þorgerður Hlöðversdóttir textíllistakona.



ÞORGERÐUR HLÖÐVERSDÓTTIR

Þorgerður hefur ásamt Sigrúnu Helgadóttur, líf- og umhverfisfræðingi, haldið eitt námskeið í jurtalitun þriðja hvert ár en í vor hafa tvö námskeið verið haldin og er það þriðja fyrirhugað í haust.

Þorgerður telur þennan mikla áhuga á jurtalitun tengdan vaxandi áhuga margra á handavinnu undanfarin misseri. „Fólk langar að skapa sína eigin liti.“

- mmf / sjá Allt

Nýr meirihluti borgarstjórnar vill fjölga yfirmönnum hjá Orkuveitu Reykjavíkur:

# Vilja starfandi stjórnarformann

**REYKJAVÍK** Nýr meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík mun leggja til að Haraldur Flosi Tryggvason verði starfandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR), samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það þýðir að hann mun gegna formennsku í fullu starfi á hærri launum en fyrrum formenn.

Verði þetta ofan á verður það lagt til á fundi borgarráðs í dag eða á aðalfundi OR á föstudag. Þetta myndi verða í fyrsta skipti sem þessi háttur væri hafður á.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, vildi hvorki játa né neita þessum fréttum í samtali við Fréttablaðið.

„Ég vil ekki láta hafa neitt eftir mér um það, en við erum búin að fá mjög gott teymi inn í stjórnina og Haraldur Flosi er hluti þess, sem og Helga Jónsdóttir og Aðalsteinn Leifsson.

Það er alveg ljóst að þeirra bíður gríðarlega mikið verkefni sem þarf að vinna bæði hratt og af mikilli yfirvegun. Við ætlum að spara allar yfirlýsingar og vinna þetta skref af skrefi.“ - kóp

Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is

Gefðu boltann!

1.500 króna sending til þurfandi í Afríku

Reikningsnúmer styrktarsöfnunar
301-13-304799
kt. 521208-0660

Sóley & félagar
soleyogfelagar.is



Ómissandi



## SPURNING DAGSINS



*„Guðni, er veðrið sem sagt ekki upp á marga fiska?“*

„Nei, það er hvorki fugl né fiskur.“

Guðni Guðbergsson er fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun. Í Fréttablaðinu í gær var rætt við hann og sagðist hann hafa áhyggjur af litlu rennsli í ám sem gæti haft áhrif á veiði í sumar. Sennilega stafaði það af litlum snjó í vetur og þurru veðri framan af vori.

Fjármunir vegna sölu á Somerfield verða leystir úr haldi fjárvörsluaðila:

# Skilanefndin semur við Tchenguiz

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Kaupþings og TDT, fjárfestingarfélag breska fjárfestisins Roberts Tchenguiz, hafa náð samkomulagi vegna tveggja dómsmála.

Málin eru tilkomin vegna deilna um 180 milljóna punda hagnað á sölu á verslunarkeðjunni Somerfield og Ventures Limited.

Annars vegar er um að ræða mál Isis Investment Limited gegn Kaupþingi, fjárvörsluaðilum TDT og fleirum, sem rekin hafa verið fyrir dómstólum í Englandi og Wales og hins vegar mál Kaupþings gegn fjárvörsluaðilum TDT og fleirum, sem verið hefur til meðferðar hjá dómstólum á Bresku Jómfrúaeyjunum.



ROBERT TCHENGUIZ

Samkomulagið felur í sér að fjármunir, sem tilkomnir eru vegna sölunnar, verði leystir úr haldi fjárvörsluaðila á Bresku Jómfrúaeyjum og tilheyrandi hluti greiddur til skiptastjóra Oscatello Investment Limited.

Um endanlegt uppgjör er að ræða á milli Kaupþings og fjárvörsluaðila TDT, vegna allra krafna í málinu. Hvorugur aðilinn á lengur kröfu á hinn. Þá falla fjárvörsluaðilarnir frá kröfum í tilteknar eigur.

Jóhannes Rúnar Jóhannesson, í skilanefnd Kaupþings, segir niðurstöðuna viðunandi og hagsmunum Kaupþings sé best borgið með samkomulaginu. Tchenguiz var samkvæmt rannsóknarskýrslu Alþingis einn stærsti skuldari íslenska bankakerfisins. - kóp

Nefnd um rannsóknarskýrslu:

# Ætlar jafnvel að funda í júlí

**ALÞINGI** Þingnefnd, sem bregðast skal við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, ætlar að hafa sig alla við til að skila niðurstöðum á réttum tíma, í september. Þetta segir varaformaður nefndarinnar, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Fundað verði út júnímánuð og svo getur farið að aukafundur verði haldinn 2. júlí. Samkvæmt vef Alþingis hefur nefndin fundað minnst þrjátíu sinnum síðan í janúar. Nefndin fjallar meðal annars um ályktanir skýrslunnar og metur ábyrgð ráðherra. - kóþ

Sérstaklega hættuleg árás:

# Barði í höfuð með skiptilykli

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fertugsaldri fyrir að berja annan mann með skiptilykli.

Maðurinn er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Atvikið átti sér stað að morgni 21. maí 2009, í húsnæði Tor fiskverkunar ehf. að Eyrartröð 13, Hafnarfirði. Sá ákærði réðst á hinn og sló hann með skiptilykli nokkrum sinnum í höfuð og líkama með þeim afleiðingum að fórnarlambið marðist. Fórnarlambið krefst 300 þúsunda í skaðabætur. - jss

Þorvaldur Gylfason:

# Þingmenn áttu að stöðva ólögleg gengislán

**EFNAHAGSMÁL Enginn þeirra 36 þingmanna sem samþykktu lög um vexti og verðtryggingu, brást við þegar bankar og önnur fjármálafyrirtæki hófu að binda lán við gengi erlendra gjaldmiðla, þótt þeim mætti vera ljóst að það væri ólöglegt. Þetta segir Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði, í blaðinu í dag.**

**Þorvaldur rifjar upp að vilji löggjafans hafi verið skýr þegar lögin voru samþykkt 2001.**

**Þrír núverandi alþingismenn voru í hópi þeirra 36 sem samþykktu lögin: Árni Johnsen, Einar K. Guðfinnsson og Pétur Blöndal.** - bs / sjá síðu 18

## HAMFARIR

### Hlaupið í Skaftá í hámarki

Svo virðist sem hlaupið í Skaftá hafi náð hámarki í gær, en í hádeginu náði vatnsmagnið 600 rúmmetrum á sekúndu. Verulega litlar líkur eru taldar á öðru hlaupi. Hlaupið kemur úr vestari katli Skaftárjökuls í Vatnajökli.



FISKABÚRIÐ AFHJÚPAÐ Barnabarnabörn Gísla Halldórssonar arkitekts, sem hannaði Vesturbæjarlaugina, hjálpuðu til. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fiskarnir synda á ný í Vesturbæjarlaug

**Félagsmenn í Mími, vináttufélagi Vesturbæjar, sviptu í gær hulunni af fiskabúri í anddyri Vesturbæjarlaugar. Árið 1985 var tekið niður fiskabúr sem stóð þar lengi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hulunni var svipt af forláta fiskabúri í anddyri Vesturbæjarlaugar í gær. Mímir, vináttufélag Vesturbæjar, stóð fyrir söfnun meðal íbúa Vesturbæjar og í gær varð afraksturinn öllum ljós.

„Þetta er merkur áfangi sem við erum að ná hérna í dag,“ sagði Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður Mímis, við þetta tilefni og bætti við: „Þetta er verkefni sem byggist á skemmtilegu „konsepti“ sem við getum kallað íbúafrumkvæði og byggist á gömlum og góðum gildum. Við erum mjög stolt af því að hafa átt frumkvæði að því að borgararnir hafi áhuga, vilja og getu til þess að hafa áhrif á sitt nærumhverfi.“

Lengi vel stóð fiskabúr í anddyri laugarinnar sem hannað var af Gísla Halldórssyni arkitekt. Það var hins vegar tekið niður árið 1985. Gísli, sem verður 96 ára á árinu, var verndari söfnunarinnar og las Margrét Leifsdóttir, barnabarn hans og einn hönnuða nýja búrsins, upp ávarp frá honum við afhjúpunina. Í því kom fram að gamla fiskabúrið hefði verið sérlega vinsælt hjá unga fólkinu.

Hönnuðir búrsins að þessu sinni eru Bjarki Gunnar Halldórsson arkitekt, Margrét Leifsdóttir og Sigurður Gunnarsson verkfræðingur. Allir sem að verkefninu komu gáfu vinnu sína og nánast allur útlagður kostnaður var vegna efnis. Íþrótta- og tómstundaráð mun taka við rekstri búrsins.

Félagar í Mími eru ekki hættir þótt fiskabúrið sé komið upp, að því er kom fram í gær, fleiri verkefni bíði í Vesturbænum. Þeir hittast einu sinni í mánuði á Mímisbar á Hótel Sögu. Allir áhugamenn um Vesturbæinn eru velkomnir á fundi félagsins. magnusl@frettabladid.is

Framkvæmd var ábótavant:

# Kosið aftur í Reykhólahreppi

**STJÓRNSÝSLA Kosið verður á ný í Reykhólahreppi laugardaginn 24. júlí. Kosningin fer fram í skrifstofum sveitarfélagsins að Reykhólum.**

**Ástæða þessa er að framkvæmdinni var ábótavant þegar kosið var til sveitarstjórna í maí. Auglýsingar um kosningarnar, sem fara áttu á hvert heimili sveitarfélagsins, bárust seint og illa og alls ekki til íbúa Flateyjar. Hafsteinn Guðmundsson, bóndi í Flatey, kærði framkvæmdina til úrskurðarnefndar sem felldi úrskurð honum í vil. Kosið var persónukosningu í sveitarfélaginu. Á kjörskrá voru 208 og greiddu 128 atkvæði.** - kóp



STAÐAN RÆDD Fjármálaráðherra Portúgals ræðir við kollega sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Portúgalar sækja sér dýr lán:

# Eru við dyr neyðarsjóðsins

**VIÐSKIPTI** Bankar í Portúgal sóttu sér 35,8 milljarða evra, jafnvirði rúmra 5.600 milljarða króna, úr sjóðum evrópska seðlabankans í síðasta mánuði. Þetta er tvöfalt meira en í apríl.

Lánin bera tæpa 4,7 prósenta vexti, sem er hundrað punkta hækkun á milli mánaða.

Vaxtakjörin sýna berlega erfitt aðgengi fjármálafyrirtækja í verst stöddu evrulöndunum, að sögn breska viðskiptablaðsins Financial Times í gær. Fari vaxtaálag á portúgölsk skuldabréf í fimm prósent þurfa bankar þar í landi að sækja í neyðarsjóð ESB. - jab






Yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Afganistan látinn taka pokann sinn:

# Obama rekur hershöfðingja

**WASHINGTON, AP** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, rak í gær Stanley McChrystal, yfirmann herafla Bandaríkjanna í Afganistan, úr starfi sínu. Ástæða ákvörðunar Obama voru ummæli sem höfð voru eftir McChrystal í viðtali við tímaritið Rolling Stone þar sem hann gagnrýndi stefnu Obama í málefnum Afganistan.

Obama tilkynnti jafnframt að David Petraeus, yfirmaður herafla Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum, skyldi taka við af honum. Petraeus stýrði áður hernaði Bandaríkjamanna í Írak en hann er vinsæll meðal Bandaríkjamanna enda talinn hafa snúið stríðsrekstrinum í Írak til betri vegar á sínum tíma.

Í viðtalinu sagði McChrystal meðal annars að Obama hefði sett hann í ómögulega stöðu, auk þess að gera grín að Joe Biden varaforseta.

Ósætti á milli forseta og hershöfðingja er afar sjaldgæft í Bandaríkjunum og þarf að fara aftur til ársins 1951 til að finna sambærilegt dæmi en þá rak Harry Truman, þáverandi forseti Bandaríkjanna, Douglas MacArthur úr starfi yfirmanns herafla Bandaríkjamanna í Kóreu.

Í yfirlýsingu sinni sagði Obama að ummæli McChrystals hefðu grafið undan borgaralegu yfirvaldi hersins sem væri eitt af grundvallaratriðum lýðræðiskerfis Bandaríkjanna. - mþl



TILKYNNT UM MANNABREYTINGAR Obama ásamt Petraeus og Robert Gates varnarmálaráðherra.




# TAX FREE!

## Pallaefni

**TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN**

**GILDIR EINNIG AF LERKI, SKJÓLVEGGJUM OG VATNSKLÆÐNINGU!**

Látum verkin tala!

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

**Sjá afgreiðslutíma á www.husa.is**

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 23.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,44 | 128,04 |
| Sterlingspund | 189,99 | 190,91 |
| Evra | 156,39 | 157,27 |
| Dönsk króna | 21,008 | 21,13 |
| Norsk króna | 19,712 | 19,828 |
| Sænsk króna | 16,434 | 16,53 |
| Japanskt jen | 1,4099 | 1,4181 |
| SDR | 187,69 | 188,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

201,9882

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Málamiðlunartillaga um hvalveiðar ekki frekar rædd á ársfundi hvalveiðiráðsins:

# Verður líklega frestað í eitt ár

**MAROKKÓ** „Það er almennur samhljómur hérna um að núna verði gert hlé á þessum tilraunum til að ná málamiðlun," segir Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem nú situr ársfund ráðsins í Agadír í Marokkó.

Líklega verður öllum viðræðum um málamiðlun frestað í heilt ár. Undanfarið ár hefur mikil áhersla verið lögð á að ná samkomulagi á ársfundinum sem nú stendur yfir. Það tókst ekki,að sögn Tómasar vegna innbyrðis ágreinings þeirra ríkja sem eru andvíg hvalveiðum.

Málamiðlunin átti að felast í því að undantekning yrði gerð frá aldarfjórðungs hvalveiðibanni og hvalveiðiríkjunum þremur, Íslandi, Noregi og Japan, veitt heimild til takmarkaðra hvalveiða samkvæmt árlegum kvóta ráðsins.

Ársfundurinn stendur fram á föstudag. Frá Íslandi sitja fundinn, auk Tómasar, þau Ásta Einarsdóttir frá utanríkisráðuneytinu, Gísli Víkingsson frá Hafrannsóknastofnun og Kristján Loftsson frá Hval hf. - gb



**ÁRSFUNDUR ALÞJÓÐAHVALVEIÐIRÁÐSINS** Ekkert samkomulag tókst um aðalefni fundarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Svíar bregðast við árás:

## Hafnbann á ísraelsk skip

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænskir hafnarstarfsmenn hófu í gær vikulangt hafnbann á öll skip og allan farm frá Ísrael. Það er gert til að mótmæla nýlegri árás Ísraela á hjálparskip sem var á leið til Gasa.

Um 1.500 manns taka þátt í verkfallinu, en um 95 prósent alls inn- og útflutnings fara um hafnir landsins. Samband sænskra hafnarverkamanna studdi för hjálparskipsins, en margir Svíar voru um borð í því. Með aðgerðunum vill sambandið krefjast þess að Ísraelar afletti einangrun á Gasa. - þeb



**KLIPPT Á BORÐANN** Ferðamenn geta nú virt Gunnuhver fyrir sér á ný.

Nýir útsýnispallar vígðir:

## Bætt aðgengi að Gunnuhver

**UMHVERFISMÁL** Opnað var fyrir aðgengi ferðamanna að Gunnuhver í landi Grindavíkurbæjar í gær. Síðustu tvö ár hefur svæðið verið lokað.

Fyrir tveimur árum hljóp aukin virkni í hverinn svo hann breiddi úr sér, eyðilagði útsýnispall og tók veginn þar í sundur. Almannavarnir lokuðu því svæðinu.

Nú hefur aðgengi ferðafólks verið bætt og nýir útsýnispallar byggðir auk þess sem aðgengi er fyrir fatlaða á svæðið í fyrsta sinn. - þeb

Íranar ótrauðir í úranauðgun:

## Hafa framleitt 17 kíló af úrani

**ÍRAN, AP Ali Akbar Salehi, varaforseti Írans, greindi frá því í gær að Íranar hefðu framleitt sautján kíló af úrani sem hefur verið auðgað um tuttugu prósent.**

**Úran þarf að vera yfir níutíu prósent auðgað til að hægt sé að nota það í gerð kjarnorkuvopna. Bandaríkjamenn lýstu áhyggjum sínum yfir því að Íranar væru að færast nær möguleikanum á því að framleiða kjarnorkuvopn. Salehi segir Írana nota úranið í læknisfræðilegar rannsóknir.**

**Ekki eru nema tvær vikur síðan öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti harðari aðgerðir gagnvart Írönum vegna auðgunar þeirra á úrani.** - þeb

# Austurríkismaður tekur við Actavis

**Nýr forstjóri hefur tekið við stýrinu hjá Actavis. Stefnt er að því að flytja helstu stjórnendur undir eitt þak á meginlandi Evrópu á næstunni. Breytingarnar munu ekki hafa áhrif á starfsemina í Hafnarfirði, segir Claudio Albrecht.**

**VIÐSKIPTI** „Ég hef unnið náið með stjórnendum Actavis sem ráðgjafi síðastliðna átján mánuði og þekki fyrirtækið vel. Deutsche Bank hafði ekkert með forstjóraskiptin að gera. Hann er kannski helsti kröfuhafi Actavis. En lengra nær það ekki. Einu tengsl mín við bankann eru þau að þar er ég með bankareikning," segir Claudio Albrecht, nýráðinn forstjóri Actavis, sem tók óvænt við í gær af Sigurði Óla Ólafssyni. Þeir tilkynntu starfsfólki Actavis breytingarnar í gær.

Ekki náðist í Sigurð Óla í gær. Eftir því sem næst verður komist átti hann frumkvæðið að forstjóraskiptunum. Hann hyggst flytjast til Bandaríkjanna og óvíst hvað hann ætlar sér þar. Sigurður Óli mun þó ekki ætla að taka við starfi hjá lyfjafyrirtækinu Alvogen, sem síðustu misserin hefur ráðið til sín nokkra fyrrverandi lykilstjórnendur Actavis. Þar á meðal er Svafa Grönfeldt, fyrrverandi forstjóri Actavis. Róbert Wessman, fyrrverandi forstjóri Actavis, er stjórnarformaður Alvogen og á þriðjungshlut í fyrirtækinu. Sigurður mun vinna með Albrecht fram í ágúst.

Breytinga er að vænta frá og með ráðningu Albrechts í forstjórastólinn en stefnt er að því að sameina æðstu stjórnendur fyrirtækisins á einum stað. Þeir eru nú í fimm löndum, þar á meðal hér. Breytingarnar eru ekki langt komnar en talið er að flutningarnir kunni að hafa áhrif á þrjá til átta æðstu stjórnendur Actavis hér. Þessir sömu stjórnendur ferðast mikið allt árið um kring.




**ACTAVIS** Búast má við breytingum í kjölfar forstjóraskipta.

### Hver er Claudio Albrecht?

Claudio Albrecht er þungavigtarmaður í lyfjageiranum. Hann er 51 árs doktor í lögfræði frá Austurríki með tæpa aldarfjórðungsreynslu að baki í lyfjageiranum. Þar af var hann forstjóri þýska lyfjafyrirtækisins Ratiopharm um átta ára skeið og kom því í fremstu röð. Þar hætti Albrecht árið 2008, sama ár og eigandi fyrirtækisins, hin þýska Merckle-fjölskylda, lenti í fjárhagskröggum.

Ratiopharm var sett í söluferli í fyrra og var Actavis lengi meðal væntanlegra kaupenda. Deutsche Bank, helsti kröfuhafi Actavis, stefndi á að sameina Actavis og Ratiopharm og eygði hann meiri líkur en áður á að fá til baka lán upp á fjögur hundruð milljónir evra, jafnvirði um sjö hundruð milljarða króna, sem hann veitti félagi Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Actavis, vegna yfirtöku á félaginu fyrir þremur árum. Ekkert varð úr kaupunum.



**CLAUDIO ALBRECHT**

Albrecht segir fjögur lönd í Evrópu koma til greina, svo sem Holland og Sviss. Sjálfur telur nýráðni forstjórinn Sviss koma sterklega til greina enda hjarta lyfjageirans í Evrópu.

„Flutningarnir munu hvorki hafa áhrif á annað starfsfólk né starfsemina," segir Albrecht og bendir á að hér starfi 650 manns hjá fyrirtækinu. Nú sé verið að stækka verksmiðju Actavis í Hafnarfirði og verði að ráða um fimmtíu manns til viðbótar í haust. Það eru um tífalt fleiri en flytjast utan.

jonab@frettabladid.is

Smygltilraun á Litla-Hrauni:

## Földu lyf og efni í bifreið

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi handtók tvo karlmenn og eina konu síðastliðinn föstudag vegna gruns um tilraun til að smygla lyfjum og öðrum efnum inn í fangelsið á Litla-Hrauni. Aðferðin fólst í því að fela efnin í bifreið sem annar karlmannanna hafði ætlað að láta bóna og þrífa á Litla-Hrauni.**

**Hann fékk svo hinn karlmanninn til að fara með bifreiðina og sækja hana. Sá hafði ekki vitneskju um smyglið. Konan er sambýliskona þess sem stóð fyrir smyglinu og var með honum í för þegar hann var handtekinn.**

**Við yfirheyrslu viðurkenndi maðurinn að hafa staðið einn að þessu. Fangaverðir á Litla-Hrauni fundu efnin í bifreiðinni.** - jss

Ölvunaróhöpp í akstri færri:

## Færri umferðarslys en í fyrra

**LÖGREGLUMÁL** Umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu fækkar að meðaltali um 20 prósent fyrstu fimm mánuði ársins samanborið við sama tíma í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar litið er til allra umferðaróhappa og umferðarslysa þar sem grunur leikur á ölvun ökumanns kemur í ljós að slíkum tilvikum fækkar um 6 prósent milli ára, úr 66 árið 2009 í 62 árið 2010. Á sama tíma fækkar kærum vegna ölvunaraksturs um 9 prósent, úr 385 tilvikum í 349.

Óhöppum sem tengjast fíkniefnaneyslu fjölgar um 21 prósent milli ára, úr 19 tilvikum í fyrra í 23 í ár. - jss

smellugas.is

olís

Smellugas

Skiptu yfir í nýtt og einfaldara kerfi



25% afsláttur af innihaldi

Nýr þrýstijafnari, þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.

PIPAR\TBWA · SÍA

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Svipað veður á landinu í dag og var í gær en næstu daga munu skiptast á skin og skúrir um sunnan- og vestanvert landið og léttir þá til norðan- og austanlands. Hitinn verður áfram með ágætum víðast hvar en fer heldur upp á við norðaustan til næstu daga.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 24° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 35° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 21° |
| París | 27° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins, 16. júní 2010.

# Íslendingar velja **MP banka**

Við erum fyrsti kostur flestra í bankaviðskiptum samkvæmt könnun Capacent

Við erum stolt af niðurstöðum nýrrar könnunar Capacent Gallup sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að bankaviðskiptum.* Við erum staðráðin í að standa undir þessu trausti og halda forskotinu áfram með framúrskarandi þjónustu bæði í útibúum, þjónustuveri og á netinu.

Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki. Þannig á banki að vera.

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttarlán

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

**KJÖRKASSINN**



*Á Ísland að draga umsókn sína að Evrópusambandinu til baka?*

| | |
|---|---|
| Já | 67,7% |
| Nei | 32,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þarf að auka hlut kvenna í umfjöllun RÚV um HM í knattspyrnu?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Átak í tilefni af því að 30 ár eru frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í forsetastól:

# Íslendingar til fyrirmyndar

**FÓLK** Þjóðarátakinu „Til fyrirmyndar“ verður hleypt af stokkunum í dag með opnun heimasíðunnar tilfyrirmyndar.is.

Efnt er til átaksins í tilefni af því að 29. júní verða þrjátíu ár liðin frá því að Íslendingar kusu konu sem forseta í lýðræðislegum kosningum, fyrstir þjóða. Átakið er tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni. Landsmenn eru af þessu tilefni hvattir til þess að íhuga hverjar þeirra fyrirmyndir eru, hvernig þeir sjálfir geta verið til fyrirmyndar og hvað er til fyrirmyndar á Íslandi. Dagana 29. og 30. júní verður bréfsefni með yfirskriftinni „Takk fyrir að vera til fyrirmyndar“ dreift inn á heimili um allt land og fólk hvatt til þess að skrifa persónuleg bréf til þeirra sem það lítur á sem fyrirmyndir. Átakinu er ætlað að sameina íslenska þjóð í því að horfa til þess sem vel er gert.

Hinn 29. júní mun Laura Lizwood, framkvæmdastjóri Council of Women World Leaders, halda fyrirlestur í Öskju í Háskóla Íslands um kjör Vigdísar og þýðingu þess fyrir baráttu kvenna. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12. **- þeb**



**GÓÐ FYRIRMYND** Næstkomandi þriðjudag verða 30 ár liðin frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta.

Reynt að hefta skattaflótta:

# Samið við Mónakó um gögn

**UTANRÍKISMÁL** Norðurlöndin hafa undirritað samning við Mónakó um skipti á upplýsingum vegna skattamála. Samningurinn veitir skattayfirvöldum aðgang að upplýsingum um alla sem reyna að komast hjá því að greiða tekju- og fjármagnstekjuskatt.

Skrifað var undir samninginn í sendiráði Noregs í París í gær, en samkvæmt honum skuldbinda ríkin sig til gagnkvæmrar upplýsingagjafar um eignir sem ekki hafa verið gefnar upp í heimalandinu. **- kóp**




## Hve góður undirbúningur var námið í framhaldsskóla?

Fullyrðingin sem nemendurnir tóku afstöðu til: *Ég tel að nám mitt í framhaldsskóla hafi verið góður undirbúningur fyrir nám mitt í HÍ*

- Mjög/Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Mjög/Frekar ósammála

**Þeir fimm skólar þar sem nemendur voru ánægðastir með undirbúninginn.**




**Þeir fimm skólar þar sem nemendur voru óánægðastir með undirbúninginn.**




# Skólar búa námsfólk misvel undir háskóla

**Mikill munur er á afstöðu nemenda til þess hve vel þeir eru búnir undir háskólanám eftir framhaldsskólum. Nemendur nokkurra skóla telja kennslu í skrifum og ensku ábótavant. Þá kom mikill munur á námi í háskóla á óvart.**

**MENNTUN** Nemendur úr framhaldsskólum telja sig misvel búna undir háskólanám eftir því í hvaða skóla þeir stunduðu nám. Nokkrir skólar skera sig úr og nemendur þeirra virðast betur undirbúnir.

Þetta kemur fram í könnun sem Háskóli Íslands vann í samvinnu við Stúdentaráð. Um nokkra hríð hafa þær raddir heyrst úr háskólanum að nemendur komi afar misvel undirbúnir upp úr framhaldsskólum. Skýrslan rennir stoðum undir þá fullyrðingu.

Mjög mismunandi er eftir skólum hve vel nemendur telja sig undirbúna. Líkt og sést hér fyrir ofan eru 98 prósent nemenda Menntaskólans á Akureyri mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að námið í framhaldsskóla hafi verið góður undirbúningur fyrir Háskóla Íslands. Einungis 38,1 prósent nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum getur tekið undir þá fullyrðingu á sama hátt.

Þá virðast nemendur missáttir við enskukennslu í skólum sínum. Um og yfir 80 prósent nemenda MA, MR og Menntaskólans Hraðbrautar eiga gott með að tileinka sér námsefni á ensku á fyrsta ári í HÍ og rúmt 71 prósent nemenda Versló. Meðaltalið er 64,2 prósent. Helmingur nemenda Keilis á hins vegar erfitt með enskuna.

Hið sama á við þegar kemur að stærðfræði, en 82,9 prósent MR-inga eru mjög eða frekar sammála því að undirbúningur í stærðfræði hafi verið fullnægjandi. Rúmlega 72 prósent MA-inga eru sama sinnis og 76,4 prósent nemenda úr Menntaskólanum Hraðbraut.

Könnunin var netkönnun og alls tók 1.391 nemandi þátt í henni. Konur voru mun fleiri svarendur en karlar, 1.019, eða 73,3 prósent, á móti 372, eða 26,7 prósentum.

Athygli er vakin á því að mismikil svörun var eftir skólum. Úr þeim minnstu svöruðu 9 til 17 nemendur, en vel á annað hundrað nemendur úr stærstu skólunum svöruðu spurningunum.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Varast oftúlkanir

Róbert Haraldsson stóð að rannsókninni ásamt Hreini Pálssyni. Hann varar við því að niðurstöðurnar séu oftúlkaðar; í minni skólum séu oft mjög fá svör að baki tölunum. Hann segir framhaldsskólann almennt koma nokkuð vel út úr rannsókninni.



**RÓBERT HARALDSSON**

„Fyrsta stóra almenna niðurstaðan er að nemendur sem koma upp úr framhaldsskóla telja sig þurfa meiri undirbúning við ritað mál og að ganga frá heimildum. Það var áberandi í skriflegum athugasemdum. Þá er mikill fjöldi, 71 prósent, sem telur að leggja þurfi áherslu á gagnrýna hugsun,“ segir Róbert.

ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



# HAMBORGARAFABRIKKAN ER KOMIN Í HAGKAUP



**GRILLHAMBORGARAR FABRIKKUNNAR**

*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar.*



**GRÍSARIF FABRIKKUNNAR**

*Elduð grísarif í Barbíkjúsósu Fabrikkunnar. Grísarifin eru forelduð og þarf aðeins að hita.*



**HAMBORGARABRAUÐ FABRIKKUNNAR**

*Fabrikkubrauðið er fyrsta ferhyrnda Fabrikkubrauðið í heiminum.*



**KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR**

*Kokteilsósa Fabrikkunnar er engin venjuleg kokteilsósa. Hún er betri.*



**FABRIKKU SÓSAN**

*Fabrikkusósan er hamborgarasósa Fabrikkunnar. Hún hentar vel með öllum mat.*

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ísraelskir landtökumenn í Jerúsalem vilja palestínskar fjölskyldur burt fyrir 4. júlí:

# Hóta að beita fjölskyldur valdi

**JERÚSALEM, AP** Ísraelskir landtökumenn í austurhluta Jerúsalem hafa hótað að bera út fjórar palestínskar fjölskyldur með valdi yfirgefi þær ekki byggingu sem Ísraelar halda fram að sé í eigu gyðinga. Þeir gefa Palestínumönnunum frest til 4. júlí.

Fjölskyldurnar halda til í palestínsku hverfi í nágrenni frægrar byggingar, Beit Yonatan, sjö hæða íbúðarhúsi sem staðið hefur til að rífa. Þar búa nú tíu gyðingafjölskyldur.

Í reglugerð sem gefin var út fyrir tveimur árum segir að rýma eigi og loka Beit Yonatan. Hafa Ísraelsmennirnir sem þar búa nú gefið frá sér yfirlýsingu um að þeir muni ekki fara nema Palestínumennirnir geri slíkt hið sama. .


**JERÚSALEM** Ísraelsmaður og Palestínumaður takast á fyrir utan eitt af umdeildu húsum Jerúsalem.

Borgarstjórn Jerúsalem ákvað svo á mánudag að jafna við jörðu 22 palestínsk heimili í borginni, en þau eru á fyrirhuguðu ferðamannasvæði. Nir Barkat, borgarstjóri Jerúsalem, segir að framkvæmdirnar gefi borginni langþráða andlitslyftingu og þær 22 palestínsku fjölskyldur sem búi í húsunum, megi byggja sér hús annars staðar í hverfinu.

Þó sé ekki komið á hreint hver borga skuli fyrir þær framkvæmdir. **- sv**

# Gengislán gætu orðið efnahagslífinu dýr

**Bankarnir gætu farið á hliðina og átt erfitt með að styðja við efnahagsbatann verði ákveðið að miða útreikninga gengislána við samningsvexti. Seðlabankastjóri segir lánin ekki hafa verið í samræmi við efnahagslegan veruleika.**

**EFNAHAGSMÁL** Verði niðurstaðan sú að miða útreikninga gengislána við samningsvexti í stað hagstæðustu vaxta Seðlabankans eða Reiborvexti, þá mun það koma harkalega niður á efnahagslífinu, að sögn Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.

Már sagði á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í gær, þar sem tilkynnt var um 0,5 prósentustiga vaxtalækkun, að ef ekki væri fyrir óvissuna tengda gengislánunum hefði mátt lækka stýrivexti meira. Þeir eru nú komnir niður í átta prósent. Til samanburðar stóðu stýrivextir í tólf prósentum fyrir ári.

Fram kom á fundinum í gær að efnahagsþróun væri í takt við spá Seðlabankans frá í maí. Við bætist að gengi krónunnar hefur styrkst um fimm prósent frá síðasta fundi, um sex prósent miðað við gengi evru.

Már sagði mikilvægt að verja bankakerfið fyrir áföllum af áhrifum gengislánanna en greindi ekki á milli hvort um bílalán eða íbúðalán væri að ræða. Verði úrskurður Hæstaréttar víðtækari og taki jafnframt til gengistryggðra íbúðalána yrðu afleiðingarnar eftir því alvarlegri.

„Ef þetta leiðir til þess að eiginfjárhlutföll bankanna fara niður fyrir lögbundið lágmark, sem má ekki útiloka, þá verða eigendur – ríkissjóður og kröfuhafar – að koma með nýtt eigið fé til að tryggja starfsemi þeirra," sagði Már og lagði ríka áherslu á að allar þjóðir liðu fyrir það ef bankakerfi þeirra væri illa statt.

„Ég held að fólk hafi ekki áttað sig á þessu. Það er alveg klárt hver muni borga, það eru allir hinir, skattborgararnir," sagði Már. „Það er líka alveg ljóst að þessi lán voru ekki í neinu samræmi við efnahagslegan veruleika. Það er mjög brýnt að þeir sem að málinu koma finni lausn sem veldur því að við förum ekki út af þeirri braut sem við erum á. Annars fer illa fyrir okkur," sagði Már og tók sem dæmi fjármálakreppuna í Japan sem reið þar yfir fyrir rúmum áratug. Hagkerfið hefur enn ekki jafnað sig á þeirri kreppu.

**jonab@frettabladid.is**


**ÁHYGGJUFULLUR BANKASTJÓRI** Skattgreiðendur munu á endanum borga fyrir það ef ríkissjóður þarf að leggja Landsbankanum til aukið eigið fé, segir Már Guðmundsson og telur mikilvægt að miða útreikninga gengislána við annað en samningsvexti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Norrænu lánin kosta 12 milljónir á dag

Samhliða vaxtaákvörðun Seðlabankans greindi Már ítarlega frá tveimur málum: kaupum ríkissjóðs á skuldabréfum í evrum sem eru á gjalddaga á næsta og þarnæsta ári og aðrétti á lánalínur við Norðurlöndin og Pólland.

Skuldabréfakaupin námu samtals 192 milljónum evra, jafnvirði rúmra þrjátíu milljarða króna. Greining Íslandsbanka bendir á að eftir kaupin á ríkissjóður eftir að standa skil á tveimur skuldabréfaflokkum upp á 871 milljón evra á næstu tveimur árum. Fram kom í máli seðlabankastjóra í gær, að skuldabréfin hefðu verið undirverðlögð á markaði og því hafi ríkissjóður hagnast á því að kaupa þau til baka auk þess að spara sér vaxtagjöld. Greining Íslandsbanka segir kaupverð vera beggja vegna 0,97 senta á dollarinn. Seðlabankanum reiknast til að skuldir ríkissjóðs lækki við þetta um fjögur prósent af landsframleiðslu.

Már segir í samtali við Fréttablaðið að reiknað hafi verið með því eftir aðra endurskoðun efnahagsáætlunar AGS og stjórnvalda að draga á lánin frá Norðurlöndunum og Póllandi. Það sé jafnframt hluti af því að afléttа höftunum, sem vænta má eftir þriðju endurskoðun efnahagsáætlunarinnar, þó ekki fyrr en í besta lagi í október. Lánin eru dýr, kosta í kringum tólf milljónir króna á dag.

Jafnréttisstofu hafa borist margar kvartanir vegna umfjöllunar RÚV:

# Konur vanti í HM-umfjöllun

**JAFNRÉTTISMÁL** Fjölmargar kvartanir hafa borist til Jafnréttisstofu vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins um heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Kvartað hefur verið undan því að aðeins karlar sjái um lýsingar og umfjöllun um mótið.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir nöturlegt að á sama tíma og íslenska kvennalandsliðið standi sig frábærlega vel séu þau skilaboð gefin að konur hafi ekki vit á fótbolta. „Það er fullt af konum sem hafa rosalega gaman af fótbolta. Og allar þær stelpur sem eru að standa sig svona vel og hafa verið að gera í gegnum árin. Af hverju eru þær ekki?" segir Kristín.

„Ég vil taka það skýrt fram að þessir karlar gera þetta mjög vel og eru faglegir," segir Kristín en bendir á að á Norðurlöndunum hvarfli ekki annað að ríkisútvörpum en að bæði kyn taki þátt í umfjöllun um knattspyrnu.


**RÍKISÚTVARPIÐ** Jafnréttisstofu hafa borist ábendingar og kvartanir vegna umfjöllunar um heimsmeistaramótið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvörtunum hefur verið komið til Ríkisútvarpsins. Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði í samtali við Fréttablaðið að honum hefði sjálfum þótt fara betur á því að hafa fleiri konur. Að öðru leyti vísaði hann á íþróttastjóra RÚV, Kristínu Hálfdanardóttur. Ekki náðist í hana við vinnslu fréttarinnar. Þorsteinn J. Vilhjálmsson, umsjónarmaður HM-þáttanna, sagðist í gær vilja fá bestu sérfræðingana til þess að tala um leikina. Það komi jafnréttismálum ekkert við. **- þeb**








ÁSKORUN Á ALÞINGI
NÝTT LÁNAKERFI

Hagsmunasamtök heimilanna skora á ráðherra og Alþingi að afgreiða eftirfarandi lagafrumvörp með „Heimilispakkanum" áður en Alþingi fer í sumarfrí:

- Hópmálssókn
- Hámark á verðbætur við 4% frá 1.1.2008 og þak á óverðtryggða vexti
- Umboðsmaður lántaka
- Fullnaðar fyrning veðkrafna takmarkist við 4 ár
- Lyklafrumvarpið
- Greiðsluaðlögun einstaklinga
- Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna einstaklinga með 2 eignir
- Rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna

Stjórnvöld tryggi, með tilmælum ef þarf, að allar fjármálastofnanir endurreikni „áður" gengistryggð lán, án gengistryggingarinnar og með upphaflegum vaxtakjörum.

Stjórnvöld eru beðin um afsökunarbeiðni til handa þeim er orðið hafa fyrir ómældum skaða og þjáningum sem ekki verður bættur með neinum hætti, en hefði mátt koma í veg fyrir að miklu leyti með skjótum viðbrögðum stjórnvalda og almennum skuldaleiðréttingum.

Stjórnvöld sýni frumkvæði, festu og ábyrgð til leiðréttingar verðtryggðra lána heimilanna þar sem augljós forsendubrestur hefur orðið.

UNNIÐ VERÐI AÐ AFNÁMI VERÐTRYGGINGAR ÁRIÐ 2010

Samtökin vilja áframhaldandi samvinnu við stjórnvöld um réttindamál heimila, viðsnúning á skuldavandanum og mótun nýs lánakerfis, allt til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

Taktu þátt í að verja hagsmuni heimilanna og móta lánakerfi til framtíðar og SKRÁÐU ÞIG í Hagsmunasamtök heimilanna.

Hagsmunasamtök Heimilanna
www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is


Opið
11 til 21
Sumarútsala
Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum
Rýmum fyrir nýjum vörum
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**ÚRVINDA** Kínverskar fjölskyldur fengu húsaskjól í grunnskóla eftir að hafa hrakist að heiman vegna gríðarlegra flóða í Jiangxi-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki nægjanlegar sannanir:

## Sýknaður af kynferðisbroti

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness fyrir kynferðisbrot gegn átta ára gamalli frænku sinni.

Stúlkan er systurdóttir mannsins en það var faðir hennar sem kærði. Foreldrar stúlkunnar stóðu í skilnaði á sama tíma.

Manninum var gefið að sök að hafa berað sig fyrir framan stúlkuna og haft í frammi kynferðislega tilburði.

Ekki þóttu nægar sannanir fyrir hendi til þess að sakfella manninn. - jss

**SAMGÖNGUMÁL**

### Truflanir á Dettifossvegi

Vegna framkvæmda við Dettifossveg frá vestri og að Vesturdalsvegi bendir Vegagerðin vegfarendum á að fara Hólsand út næstu viku.

# Uppgjör og endurskoðun

**Þrír stærstu flokkarnir á þingi funda um helgina. Fundir VG og Samfylkingar eru öðrum þræði til að bregðast við sveitarstjórnarkosningum en fundur Sjálfstæðisflokks var ákveðinn til að kjósa varaformann.**

**FRÉTTASKÝRING**

Um hvað snúast fundahöld stjórnmálaflokka um helgina?

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður haldinn um helgina, auk flokksráðsfunda Samfylkingarinnar og Samfylkingarinnar. Á fundunum verður meðal annars rætt um niðurstöður rannsóknarskýrslu Alþingis og niðurstöðu sveitarstjórnarkosninganna, þar sem allir hefðbundir flokkar töpuðu fylgi frá kosningunum fyrir fjórum´arum. Aukalandsfundur sjálfstæðismanna verður langstærsti fundur helgarinnar, þar sem allt að 1.500 manns hafa rétt til að sitja fundinn og kjósa um ályktanir. Á síðasta landsfundi voru um 1.700 fulltrúar.

„Tilefnið er varaformannskjörið en síðan á að vinna málefnastarf og kynna og ganga frá stjórnmálaályktun, það er að segja stefnu flokksins gagnvart þjóðmálunum eins og þau blasa við núna,“ segir Jónmundur Guðmarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Enginn varaformaður hefur verið í flokknum síðan Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði af sér í apríl.

Jónmundur vonast eftir góðum tillögum um hvernig flokkurinn eigi að horfa fram á veginn. Meðal annars búist hann við afgreiðslu á nýrri jafnréttisstefnu flokksins.

Svokallaður viðbragðshópur flokksins á að fara yfir stjórnmálaástandið almennt, meðal annars rannsóknarskýrslu Alþingis. Hugsanlegar breytingar á innra starfi flokksins, sem verða ræddar, taki meðal annars mið af því. Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga eru ekki sérstakur dagskrárliður á fundunum en Jónmundur segir að búast megi við almennri umræðu um þær í stjórnmálaumræðunum.

**Samfylking fundar þriðja sinni**

Þriðji flokkstjórnarfundur Samfylkingarinnar á þessu ári hefst á laugardag klukkan 10 þar sem Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur greinir úrslit sveitarstjórnarkosninga. Samfylkingarfólk er ekki beinlínis sigri hrósandi eftir þær.

Fundurinn er öllum opinn en um 200 manns hafa sérstakan setu- og atkvæðarétt á honum. Um 200 manns mæta allajafna á þessa fundi. Að erindi Ólafs loknu taka við málstofur um stöðu Samfylkingarinnar. Niðurstöður úr þeim verða sendar til framkvæmdastjórnar og umbótanefndar flokksins, nefndarinnar sem á að gera upp þátt Samfylkingar í hruninu.

Rannsóknarskýrsla Alþingis verður rædd í einni málstofunni, en Samfylkingin hélt sérstakan fund um skýrsluna í apríl. Þá verður kynning á starfi umbótanefndar flokksins.

„Ég á von á málefnalegum fundi þar sem verða umræður um stöðu og störf Samfylkingarinnar,“ segir Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri flokksins, spurð hvort hún búist við líflegum umræðum eða jafnvel átökum um helgina.

**Uppgjörsfundur VG**

Flokksráðsfundur VG er kallaður „uppgjörsfundur“ á skrifstofu flokksins. Farið verður yfir stöðuna eftir sveitarstjórnarkosningarnar. Einnig verður rætt um rannsóknarskýrslu Alþingis, en það er í fyrsta skipti sem flokkurinn gerir það sem slíkur. Umræða um skýrsluna hefur einskorðast við umræðu í einstaka félögum.

Farið verður yfir ályktanir sem koma fyrir fundinn og má búast við einhverju fréttnæmu í þeim efnum, miðað við síðasta flokksráðsfund, sem var á Akureyri í janúar. Þá var meðal annars lagt til við fundinn að hætt yrði við samstarf við AGS og umsókn að ESB yrði dregin til baka.

Drífa Snædal, framkvæmdastýra flokksins, segir að málefnin verði sérstaklega tekin fyrir á málefnaþingi í haust, en á fundinum um helgina verði lagðar línurnar fyrir næstu fjögur ár í sveitarstjórnarmálum. VG hafi bætt við sig mörgum nýjum sveitarstjórnarmönnum sem geti þarna hitt eldri kollega sína.

Á fundinum, sem er æðsta vald flokksins milli landsfunda, hafa um eitt hundrað manns atkvæðarétt. Búist er við að um 100 til 120 manns mæti. Ályktanir verða gerðar opinberar að fundi loknum og vísað til þar til bærra flokksstofnana.

klemens@frettabladid.is



**ÞRÍR FLOKKAR FUNDA** Allir flokkarnir ræða að einhverju leyti rannsóknarskýrslu Alþingis um helgina.




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is




# SUMARLEIKUR ATLANTSOLÍU

## EINN HEPPINN Á DAG FÆR FRÍA ÁFYLLINGU



**Á hverjum degi til 3. ágúst í sumar** fær einn dælulykilshafi áfyllinguna endurgreidda.

Sæktu um dælulykil á **www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is



SAGA REGNSINS RANNSÖKUÐ Hellafræðingur að störfum í helli í Bólivíu að ná sér í sýni af dropasteinum sem notuð verða til að rannsaka sögu úrkomu undanfarin 4.000 ár. NORDICPHOTOS/AFP

Tvöfalt fleiri fá vinnu hjá Jafningjafræðslunni nú en á síðustu árum:

# Metfjöldi ungmenna fær vinnu

**ATVINNUMÁL** Aldrei áður hafa jafnmörg ungmenni fengið vinnu við Jafningjafræðslu Hins hússins en alls fengu nítján ungmenni á aldrinum 17 til 21 árs vinnu í sumar. Þessi störf eru gríðarlega eftirsóknarverð hjá ungu fólki en árlega sækja um 400 til 500 ungmenni um störfin.

„Vanalega höfum við eingöngu ráðið inn um tíu manns þannig að þessi stóri hópur er gríðarlega öflug innspýting í allt okkar starf og við bindum miklar vonir við hann,“ segir Jón Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Jafningjafræðslunnar. Hann segir hópinn vera mjög þéttan og góðan enda þurfa ungmennin að komast í gegnum langt og strangt ráðningarferli til að fá vinnu hjá Jafningjafræðslunni.



KÁTUR HÓPUR Þessi ungmenni eru í vinnu hjá Jafningafræðslunni.

Jafningjafræðslan fer um víðan völl í sumar og fræðir ungt fólk um forvarnartengd málefni. Rætt er um sjálfsmynd, vímuefni, kynlíf, klám, átraskanir, tölvufíkn og munntóbak. Áhersla er lögð á að tala um það jákvæða sem fylgir því að sleppa öllu rugli og styrkja fólk til þess að standast hópþrýsting. - jss

Íslenskir friðargæsluliðar:

# Á leið til Kabúl

**UTANRÍKISMÁL Tveir íslenskir friðargæsluliðar, Þorbjörn Jónsson og Guðrún Þorgeirsdóttir, eru að hefja störf hjá fjölþjóðaliðinu (ISAF) í Kabúl í Afganistan. Þorbjörn tekur við af Friðriki Jónssyni sem aðstoðarsviðsstjóri þróunarmála hjá ISAF. Þorbjörn hefur verið ráðinn til hjálparliðs Sameinuðu þjóðanna í Afganistan.**

**Starf Þorbjarnar felst meðal annars í því að fylgjast með þróunarmálum í landinu og upplýsa fjölmiðla og yfirstjórn alþjóðaliðsins um gang mála. Guðrún mun einnig sinna þróunarmálum á vegum fjölþjóðaliðsins.** - sv




ASÍ gagnrýnir hátt matarverð á Íslandi en SVÞ segja samtökin á villigötum:

# Segja innfluttar vörur of dýrar

**NEYTENDUR** Verðlag á innfluttum neysluvörum hélst óbreytt frá áramótum og fram í maí þrátt fyrir gengisstyrkingu krónunnar segir samantekt ASÍ sem gagnrýnir þróunina.

ASÍ bendir á að flestir innfluttir vöruflokkar hafi hækkað um eða yfir 50 prósent hér á landi í kjölfar gengishruns krónunnar. Matur og drykkur hafi hækkað enn meira, eða um 70 prósent. Á sama tíma hafi gengi íslensku krónunnar veikst um ríflega 70 prósent en hún hafi nú styrkst á ný. Þá segir að verðlag á öðrum helstu flokkum innfluttra neysluvara hafi hækkað nokkurn veginn samhliða veikara gengi krónunnar en haldi áfram að hækka þrátt fyrir sterkara gengi.

Matar- og drykkjarvörur hafi þó lækkað um 0,77 prósentustig samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar. „Við hefðum viljað sjá mun meiri lækkun,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Henný segir óeðlilegt að verðlag á vöruflokkum þar sem veltan er mikil og hröð, eins og á innfluttum matvörum, standi nánast í stað þrátt fyrir bætt gengi krónunnar síðasta hálfa árið. „Maður skyldi ætla að merki um bætt gengi í formi meiri verðlækkana ættu að vera komin í ljós. En þetta er vonandi merki um það sem koma skal.“



MATVÖRUR Innfluttar matvörur hafa hækkað mest frá hruni, eða um 70 prósent.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, er ósammála ASÍ og segir samtökin rangtúlka niðurstöður. Andrés segir samkeppnina í landinu og markaðinn vera það tól sem tryggja á að vöruverð lækki. Hann segist fullyrða að verslun í landinu hafi almennt tekið á sig verulega afkomuskerðingu vegna hinnar veiku stöðu krónunnar og það taki tíma að vinna þetta til baka, en þar ráði markaðurinn og samkeppnin för. -sv




Betri þjónusta fyrir Volkswagen

Vaxtalaust 100% þjónustulán

Sigfús hefur 34 ára reynslu af Volkswagen þjónustu. Hann og hinir sérfræðingarnir tryggja að þinn Volkswagen sé klár fyrir ferðalög sumarsins. Þú getur fengið vaxtalaust 100% lán fyrir því sem þarf til að gera með sveigjanlegum greiðslum til allt að tólf mánaða*. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

*Lán geta numið að hámarki 500 þús, að lágmarki 60 þús. Lántökugjald: 3%.

Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

HEKLA

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is



TAKTU FLOTTAR MYNDIR
Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR
FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO
ORMSSON
SAMSUNG
SMX-F30LP
Vídeó upptaka (720 x 480 @60i )
2,7" LCD snertiskjár í Full HD upplausn
34 x Optical Zoom / Notar SD/SDHC kort
Verð: 44.900 kr.
Hágæða videó upptökuvél
SAMSUNG
EC-ES55
10. milljón pixlar
2,5"skjár · 3x Optical Zoom
DIS (Digital Image Stabilization)
Face detection
Verð: 22.900 kr.
SAMSUNG
HMX-U10
Háskerpu videó upptökuvél & ljósmyndavél
Full HD Video upptaka (1920 x 1080 @30p)
2" LCD snerti skjár / 10 milljón pixla ljósmyndun (Full HD)
34 x Optical Zoom
Verð: 39.900 kr.
SAMSUNG
EC-ST500
12.2 milljón pixlar
4,6x optical zoom Scheneider linsa
MEÐ TVEIMUR SKJÁUM
- bæði að framan og aftan.
Verð: 49.900 kr.
Framúrskarandi myndavél
með nýrri tækni
SAMSUNG
EC-ES60
12.2 milljón pixlar
2,5"skjár · 3x Optical Zoom
DIS (Digital Image Stabilization)
Face detection
Verð: 22.900 kr.
OLYMPUS
E-P1
12.3 milljón pixlar
Linsa: ZUIKO DIGITAL ED
14-42mm 1:3.5-5.6
Live View á 3" skjá
Hristivörn í vél
Fullt verð: 155.900 kr.
Tilboðsverð: 144.900 kr.
Minnsta vél í heimi með útskiptanlegri linsu
EISA Best Product 2009-2010
OLYMPUS
FE-4030
Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
4x aðdráttarlinsa
(26-105 mm)
Verð: 27.900 kr.
Til í tveimur litum: Brún og hvít
OLYMPUS
FE-47
Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
5x aðdráttarlinsa
(36-180mm)
Verð: 18.900 kr.
Til í tveimur litum: Svört og silfur
CASIO
EX-Z2
Stafræn myndavél
12.1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(35,5-106,5mm)
Fullt verð: 29.900 kr.
Tilboðsverð: 24.900 kr.
Til í fimm litum: Blá, svört, fjólublá, bleik og silfur
OLYMPUS
FE-5030
Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
5x aðdráttarlinsa
(24-120mm)
Verð: 31.900 kr.
Til í tveimur litum: Blá og bleik
OLYMPUS
T-100
Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðdráttur,
linsa 36-180mm
Verð kr: 19.900,-
Til í fjórum litum: Svört, blá, rauð og silfur
CASIO
EX-Z90
Stafræn myndavél
12,1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa (35-105mm)
Fullt verð: 32.900 kr.
Tilboðsverð: 26.900 kr.
Til í sex litum: Blá, svört, gyllt, ljósbleik, dökkbleik og ljósbleik
OLYMPUS
MJU 5000
Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
5x aðdráttarlinsa
Fullt verð: 43.500 kr.
Tilboðsverð: 39.900 kr.
Til í þremur litum: Svört, blá og magenta
OLYMPUS
FE-26
Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(36-108mm)
Fullt verð: 19.900 kr.
Tilboðsverð: 16.900 kr
Til í þremur litum: Svört, blá og bleik
CASIO
EX-H10
EISA Best Product 2009-2010
TRAVEL COMPACT CAMERA
Casio Exilim EX-H10
Stafræn myndavél
12,1 milljón punkta upplausn
10x aðdráttarlinsa (24-240mm)
Fullt verð: 59.900 kr.
Tilboðsverð: 49.900 kr.
Til í tveimur litum: Svört og silfur
OLYMPUS
MJU TOUGH 3000
Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3,6x aðdraáttur
linsa 28-102mm
Verð: 37.900 kr.
Til í þremur litum: Blá, græn og bleik
OLYMPUS
E-450
Stafræn SLR myndavél
10.0 milljón pixlar
Tvær linsur fylgja:
14-42mm og 40-150mm
Verð: 107.900 kr.
CASIO
EX-G1
Stafræn myndavél
12,1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(38-114mm)
Vatnsheld niður á 3 metra
Verð: 59.900 kr.
MJÖG FLOTTAR
MYNDAVÉLAR
ORMSSON
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*




398 KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20%




479 KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20%



1598 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




259 KR. STK
PRINGLES TVÆR GERÐIR



565 KR.KG
KJÖRFUGL *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG *15% AFSLÁTTUR*




598 KR. 3 PK
GÓU ÞRENNAN

NÚ ER
25%
AFSLÁTTUR
AF SAMLOKUOSTI
1157 KR/KG.
*Merkt verð 1542 kr.kg.*




BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ
*26 SNEIÐAR AÐEINS 15,2 KR SAMLOKAN*




198 KR. STK




398 KR. PK
TÓMATSÓSA 680g
BBQ SÓSA 612g




698 KR.KS
BÓNUS ÍSPINNAR 24 STK

DILETTO LÚXUS KAFFI
400g *MALAÐ EÐA BAUNIR*




298 KR.PK




froosh fruit: bottled 250 ml flaska 298 kr.
LOKSINS **KOMIÐ** AFTUR

*NÝTT Í BÓNUS*
BÓNUS
SÚKKULAÐITERTA 1 KG.



998 KR. STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
SAMA VERÐ UM LAND
1259
KR.KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
998
KR.KG
KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
2698
KR.KG
KS FROSIÐ LAMBA FILLET
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
998
KR.KG
1998
KR.KG
GRILL MIÐ-LAMBALÆRISSNEIÐAR 1 .FL.
1598
KR.KG
GRILL BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
120 GRÖMM
1359
KR. 10 STK.
KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 STK.
139
KR.PK
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ
111
KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK
598
KR. KG
BÓNUS PYLSUR
25% afsláttur
1259
KR. KG
DANSKAR DANISH-CROWN GRÍSALUNDIR
FRYSTIVARA
259
KR. STK
MYLLU MÖNDLUKAKA 420g
498
KR. STK
PIK-NIK KARTÖFLUSTRÁ
74
KR. 500 ML
98
KR. 500 ML
179
KR. 2 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# FRÉTTASKÝRING: Nýskipuð hverfisráð hinna tíu hverfa Reykjavíkurborgar

### Vesturbær

**Gamli Vesturbærinn, Bráðræðisholt, Grandar, Hagar, Melar, Skjól, Grímstaðaholt, Skildinganes og Litli-Skerjafjörður.**



Íbúar hverfisins eru **15.703** á **6.614** heimilum.

Formaður: **Gísli Marteinn Baldursson**
Heimili: Melhagi, 107 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Hjördís G. Thors, Sverrir Bollason, Sólveig Hauksdóttir, Hildur Sverrisdóttir

### Miðborg

**Kvos, Grjótaþorp, Skólavörðuholt, Þingholt, Skuggahverfi og Vatnsmýri.**



Íbúar hverfisins eru **8.618** á **4.530** heimilum.

Formaður: **Óttarr Ólafur Proppé**
Heimili: Lindargata, 101 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Daði Ingólfsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir, Árni Helgason

### Laugardalur

**Tún, Teigar, Lækir, Laugarnes, Sund, Heimar, Langholt, Vogar, Skeifan og Fen.**



Íbúar hverfisins eru **15.239** á **6.530** heimilum.

Formaður: **Inga María Leifsdóttir**
Heimili: Sigtún, 105 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Heiðar Ingi Svansson, Jórunn Frímannsdóttir, Leifur Björnsson Halldór Gunnarsson

### Grafarvogur

**Hamrar, Foldir, Hús, Rimar, Borgir, Víkur, Engi, Spöng, Staðir, Höfðar, Bryggjuhverfi, Geirsnef, Gufunes og Geldinganes.**



Íbúar hverfisins eru **18.030** á **6.216** heimilum

Formaður: **(óháð)** **Ingibjörg E. Guðmundsdóttir**,
Heimili: Bakkastöðum, 112 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Einar Örn Benediktsson, Guðbrandur Guðbrandsson, Jón Karl Ólafsson, Ingibjörg Óðinsdóttir

### Kjalarnes

**Kjalarnes og Álfsnes.**



Íbúar á Kjalarnesi eru **834** á **204** heimilum.

Formaður: **Marta Guðjónsdóttir**
Heimili: Bauganes, 101 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Ágúst Már Garðarsson, Eldey Huld Jónsdóttir, Hanna Lára Steinsson, Hólmar Þór Stefánsson

### Hlíðar

**Norðurmýri, Hlíðar, Hlemmur, Holt, Suðurhlíðar, Öskjuhlíð og Nauthólsvík.**



Íbúar hverfisins eru **9.612** á **4.189** heimilum

Formaður: **Hilmar Sigurðsson**
Heimili: Skaftahlíð, 105 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Sigurður Eggertsson, Linda Ósk Sigurðardóttir, Geir Sveinsson, Pawel Bartoszek

### Háaleitis- og Bústaðahverfi

**Háaleiti, Múlar, Kringlan, Bústaðir, Fossvogur, Smáíbúðahverfi og Blesugróf.**



Íbúafjöldi hverfisins er **13.755** á **5.772** heimilum.

Formaður: **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
Heimili: Bjarmaland, 108 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Gunnar Ingi Gunnarsson, Kristín Erna Arnardóttir, Hörður Oddfríðarson, Rúna Malmquist




## Hlutverk ráðanna

Hverfisráð eiga að stuðla að hvers konar samstarfi innan sinna hverfa og eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda. Hvert ráð er ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustu í hverfunum og er aðsetur þeirra í þjónustumiðstöðvum.

Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsröðun framkvæmda í hverfinu og eiga að beita sér fyrir því að hafa samráð við íbúa. Fundir opnir almenningi skulu vera haldnir einu sinni á ári í það minnsta en allir fundir ráðanna eru að jafnaði opnir fulltrúum íbúasamtaka. Í hverju ráði sitja fimm fulltrúar og fimm varafulltrúar sem kosnir eru af borgarstjórn og er aðsetur þeirra í þjónustumiðstöðvum hverfanna.

## Efla skuli ráðin og auka samhæfingu

„Það á að efla hverfisráðin og samhæfa vinnubrögð til þess að hverfin verði öflugri vettvangur bæði fyrir íbúa og stofnanir borgarinnar. Einnig til að styrkja hverfin sem þjónustueiningar," segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.

Varðandi búsetu formanna utan þeirra hverfa sem þeir halda formennsku í, segir Dagur að engar beinar reglur séu til um það.

„Ég var um tíma formaður hverfisráðs í hverfi þar sem ég bjó ekki, en hafði þangað sterk tengsl og það reyndist vel. Veldur hver á heldur. Það sem skiptir mestu máli er að í ráðunum verði raunverulegur vettvangur fyrir hverfin og það eru verkefni þessa fólks."



DAGUR B. EGGERTSSON

### Breiðholt

**Hólar, Fell, Berg, Sel, Skógar, Bakkar, Stekkir og Mjódd.**



Íbúar hverfisins eru **20.646** á **7.678** heimilum.

Formaður: **Lárus Rögnvaldur Haraldsson**
Heimili: Trönuhólar, 111 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Elsa Hrafnhildur Yeoman, Falasteen Abu Libdeh, Sveinn Hlífar Skúlason, Jarþrúður Ásmundsdóttir

### Árbær

**Selás, Árbær, Ártúnsholt, Bæjarháls, Norðlingaholt.**



Íbúar hverfisins eru **10.192** á **3.750** heimilum.

Formaður: **Þorleifur Gunnlaugsson**
Heimili: Hagamelur, 107 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Þorbjörn Sigurbjörnsson, Gunnar Kristinsson, Marsibil Jóna Sæmundardóttir, Björn Gíslason

### Grafarholt og Úlfarsárdalur

**Grafarholt og Úlfarsárdalur.**



Íbúar hverfisins eru **5.416** á **2.281** heimili.

Formaður: **Margrét K. Sverrisdóttir**
Heimili: Urðarbrunnur, 113 Reykjavík

Aðrir í hverfisráði:
Olga Olgeirsdóttir, Inga K. Gunnarsdóttir, Óskar Örn Guðbrandsson, Óttarr Örn Guðlaugsson

Hverfisráð borgarinnar sinna málum með íbúum:

# Samfylking og Sjálfstæðisflokkur eiga flesta formenn

Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa hver um sig þrjá fulltrúa sem formenn í nýkjörnum hverfisráðum. Besti flokkurinn hefur tvo formenn og Vinstri grænir einn. Grafarvogur er eina hverfið sem hefur óháðan formann, Ingibjörgu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Formenn tveggja hverfisráða eru ekki búsettir innan þeirra hverfa sem þeir halda formennsku í. Eru það Marta Guðjónsdóttir, formaður hverfisráðs Kjalarness (116), en hún er búsett í Bauganesi (101) og Þorleifur Gunnlaugsson, formaður hverfisráðs Árbæjar (110), hann býr á Hagamel (107).

Hefðin er að formenn ráðanna eigi heima í því hverfi sem þeir standa fyrir, en þó er það ekki nauðsynlegt.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**REYKJAVÍK** Var skipt upp í hverfi sem í starfa hverfisráð í september 2006.

Reykjavík var skipt upp í tíu hverfi í september 2006 og í þeim eru starfandi hverfisráð með fimm fulltrúum. Hinn 15. júní síðastliðinn voru nýir formenn kjörnir í ráðin í umboði borgarstjórnar og eru kjörtímabil ráðanna jafnlöng, eða fjögur ár. Skipað var í ráðin.

sunna@frettabladid.is


FASTUS




Betra kaffi!

Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur að hella upp á 2,2 lítra af kaffi.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | S: 580 3900 | www.fastus.is

# JÓNSMESSUFAGNAÐUR Á KORPUTORGI Í DAG

Opið til kl. 21.00 og pylsur í boði hússins frá kl. 18.30.
Frábær sumartilboð í öllum verslunum.

**MERKJA OUTLET**
25% afsláttur af öllum stuttermabolum og stuttbuxum

**TOYS"R"US**
Hjól með 30% afslætti



50% afsláttur

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**Dakar harðviðarborð**
Stórt og gott borð með stækkunarplötu. Lítilsháttar litagalli er í borðinu. Stærð: L180/230 x B100 cm. **Verð áður: 29.990**
**Verð nú: 14.990**

**HØIE GREENFIRST trefjakoddi**
Verð áður: 4.995
Verð nú:
**2.495**
50% afsláttur

**HØIE ALLERGO ofnæmisprófaður trefjakoddi**
Verð áður: 7.995
Verð nú:
**3.995**
50% afsláttur

**KRONBORG LUX fiðurkoddi**
Verð áður: 2.995
Verð nú:
**1.495**
50% afsláttur



**the PIER**
20% afsláttur af öllum mósaík borðum og stólum

**BÓNUS**
Opið til kl 18.30



Sparið 10.000

**STEPHAN hægindastóll**
Fæst í svörtu PU efni og sandlituðu míkrófíberefni.
Verð áður: 39.950
**Verð nú: 29.950**

**Office1**



**35% afsláttur**
af púslum og spilum

**KRAKKAHÖLLIN** 2-12 ára
50% afsláttur og appelsín

**Europris**



Grillkol 2 kg
Verð: 299



Garðsett Marbella 4 hlutir
Verð áður: 95.990
**Verð nú: 79.990**



Kúlugrill
Verð: 3.990



Gulrótarkaka
og kaffi eða djús
Verð 249

Súkkulaðikaka
og kaffi eða djús
Verð 150

**35% afsláttur**
af öllum garðhúsgögnum – og við meinum öllum garðhúsgögnum

**ILVA**

# KORPUTORG

**OPIÐ TIL 21.00 Í KVÖLD**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nær Sjálfstæðisflokkurinn vopnum sínum á landsfundi?

## Hrunið og Evrópa

Flokksstofnanir þriggja stærstu stjórnmálaflokka þjóðarinnar funda um komandi helgi. Þetta eru fyrstu fundirnir af því tagi, sem haldnir eru eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kom út og eftir að haldnar voru sveitarstjórnarkosningar, þar sem allir fjórir hefðbundnu flokkarnir fengu skell. Þetta eru tengd mál; slök útkoma gömlu flokkanna í kosningunum skrifast meðal annars á þá útreið sem hið pólitíska kerfi fékk í rannsóknarskýrslunni.

Meiri athygli beinist að landsfundi Sjálfstæðisflokksins en fundum hinna flokkanna, enda er landsfundur æðsta vald í málum flokksins. Eftir því verður tekið, hvernig fundurinn fjallar um rannsóknarskýrsluna og niðurstöður hennar, sem hafa reynzt honum þungar í skauti. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, hefur talað hraustlega um að flokkurinn verði að taka mark á niðurstöðunum. Minna hefur borið á raunverulegri vinnu, sem miðar að sama markmiði.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Á síðasta landsfundi, í ársbyrjun 2009, lá fyrir býsna beinskeytt skýrsla svokallaðrar endurreisnarnefndar sem starfaði undir forystu Vilhjálms Egilssonar, með þátttöku margra úr grasrót Sjálfstæðisflokksins. Þar var forysta flokksins meðal annars gagnrýnd harðlega. Fyrrverandi formaður flokksins, Davíð Oddsson, jarðaði þá skýrslu í ræðu á landsfundinum og ekki hefur orðið vart við að ný flokksforysta hafi reynt að grafa hana upp aftur. Þó blasir við að Sjálfstæðisflokkurinn verður að gera upp árin fyrir hrun, vilji hann á ný höfða til breiðs hóps.

Búast má við að á landsfundinum verði lögð fram tillaga um að Ísland dragi til baka umsókn sína um aðild að Evrópusambandinu, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins hefur andstaða við ESB-aðild farið hlutfallslega vaxandi, bæði í takt við þróun almenningsálitsins í landinu og vegna þess að einhverjir af Evrópusinnaðri stuðningsmönnum hans hafa snúið við honum bakinu. Með því að loka á aðildarviðræður við ESB myndi Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar gera þrennt. Hann myndi spilla fyrir möguleikum sínum á að ná aftur til þeirra, sem í síðustu þingkosningum kusu aðra flokka vegna Evrópumálanna. Hann myndi takmarka möguleika sína á árangursríkri stjórnarþátttöku við samstarf með Vinstri grænum. Og hann myndi hrekja á brott enn fleiri stuðningsmenn, ekki sízt úr atvinnulífinu, sem telja afar brýnt að niðurstaða fáist í aðildarviðræðum við ESB, sem þjóðin geti síðan greitt atkvæði um.

Evrópumálin eru þau eðlis að þau kljúfa iðulega flokka, bæði hér á landi og erlendis. Hugsanlega geta íslenzku flokkarnir eitthvað lært af norska Verkamannaflokknum, sem fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um EB-aðild 1972 keyrði harða EB-aðildarlínu og útmálaði andstæðinga aðildar sem svikara. Afleiðingin varð sú að margir EB-andstæðingar fóru úr flokknum og hann klofnaði í raun. Fyrir atkvæðagreiðsluna um ESB-aðild 1994 beitti flokksforystan annarri nálgun; hélt því opnu að tvær skoðanir væru innan flokksins, viðurkenndi báðar og gerði flokkinn ekki að vígvelli stuðningsmanna og andstæðinga ESB-aðildar heldur leyfði þeim átökum að fara fram á öðrum vettvangi, þannig að flokksmenn gætu einbeitt sér að því sem þeir voru sammála um.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Breyttar forsendur

Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur ráðið Sigrúnu Stefánsdóttur, dagskrárstjóra útvarps, í starf dagskrárstjóra sjónvarps RÚV. Forveri Sigrúnar, Erna Kettler, sagði starfinu lausu vegna veikinda en Páll segir að hún verði aðstoðarmaður Sigrúnar. Enginn hefur gegnt því starfi á undanförnum árum en Páll gengur út frá því að stöðugildið hljóti að hafa verið til á einhverjum tímapunkti.
Ef það er ekki verið að sameina stöður dagskrárstjóra útvarps og sjónvarps er ljóst að það er verið að fjölga stöðugildum hjá RÚV. Það væri ánægjuefni, því ekki er nema hálfur mánuður síðan útvarpsstjóri lýsti því í bréfi til ráðherra að segja þyrfti upp þrjátíu til fjörutíu manns ef niðurskurðarhugmyndir stjórnvalda á rekstri RÚV næðu fram að ganga.



### Kaldar kveðjur

Vefþjóðviljinn fjallar um ákvörðun Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að þiggja boð um að setjast í stól forseta borgarstjórnar.



Greinarhöfundur er ekki hrifinn og heimfærir dæmið á Alþingi. „Ef embætti þingforseta kæmi í hlut Sjálfstæðisflokksins nú, þá yrði fyrir valinu einhver reyndur þingmaður sem mætti missa úr eldlínunni.“ Að sama skapi væri Hanna Birna alltof dýrmætur forystumaður til að vera forseti borgarstjórnar.

Stefán Pálsson sagnfræðingur barnar færsluna á bloggi sínu og nefnir nafnið sem Vefþjóðviljinn gerir ekki: „Auðvitað hefði hún getað svarað: Þetta er rausnarlega boðið – þið fáið Júlíus Vífil!“

**bergsteinn@frettabladid.is**

HALLDÓR




## Hvers vegna aðild að ESB nú?

Evrópumál



Árni Páll Árnason
félags- og tryggingamálaráðherra

Ákvörðun leiðtogafundar ESB um að hefja aðildarviðræður við Ísland er fagnaðarefni. Margir spyrja: Hvers vegna á að hefja aðildarviðræður nú? Eru ekki önnur mál brýnni? Svarið er einfalt. Við erum að súpa seyðið af vondum stjórnarháttum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árum saman. Stjórnvöld höguðu málum svo að frelsi í fjármagnsflutningum var unnt að misnota af skammsýnum bankamönnum. Vildarvinum voru afhentir bankar og þess gætt að eftirlit uppfyllti einungis lágmarkskröfur. Markmiðið var sem fyrr að hlaða undir hina fáu á kostnað hinna mörgu.

Ef Ísland hefði verið í ESB hefði verið erfiðara að skrifa og leika þetta ömurlega leikrit. Aðhald nágrannaríkja hefði fyrr krafið íslensk stjórnvöld reikningsskila. Aðild að stærra gjaldmiðilssvæði hefði tryggt stöðugri efnahag og þvingað óábyrgar ríkisstjórnir til að halda aftur af innistæðulausum skattalækkunum sem hafa valdið okkur öllum tjóni. Lægra vaxtastig samfara aðild hefði auðveldað hátæknifyrirtækjum atvinnurekstur og uppbyggingu starfa hér á landi.

Við höfum náð miklum árangri í hreinsunarstarfi eftir vitleysishagstjórnartímann. Við erum að ná tökum á ríkisútgjöldum með aðhaldsaðgerðum og aukum um leið tekjuöflun til að standa undir nauðsynlegri velferðarþjónustu. Árangurinn mun koma hratt í ljós, með hagvexti strax á næsta ári. Ef við höldum sjó bendir flest til að þá verði Ísland í betri stöðu en flest önnur ríki í okkar heimshluta. En sá árangur verður skammvinnur ef við leggjum ekki grunn að stöðugra efnahagsumhverfi til lengri tíma með lágum vöxtum og traustum lífskjörum.

Við vitum af reynslunni til hvers krónan leiðir. Við þurfum ekki aftur að upplifa að skuldir okkar tvöfaldist vegna gengishruns. Við þurfum ekki að láta börnin okkar upplifa að missa tök á fjármálum sínum vegna óðaverðbólgu – rétt eins og kynslóðirnar á undan. Við þurfum ekki aftur að upplifa nærri 20% stýrivexti árum saman, sem þvinguðu fólk til áhættusamrar lántöku í erlendum gjaldmiðli. Við þurfum ekki aftur að upplifa að sjá vaxtabrodda atvinnulífsins flytja stóran hluta starfsemi sinnar úr landi til að lifa af.

Þess vegna þurfum við traustan grunn. Aðild að ESB er eina leiðin til að snúa baki við stöðugum óstöðugleika íslensku krónunnar og kveðja svartnætti okurvaxta og verðtryggingar. Þess vegna má aðildarumsóknin ekki bíða.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ekki steinn yfir steini

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Lög nr. 38 um vexti og verðtryggingu voru samþykkt á Alþingi 19. maí 2001 með atkvæðum 36 þingmanna, 19 sátu hjá, 8 voru fjarverandi. Lögin eru skýr. Í greinargerð með frumvarpinu stendur: „Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um gildissvið kafla um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í 1. mgr. er lagt til að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður. … Samkvæmt 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Er talið rétt að taka af allan vafa þar að lútandi.“ Vilji löggjafans gat varla skýrari verið.

### Hvað voru þau að hugsa?

Meðal þeirra, sem tryggðu framgang málsins á Alþingi með atkvæði sínu, voru Davíð Oddsson forsætisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra. Hinir þingmennirnir 32, sem samþykktu gengisbindingarbannið á Alþingi, voru Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni R. Árnason, Árni Johnsen, Ásta Möller, Björn Bjarnason, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Guðmundsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðni Ágústsson, Gunnar Birgisson, Halldór Blöndal, Hjálmar Árnason, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Magnússon, Páll Pétursson, Pétur H. Blöndal, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir, Sturla Böðvarsson, Sverrir Hermannsson, Tómas Ingi Olrich, Vilhjálmur Egilsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Enginn þessara 36 þingmanna brást við, þegar bankarnir og önnur fjármálafyrirtæki hófu nokkru síðar að binda lán í stórum stíl við gengi erlendra gjaldmiðla í blóra við lögin. Enginn þarf lengur að velkjast í vafa um ásetning bankanna og annarra fjármálafyrirtækja. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþings lýsir því, hvernig þau prönguðu gengisbundnum lánum við lágum vöxtum inn á viðskiptavini sína vitandi vits um, að gengi krónunnar hlaut að falla og viðskiptavinirnir mundu þá sitja eftir með sárt ennið. Bankarnir veðjuðu sjálfir á, að krónan myndi falla, enda var hún allt of hátt skráð fram að hruni, þótt þeir héldu öðru fram við grunlausa viðskiptavini. Varan var svikin. Vörusvik varða við lög auk þess sem sjálf gengisbindingin var ólögleg.

Samt hreyfði enginn þingmannanna 36 andmælum gegn gengisbindingu lánasamninga í tugþúsundatali. Hvað voru þau að hugsa? Hvar var nefndin, sem samdi frumvarpið og greinargerðina með því? Hver hélt á pennanum? Hvers vegna gaf hann sig ekki fram eða hún? Hvar var Seðlabankinn með heila lögfræðideild á sínum snærum? Hvar var Fjármálaeftirlitið? Og hvar voru ráðherrarnir fjórir, sem höfðu forustu um að banna gengisbundnar lánveitingar með lögum og lyftu síðan ekki litla fingri til að stöðva lögbrotin? (Einn þeirra var einmitt í Seðlabankanum.) Hvað ætli Dönum finnist um Ísland? Hvað finnst þér?

> Hvað voru þau að hugsa? Hvar var nefndin, sem samdi frumvarpið og greinargerðina með því? Hver hélt á pennanum? Hvers vegna gaf hann sig ekki fram eða hún?

### Endurskoðun sjálftekinna eftirlauna

Eigum við virkilega að halda áfram að greiða þessu fólki margföld sjálftekin eftirlaun þrátt fyrir svo grófa vanrækslu í starfi? Alþingi hefur nú einstakt tækifæri til að sýna hug sinn í verki með því að samþykkja þingsályktunartillögu Þráins Bertelssonar. Hún hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis eða ríkisstjórninni að samið verði að pólskri fyrirmynd frumvarp að lögum um endurskoðun eftirlauna og skyldra hlunninda þeirra manna sem rannsóknarnefnd Alþingis telur hafa „sýnt vanrækslu“ í aðdraganda bankahrunsins, og annarra eftir atvikum.“ Tillagan hefur legið í salti á Alþingi síðan 14. maí og liggur þar enn. Enginn þingmaður hefur sýnt henni snefil af áhuga nema flutningsmaðurinn, sem stendur einn að tillögunni. Fólkið í landinu ætti að brýna þingmenn til að fylkja sér um tillögu Þráins. Látum þau finna til tevatnsins.

Uppgjör hrunsins þarf að hvíla á tveim stoðum. Armur laganna þarf að ná til margra bankamanna og annarra. Dómur Hæstaréttar í gengisbindingarmálinu bendir til, að stjórnmálastéttin og bankarnir geti ekki lengur reitt sig á þægilega dóma, þegar mikið liggur við, líkt og gerðist til dæmis í Vatneyrardómi Hæstaréttar í kvótamálinu 2001. Rétturinn sneri þá við blaðinu og beygði sig undir vilja ríkisstjórnarinnar. Nú hefur Hæstiréttur ríkari ástæðu til að óttast reiði almennings en vesælt andvarp máttlausrar ríkisstjórnar. Meira þarf til en dóma yfir lögbrjótum. Löggjafinn hefur í hendi sér að taka á þeim, sem hafa brotið af sér, þótt vanræksla þeirra varði ekki endilega við lög. Endurskoðun sjálftekinna eftirlauna og skyldra hlunninda stjórnmálamanna og embættismanna, sem hafa gert sig seka um grófa vanrækslu í starfi, er fær leið að því marki eins og ný lög í Póllandi vitna um. Þingsályktunartillaga Þráins Bertelssonar miðar að slíkri endurskoðun.


# Sumarskóli TBR

Sumarskóli TBR hefur verið starfræktur í yfir 20 sumur. Þetta er alhliða íþróttaskóli og eru fjölmargar íþróttagreinar á dagskrá. Badmintoníþróttin skipar þó veglegan sess, enda er hún aðalíþrótt TBR. Við starfrækjum íþróttaskóla fyrir 6-13 ára börn í sumar. Skipt er í hópa eftir aldri.



Á námskeiðinu er stefnt að því að kynna nemendum helstu grunnatriði badmintoníþróttarinnar.Kennslan fer bæði fram á leikjaformi og í formi tækniæfinga og skiptist erfiðleikastig þeirra eftir aldri og getustigi þátttakenda. Einnig kynnast nemendur helstu leikreglum.

Námskeiðið er fjölbreytt, spennandi og skemmtilegt og við nýtum okkar frábæru staðsetningu í Laugardalnum, auk þess að fara í stuttar ferðir með strætó út fyrir dalinn. Á hverju námskeiði er m.a. farið í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn, í sund í Laugardalnum, ratleik í Elliðaárdalnum, Nauthólsvík heimsótt o.s.frv. Hverju námskeiði lýkur með hátíðardagskrá með ýmsum skemmtilegum viðburðum.

Boðið verður upp á bæði heils- og hálfsdagsvistun, frá 9-13 og 9-16. Möguleiki er á gæslu frá 8-9 og frá 16-17. Boðið er upp á léttan hádegisverð fyrir börn sem eru í heilsdagsvistun.
Þjálfarar eru m.a. Skúli Sigurðsson íþróttakennari, Broddi Kristjánsson íþróttakennari, Árni Þór Hallgrímsson badmintonþjálfari, Ragna Ingólfsdóttir leiðbeinandi o.fl.

| | | |
|---|---|---|
| Námskeið 2 | 28. júní - 9. júlí | Verð er kr. 9.000 fyrir námskeið kl. 9-13 |
| Námskeið 3 | 3. ágúst - 16. ágúst | og kr. 17.000 fyrir námskeið kl. 9-16. |

***Upplýsingar og innritun í síma 581-2266.***

Öll börn í Sumarskólanum fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku og verðlaunapening eins og stefna ÍSÍ í þjálfun barna og unglinga segir til um.

**TENNIS- OG BADMINTONFÉLAG REYKJAVÍKUR**
**Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík, Sími: 581-2266 tbr@tbr.is www.tbr.is**

# Skilaboð kjósenda

## Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar í Félagsheimili Seltjarnarness, laugardaginn 26. júní

kl. 10.00 **Setning**
Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar
kl. 10.10 **Kosningaúrslitin, hvað má lesa úr þeim? Hver eru skilaboð kjósenda?**
Dr. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor við Háskóla Íslands
kl. 10.50 Málstofur um stöðu Samfylkingarinnar
**Samfylkingin í sveitarstjórnum**
Umsjón: Ragnheiður Hergeirsdóttir og Gunnar Svavarsson
**Samfylkingin í ríkisstjórn**
Umsjón: Friðjón Einarsson og Helena Þ. Karlsdóttir
**Innra starf Samfylkingarinnar**
Umsjón: Guðrún Helgadóttir og Kjartan Valgarðsson
**Hrunið og rannsóknarskýrsla – viðbrögð og aðgerðir**
Umsjón: Stefán Benediktsson og Rannveig Guðmundsdóttir
kl. 12.30 **Matarhlé**
kl. 13.15 **Verkefni Samfylkingarinnar á nýjum tímum**
Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar
kl. 13.40 **Kynning á vinnuferli umbótanefndar Samfylkingarinnar**
Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst
kl. 13.50 **Kaffihlé**
kl. 14.00 **Almennar umræður og afgreiðsla tillagna**
kl. 16.15 **Næstu skref**
Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar
kl. 16.30 **Önnur mál**
Fundarstjórn: Margrét S. Björnsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar
Margrét Lind Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi



**Allir Samfylkingarfélagar velkomnir**
**Samfagnaður að fundi loknum**
www.xs.is




Gelert

Tryfan classic 300DL
svefnpoki
**4.999kr**




# Gelert ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA



NEW
6 person

Gelert

CADIZ
6 manna tjald
**39.999kr**





QUICKPITCH SS

2 person · LiteWEIGHT · UPGRADE · NEW

Gelert

QUICK PITCH
2 manna tjald
**9.999kr**

4 person · NEW

Gelert

TORNADO
4 manna tjald
**19.999kr**

Grand ferðagasgrill
**9.999kr**
SPARIÐ 3.000.-



Grand Gasgrill
**19.999kr**
SPARIÐ 10.000.-



Fótpumpa
**1.499kr**



Vasaljós
**799kr**



Tjaldlukt
**1.999kr**



Útilegu brauðrist
**999kr**



Vatnskútur 8 ltr.
**999kr**



Vindsæng
**3.499kr**



Drykkjarflaska
**999kr**



Tjaldlukt
**2.499kr**



24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 27. júní á meðan birgðir endast.



r™

t er sænskt
neð áralanga
n og framleiðslu
starfatnaði.
á háþróuð efni,
enskt veðurfar.
ð og þægileg snið.

Vatnshelt

# TILVALIÐ Í FERÐALAGIÐ

mikið úrval af snakki!





TILBOÐ
FANTA ECOTIC 0.5 LTR.
99 kr/stk.

Fabrikkuborgarinn fæst nú í Hagkaup!



ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010



TILBOÐ
ÖMMUBAKSTUR FLATKÖKUR
119 kr/pk.



NÝTT
Ekta gráðostasósa!

ómissandi með vængjunum!



TILBOÐ
KJÚKLINGA VÆNGIR 2 TEG.
399 kr/pk.

# weather report™ ÓDÝR ÚTIVISTARFATNAÐUR



weather report
Flíspeysa
st. 36-48
vnr. 787138
3.999 kr



weather report
Regnjakki
blár eða bleikur
st. 120-160
vnr. 796343
4.999 kr

weather report
Regnbuxur
st. 120-170
vnr. 774997
3.999 kr



weather report
Dömu & herra
Öndunarjakki
st. 36-48, S-3XL
5.999 kr

weather report
Dömu & herra
Öndunarbuxur
st. 36-48, S-3XL
4.999 kr



Thermal sokkar
ull & mohair
999 kr



Gönguskór
st. 36-47
vnr. 607451
14.999 kr



Tjaldlukt
1.999 kr



Drykkjarbakpoki 1.5ltr
5.999 kr



Gönguskór
st. 36-46
vnr. 788945
12.999 kr



Waterland
Gúmmískór
st. 20-35
vnr. 787457
2.299 kr



waterland
Gúmmístígvél
st. 36-46
vnr. 787461
4.999 kr



Vindhlíf
6.999 kr



Göngustafir
4.999 kr



Waterland
Gúmmískór
st. 36-46
vnr. 787460
2.499 kr



Waterland
Gúmmískór
st. 20-35
vnr. 787458
2.299 kr



Waterland
Gúmmístígvél
st. 20-35
vnr. 787459
3.999 kr

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Skuldir sem þarf að greiða

**Gengistryggð lán**

Sveinn Óskar Sigurðsson
viðskiptafræðingur



Í Fréttablaðinu birtust tvær greinar þann 22. júní síðastliðinn. Annars vegar var um að ræða grein eftir Einar Huga Bjarnason og Björgvin Halldór Björnsson og hins vegar eftir einn lífsreyndasta þingmann þjóðarinnar, Kristin H. Gunnarson. Það er óhætt að segja að þar hafi skipst í tvö horn varðandi dóm Hæstaréttar þar sem lögmennirnir túlkuðu dóminn á þann hátt að hann væri skýr og vaxtakjörin sem um var samið skulu vera sú viðmiðun sem reikna skuli með. Þessi afstaða lögmannanna er rétt og þá ef bæði er litið til lögfræðinnar og fjármálafræðinnar en í þessum samningum er samið um breytilega LIBOR vexti í viðkomandi myntum auk vaxtaálags sem fjármálastofnunin ákvarðaði og miðaði þá, þegar samið var, við þá áhættu sem í bréfinu fólst og efni þess fólst miðað við mat á þeim tíma sem lánið var veitt, skuldabréfið útgefið og keypt af þessum aðilum.

Á þessum tíma, sem lánin voru tekin, gat vel hugsast að fjármálastofnanirnar reiknuðu með að krónan myndi styrkjast. Þetta var áhætta sem fjármálastofnanirnar tóku, ekki almenningur. Nú hefur hins vegar komið í ljóst að flestar ef ekki allar fjármálastofnanirnar, sbr. rannsóknarskýrslu Alþingis, tóku stöðu gegn krónunni og véluðu lífeyrissjóðina með að taka stöðu með krónunni sem er líklega ein mesta skerðing sem lífeyrisþegar hafa orðið fyrir í áratugi. Bankarnir tóku því stöðu gegn viðskiptavinum sínum og hluthöfum og verða því stjórnir lífeyrissjóðanna að taka sig á og fara í tilsvarandi málaferli til að heimta leiðréttingu á því sem olli skerðingu lífeyrisréttinda landsmanna allra til langs tíma.

Vandinn sem felst í grein Kristins H. Gunnarssonar, með fullri virðingu fyrir hans þætti á þingi um árabil, er mun dýpri en sá sem þar kemur fram. Í grunninn varpar greinin fram villu sem hefur lengi verið við lýði og varðar það að verðtrygging eigi að verða ríkjandi á Íslandi um ókomin ár og ef einn fær sanngjarna úrlausn fyrir dómi skal slíkri lögmætri leiðréttingu dreift á alla hina sem ekki eiga slíkt skilið.

Hér skiptir miklu að verðtrygging veldur því að fjármálastofnanir og lífeyrissjóðir verða værukærir og það hefur sýnt sig í gegnum áratugina að þrátt fyrir stærð lífeyrissjóðina hafa réttindin verið skert þrátt fyrir nánast því áhættulausa ávöxtun. Hafa þeir aldrei átt að getað tapað nema með þátttöku í lélegum fjárfestingum eins og í bankakerfinu og með því að taka blindandi stöðu með krónunni þegar viðsemjendur þeirra, bankar sem þeir áttu sjálfir, véluðu þá í þessa gjörninga. Það sem veldur gremju almennings er að lífeyrissjóðirnir virðast ekki ætla að sækja réttindi lífeyrisþega á hendur bönkum, stjórnendum þeirra eða endurskoðendum. Hverju sætir?

Það sem 68 kynslóð Kristins H. Gunnarssonar verður að gera sér grein fyrir, kynslóð sem fékk mikið „gefins" á verðbólguárunum, er að tími kæruleysislegs hjals um réttindi og skyldur sem eiga sér ekki stoð í lögum er liðinn. Hér er verið að tala um mun dýpri mál og varða þau réttindi, skyldur og eðlileg viðskipti. Á næstu misserum tekur við ný kynslóð á Alþingi sem mun ætlast til þess að Ísland verði alþjóðlegra og sterkara í alla staði. Vonandi að þingmenn landsins í dag hugi strax að breytti stefnu í þessu efni en þannig eiga þeir einhvern möguleika á að fá sæti aftur á Alþingi Íslendinga.

> Einnig skal áréttað að almenningur á nú að slá skjaldborg um íslenska dómskerfið sem hefur nú aldeilis sannað sig sem sterkasta stoðin í stjórnkerfi Íslands.

Það að rita greinar sem fela í sér vanþekkingu og takmarkaða sýn eru aðeins til þess að afvegaleiða umræðu sem er þegar komin á braut réttlætis og sanngirnis. Sem betur fer eru aðilar sem þessu halda fram fyrrverandi þingmenn. Einnig skal áréttað að almenningur á nú að slá skjaldborg um íslenska dómskerfið sem hefur nú aldeilis sannað sig sem sterkasta stoðin í stjórnkerfi Íslands. Sorglegt er að sjá viðbrögð seðlabankastjóra sem skóp það kerfi sem hrundi og stendur nú við hlið þeim sem fóru gegn almenningi og unnu gegn hagkerfinu, kerfi sem hann hannaði og ýtti úr vör sjálfur. Rétt væri að hann og margir aðrir gluggi í skýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá árunum 1999 og 2001 til að rifja upp það sem löggjafinn þá raunverulega gerði til varnar heimilum og fyrirtækjum. Von greinarhöfundar er að almenningur standi saman um það sem rétt er í þessu efni svo réttmætir aðilar verði sóttir til saka og látnir gjalda gjörða sinna bæði í starfi og gagnvart lögum landsins. Með lögum skal land vort byggja og með ólögum eyða.




# Snyrtivörur á Íslandi

**Neytendamál**

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstætt starfandi ráðgjafi



Róttæk ný tækni á borð við líftækni og nanótækni er nú í vaxandi mæli notuð til sóknar á snyrtivörumarkaðinn vegna þess að hann er mjög gróðavænlegur en að sama skapi undir slöku eftirliti.

### Nanótækni og snyrtivörur

Nanótækni er vísindi öreindanna. Nanóeind er einungis einn hundrað-þúsundasti hluti af þvermáli hárs af höfði okkar. Nanóeindir má nota til að hlaða atómum upp í nýja hluti, allt frá lífveru til véla. Óprófaðar snyrtivörur gerðar með nanótækni eru nú þegar á markaði í formi sólarkrema. Hefðbundin sólarkrem innihalda sínkoxíðagnir sem stöðva sólargeislana en ókostur þeirra er að þau virðast hvít eftir að þau eru borin á húðina. Nýju nanó-sólarkremin innihalda nanóagnir úr sínkoxíði og virðast ekki hvít eftir að þau eru borin á húðina vegna þess að þau „ná dýpra" eins og segir í auglýsingunum. Reyndar geta þessar nanóöreindir smogið í gegnum öll lög mannshúðarinnar og inn í blóðið. Þær eru svo smáar að þær ná jafnvel að komast í gegnum himnu sem verndar heilann með því að sigta skaðleg efni úr blóðinu. Evrópuþingið samþykkti reglugerð í mars árið 2009 sem kveður á um skyldumerkingar á nanóeindum í snyrtivörum. En er það einhver trygging fyrir svokölluðu „valfrelsi" neytenda ef þeir vita ekki hvað „nanó" merkir?

### Líftækni og snyrtivörur

Líftækni er beitt til að erfðabreyta plöntum til ræktunar á próteinum til afnota í snyrtivörugerð. Fjöldamörg öldrunarhamlandi (anti-aging) krem og dropar á markaði eru kynnt á þeirri forsendu að þau innihaldi ný lífvirk prótein eða vaxtarþætti sem sem geti – með orðum íslensks líftæknifyrirtækis – „yngt upp skaddaðar frumur". Slíkar fullyrðingar geta verið mjög villandi. Því er haldið fram að varan geti veitt sködduðum frumum unglegra útlit eða að varan geti umbreytt sködduðum frumum í unglegri frumur – nokkuð sem ekkert lyf (eða töfrar) hafa enn sem komið er megnað að gera. Ekki er hjá því komist að álykta að slíkar auglýsingar séu hannaðar til þess að fá neytendur til að trúa því að mikið sé í boði þótt í reynd sé litlu lofað. Ef vaxtarþættir í snyrtivörum geta raunverulega stuðlað að húðfrumuvexti kunna þeir að valda ofnæmisviðbrögðum hjá sumu fólki og auka vöxt krabbameinsfruma hjá öðru, einkum eldra fólki. Þær spurningar vakna hvort kostir öldrunarhamlandi snyrtivara séu ýktir og hvort hugsanleg áhætta af notkun þeirra sé vanmetin.

### Snyrtivörur og Evrópusambandið

Reglugerð ESB um snyrtivörur hefur ekki komið í veg fyrir að snyrtivöruiðnaðurinn noti villandi auglýsingar. Auglýsingar um öldrunarhamlandi snyrtivöru, sem sögð er innihalda vaxtarþætti sem stuðli að endurnýjun og vexti húðfruma, mætti til dæmis skilja þannig að varan gefi húðinni unglegt útlit með því að mýkja, vökva og bæta þar af leiðandi heilsu frumanna. Þær mætti líka skilja á þann veg að varan geti raunverulega breytt gömlum húðfrumum í ungar. Aukinn skilningur er á því að Evrópureglugerðin um snyrtivörur þurfi að herða kröfur um auglýsingar og merkingar til þess að tryggja neytendum réttar upplýsingar. Einnig er aukin krafa um að Evrópureglugerðin krefjist strangari öryggisprófana á snyrtivörum sem nota líftækni og nanótækni, og að merkingar tilgreini hvort snyrtivara innihaldi erfðabreyttar afurðir – líkt og krafist er um snyrtivörur með nanóögnum. Þar til úr því verður bætt ættu neytendur ekki að leggja trúnað á sýndarvísindalegar fullyrðingar um öldrunarhamlandi snyrtivörur.

### Snyrtivörur á Íslandi

Á Íslandi er nú vaxandi framleiðsla á lífrænum snyrtivörum. Þær eru traustsins verðar vegna þess að þær eru vottaðar af þriðja aðila. Vottunin staðfestir að notuð eru örugg, náttúruleg hráefni við framleiðslu þeirra, en erfðabreyttar afurðir og afurðir nanótækni eru bannaðar. Fyrirtæki sem framleiða lífrænar snyrtivörur eru undir reglubundnu eftirliti óháðra matsmanna frá faggildum vottunarfyrirtækjum. Neytendur ættu jafnframt að gæta að því að ekki er hægt að treysta því að snyrtivara sé lífræn einfaldlega vegna þess að hún er auglýst innihalda einhver lífræn hráefni, heldur vegna þess að óháður aðili hefur vottað vöruna og merki vottunaraðilans kemur fram á umbúðum vörunnar.




**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Jurt jurtanna

Mikið hlýtur Guð að vera góður að færa okkur lúpínuna til að byggja upp frjósemisgrósku náttúrunnar sem við mennirnir vorum búnir að eyða með gegndarlausri ofbeit og niðurrifi í gegnum árhundruðin. Hér var glæsilegt vistkerfi plantna, skordýra, fugla og spendýra áður en menn komu til landsins, en nú er vistkerfið hrunið vegna herferðar eins og áður sagði. Þakka þér lúpína að skapa glæsilegar aðstæður fyrir ánamaðkana alla, sem lifa í mold lúpínubreiðanna, allur þessi ormafjöldi sem gerir fuglum lífið léttbært í lúpínubreiðunum, sem virka sem skjól og gnótt er um fæðu, hjá sumum fuglategundum er hvergi þéttara varp en í lúpínubreiðum, mikið og gott skordýralíf er einnig í breðunum, blessuð spendýrin, músin og refurinn, una hag sínum þar einnig vel. Svo hopar blessuð lúpínan fyrir öðrum gróðri og hefur þá lokið glæsilegum ferli náttúruuppbyggingar með traustri leiðsögn almættisins. Guð blessar lúpínuna.

**Pétur Sigurðsson járnsmiður**

## Vitleysa um verðstríð

Ég las grein á Visir.is á mánudaginn, og ég vona að það sé rangt haft eftir framkvæmdastjóra FÍB, að það geisi eitthvert verðstríð á eldsneytismarkaðinum þessa dagana. Á eldsneytismarkaðinum á Íslandi er ekkert og hefur aldrei geisað verðstríð. Neytendur eru nauðbeygðir gagnvart örfáum fyrirtækjum sem kalla sig olíudreifingarfyrirtæki. Þetta eru sjoppur með bensíndælu; það er engin sérstök þjónusta, hvorki strokið af framrúðum né mælt í dekkjum. Sumstaðar er ekki einusinni loftdæla. Íslendingar hafa alltaf borgað fyrir einn af dýrustu bensínlítrum heimsins og í lengstan tíma hefur munað einhverjum aurum á bensínverði milli stöðva. Að tala um verðstríð á þessum tímapunkti er móðgun við allt hugsandi fólk, þótt að einhver örlítil prósentulækkun komi til í stuttan tíma.

**Jón Einarsson markaðsmaður**

**HÖNNUN Á JÓNSMESSU** Íslenskir hönnuðir sem reka verslanir við Laugaveg, Skólavörðustíg og nærliggjandi götur hafa ákveðið að fagna Jónsmessu og hafa af því tilefni opið lengur í dag, eða til níu.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Dömuskór í miklu úrvali
stærðir 35 - 44
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16









Hulda Hlín Magnúsdóttir listmálari bjó í mörg ár á Ítalíu og segir það hafa mótað kvenlegan fatastíl sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Undir ítölskum áhrifum

**Hulda Hlín Magnúsdóttir, listmálari og listfræðingur, stundaði nám í öllum helstu listaborgum Ítalíu. Hún segir fatastíl sinn hafa mótast þar enda Ítalir meðvitaðir um klæðaburð og fínir í tauinu.**

„Ég fíla mig ekki í gallabuxum og bol. Mér finnst gaman að vera kvenleg og geng mikið í kjólum,“ segir Hulda Hlín Magnúsdóttir, listmálari og listfræðingur. Hulda segir fatastíl sinn hafa mótast á námsárunum á Ítalíu þar sem hún bjó í sjö ár og stundaði myndlistarnám.

„Námið var þannig upp byggt að ég gat flutt milli borga. Ég lærði því í eitt ár í Bologna, eitt í Feneyjum, eitt í Flórens og svo útskrifaðist ég frá Róm í málaralist og tók svo master í listfræði, aftur í Bologna. Það var frábært að kynnast öllum þessum listaborgum og auðvitað mótaðist fatastíllinn mikið. Á Ítalíu er fólk meðvitað um klæðnað og þar er líka mikil skómenning og ég keypti mikið af skóm á þessum tíma,“ segir Hulda en hún heldur sérstaklega upp á svarta, háhælaða skó frá Steve Madden.

„Þeir eru einstaklega vel byggðir, svo maður finnur ekki fyrir því hvað þeir eru háir.“

Hulda klæðir sig mikið í svart og lífgar upp á með litríkum fylgihlutum.

Hún er þó hrifin af litum og litafræði en sýning á olíumálverkum af íslenskum fjöllum sem Hulda vann á námsárunum stendur nú yfir í Turninum í Kópavogi.

Verkin má sjá á heimasíðunni www.huldahlin.com og á laugardaginn klukkan 13 segir Hulda frá verkum sínum í listamannaspjalli.

*heida@frettabladid.is*





**AUKIN SKÓKAUP** Markaðurinn fyrir kvenskó í Bandaríkjunum hefur styrkst á undanförnum mánuðum. Neytendur kaupa þó frekar ódýrari skó. Á þriggja mánaða tímabili frá febrúar til aprílloka jókst salan um 24 prósent.



Töff klæðnaður úr smiðju Sonju Bent er á meðal þess sem verður til sýnis í kvöld.



Berglind Árnadóttir sýnir kjóla undir merkjum Begga Design.



Hönnuðurinn Aaron Bullion sýnir fylgihluti fyrir konur og karla.



Inga Björk Andrésdóttir mun sýna föt sem eru framhald á skartgripum hennar.



Falleg föt eftir Silju Hrund Einarsdóttur.



Föt frá ECCENTRIC ROMANTIC & Elva.

# Blæbrigðarík blanda

**Listahátíðin Jónsvaka hefst í dag en hún er hugsuð sem stökkbretti fyrir unga íslenska listamenn. Meðal viðburða á hátíðinni er tískusýning þar sem öllu því helsta og nýjasta í innlendri hönnun verða gerð skil.**

„Allt sem verður til sýnis er nýtt, nýjar línur frá hönnuðum og nýir hönnuðir," segir Þórey Björk Halldórsdóttir hjá PopUp Verzlun um tískusýningu í Listasafni Reykjavíkur í kvöld klukkan átta þar sem íslensk hönnun verður í aðalhlutverki.

Tískusýningin er einn margra viðburða á listahátíðinni Jónsvöku sem fer nú í fyrsta sinn fram í miðbæ Reykjavíkur dagana 24. til 27. júní og er sýningin samstarfsverkefni skipuleggjenda hátíðarinnar og PopUp Verzlunar. Að sögn Þóreyjar má gera ráð fyrir að hönnuðir tjaldi öllu sem til er í kvöld, þar sem sumarlegur fatnaður, pastellitir og fylgihlutir verða áberandi. „Ég get lofað því að þetta verður rosalega flott." Hún bætir við að enginn aðgangseyrir sé á sýninguna og hvetur gesti til að mæta tímanlega. *roald@frettabladid.is*



Hekladir skartgripir eftir Elínu Hrund Þorgeirsdóttur.

Litríkur hálsklútur frá Volcano Design.



Ása Ninna Pétursdóttir sækir innblástur í japanska götutísku.











Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Fjarlægar eyjar og skattaskjól fyrir kremdrottningu

Eitt stærsta snyrtivörufyrirtæki heims er L´Oréal sem veltir milljörðum. Smám saman hefur það einnig bætt við sig nöfnum eins og Lancôme og á síðasta ári Yves Saint Laurent Beauté sem er snyrtivöruhluti hins fræga tískuhúss sem selt var á síðasta ári. Yves Saint Laurent snyrtivörur framleiða enn hin frægu kvenilmvötn eins og Opium, Y, Paris og svo Opium og Rive Gauche fyrir herra svo eitthvað sé nefnt.

Á síðasta ári dróst salan hjá L´Oréal saman um níu prósent en hluta af þeim samdrætti má rekja til kaupanna á YSL Beauté. Það sem af er árinu er salan á uppleið að nýju hjá L´Oréal. Til dæmis með nýjum kremum Lancôme þar sem áhersla hefur verið lögð á vöruþróun. Eða eins og forstjórinn segir: Með hækkandi aldri mannfólksins eru það hrukkukremin sem skila mestum hagnaði. Þess vegna senda YSL-snyrtivörur frá sér með haustinu ný andöldrunarkrem sem eiga að koma merkinu aftur í hóp þeirra metnaðarfyllstu í þessum geira.

Þá ætlar L´Oréal sér stóra hluti á nýjum mörkuðum, til dæmis í Kína þar sem fyrirtækið hefur keypt 20 ára kínverskt snyrtivörufyrirtæki til að komast inn á þann stóra og vaxandi markað.

En L´Oréal reiknaði ekki með þeirri vondu auglýsingu sem eigandi fyrirtækisins er ábyrgur fyrir þessa dagana. Eigandi L´Oréal, Liliane Bettencourt, sem er ríkasta kona Frakklands og í Evrópu, stendur í málaferlum við dóttur sína sem sakar ljósmyndara nokkurn um að misnota ástand móður sinnar, sem er á níræðisaldri, til komast yfir milljónir úr hennar digru sjóðum. Nú hefur komið í ljós að ráðsmaður Liliane Bettencourt tók upp um nokkurt skeið samræður hennar við fjármálastjóra sinn og fleiri á einkahóteli hennar og nú hafa þessar upptökur komist í blöðin. Þar kemur fram að hún gaf ljósmyndaranum ekki aðeins peninga heldur einnig einkaeyju nokkra í Indlandshafi sem hún hafði alveg gleymt að telja fram til skatts. Eins kemur í ljós hvernig milljónir hafa verið fluttar á reikninga í Sviss og síðan í skattaskjól í Singapúr. Það sem er þó viðkvæmast í málinu er að Florence Woerth, kona þáverandi skattamálaráðherra, Erics Woerth, vann fyrir fjármálafyrirtæki Bettencourt á sama tíma og peningar voru fluttir í skattaskjólin á meðan maður hennar var að eltast við skattsvikara í Sviss. Spurningin sem vaknar er hvort ráðherrafrúin hafi vitað um eða jafnvel tekið þátt í að koma fjármunum undan skatti. Kremdrottningin hefur sömuleiðis fyllt út ávísanir í kosningasjóði flokks eiginmannsins (og Sarkozys) þar sem hann er gjaldkeri.

*bergb75@free.fr*

Volcano-Iceland fagnar opnun vinnustofu og verslunar í Borgartúni 3 í Reykjavík í kvöld klukkan 18 undir slagorðinu „Hot in cool places". Hönnuður fyrirtækisins er Steinunn Ketilsdóttir og framleiðir hún vörurnar sjálf. Söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir verður sérstakur heiðursgestur á opnuninni í kvöld og boðið verður upp á rjúkandi eldfjalladrykk.



**www.volcano-Iceland.com.**





MC PLANET

Opið
**mán.fim** 12–18, **fös.** 12–16, **lau.** lokað
Sími **694 7911**
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Letizia, krónprinsessa Spánar, mætti til leiks ásamt Felipe krónprins í eldrauðum kjól sem fór vel við dökkt yfirbragð hennar.

# Heitari litir að sunnan

**Prinsessur um allan heim fengu að sýna hvað til er í fataskápum konungshallanna þegar Viktoría krónprinsessa Svíþjóðar giftist Daniel Westling um helgina.**

Brúðkaup Viktoríu Svíaprinsessu og Daniels Westling fór fram á laugardaginn var en sérstakur galakvöldverður var haldinn kvöldið áður, þann 18. júní. Prinsessur hvaðanæva að úr heiminum mættu til leiks með nokkra kjóla til skiptanna enda þurftu þær að sýna sig á rauða dreglinum tvo daga í röð. Norrænu prinsessurnar héldu sig í ljósum og dröppuðum litum en gaman var að sjá þær sem komu úr heitari litamenningu, svo sem Spánarprinsessu, í rauðum og appelsínugulum kjól. *-jma*


SUMARSPRENGJA



40–70%
afsláttur
af öllum
vörum

COSMO
Kringlunni


Ýmislegt einkennir íslenskan fataiðnað. Þar má meðal annars nefna bryddingarborða og skrautlega kraga úr tjulli sem minna á snjó eða jökulsprungur. Saumað er úr efni sem lítur út fyrir að hafa velkst um í sjónum og þornað í fjörunni.

www.sagenhaftes-island.is




Flottir sumarskór úr leðri, mjúkir og þægilegir.


Teg: 4783
Stærðir: 36 - 40
Verð: 14.785.-


Teg: 4869
Stærðir: 36 - 40
Verð: 13.885.-

Misty skór Laugavegi 178
Vertu vinur
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is







Þorgerður ásamt vinkonu sinni, Sigrúnu Helgadóttur, en þær miðla af reynslu sinni í nýrri bók um jurtalitun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikill áhugi á jurtalitun

**Gríðarlegur áhugi er á jurtalitun á Íslandi í dag. Mun fleiri námskeið hafa verið haldin í jurtalitun í vor hjá Heimilisiðnaðarskólanum en undanfarin ár og innflutningur er hafinn á efni til jurtalitunar.**

„Það er algjör sprenging í jurtalitun. Við finnum fyrir alveg gífurlegum áhuga," segir Þorgerður Hlöðversdóttir textíllistakona, sem haldið hefur námskeið í jurtalitun undanfarin ár. „Við Sigrún Helgadóttir, líf- og umhverfisfræðingur, höfum verið að halda eitt námskeið annað eða þriðja hvert ár hjá Heimilisiðnaðarskólanum. Í vor vorum við með tvö námskeið og það þriðja er fyrirhugað í haust."

Þorgerður rekur ástæðu þessa mikla jurtalitunaráhuga til aukins handavinnuáhuga undanfarinna mánaða. „Ég held að það sé skýringin í og með. Þegar fólk er farið að prjóna og vera skapandi í prjóni og hönnun þá langar það líka til að skapa sína eigin liti þannig að það hefur áhrif."

Þorgerður segir þennan aukna áhuga á jurtalitun einnig endurspeglast í því að Heimilisiðnaðarfélagið sé farið að flytja inn efni til jurtalitunar. „Við þurftum að kaupa þetta í lyfjaverslunum í gamla daga. Það hefur líka haft áhrif á það að fólk hefur hikað við að reyna jurtalitun."

Þorgerður segir jurtalitina vera náttúrulega. Grunnlitirnir eru í gulum og gulgrænum tónum en hægt er að fá fleiri tóna með því að meðhöndla litina með járni eða kopar. „Við notum mest íslenskar jurtir sem við tínum sjálfar. Það er bæði hægt að nota ferskar nýtíndar jurtir og eins þurrkaðar. Við höfum líka notað erlend litarefni sem ekki fást á Íslandi til að lita, til dæmis blátt og rautt og hjálparefni til að festa litinn."

Þorgerður og Sigrún hafa tekið saman bók um jurtalitun sem ber heitið Foldarskart í ull og fat - Jurtalitun, og skýrir grunnatriði í jurtalitun. „Bókin er afrakstur af þrettán ára vinnu og rannsóknum, tilraunum og prufum," segir Sigrún en bókin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi í meira en hálfa öld. „Það var gefin út bók á fimmta áratug síðustu aldar og þar áður í kringum aldamótin. Þetta voru lítil kver og þá höfðu konur ekki aðgang að þeim efnum sem við höfum í dag."

*martaf@frettabladid.is*



Grunnlitir jurtalitunar eru gulir og gulgrænir.


Sumarbrjálæði



30% afsláttur
af öllum vörum
Ný sending
ótrúlegt úrval af sumarvörum
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

SUMARÚTSALAN
HAFIN!
20-50% AFSLÁTTUR



Skoðið á laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

# metan

FIMMTUDAGUR 24. JÚNÍ 2010

## Umhverfið í öndvegi

**Reykjavíkurborg hefur markað stefnu sem stuðlar að fjölgun vistvænna bifreiða.**

SÍÐA 4



## Betrumbættur bíll

**Jón Hjalti Ásmundsson breytti fjölskyldubílnum svo hann gengi fyrir metangasi.**

SÍÐA 8






„Metan er raunhæfur kostur fyrir þá sem vilja skipta yfir í vistvænt eldsneyti strax í dag," segir Inga Jóna Þórðardóttir, stjórnarformaður Metan hf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Metan er raunhæfur kostur – í dag

**Sorpa bs. framleiðir metan ökutækjaeldsneyti á Álfsnesi á Kjalarnesi en margvíslegur ávinningur er af notkun metans að sögn Ingu Jónu Þórðardóttur, stjórnarformanns Metan hf.**

Verðmæti leynast víða. Á Álfsnesi á Kjalarnesi, þar sem sorp íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur verið urðað síðustu tvo áratugi, er að finna uppsprettu orkugjafa. Hauggasið sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna á urðunarstaðnum er leitt í gegnum söfnunarkerfi haugsins inn í sérstaka framleiðslustöð þar sem metan er framleitt. Sorpa bs. sem rekur urðunarstaðinn hefur þróað tækni sína jafnt og þétt og framleiðir metan ökutækjaeldsneyti í hæsta gæðaflokki.

Metan hf. var stofnað í ágúst 1999 og eru eigendur fyrirtækisins í dag Sorpa bs., Orkuveita Reykjavíkur, N1 hf. og REI ehf. Á undanförnum árum hefur meginviðfangsefni Metans hf. verið að markaðssetja metan sem vistvænt eldsneyti á ökutæki. Í dag nýta vel á annað hundrað ökutæki á höfuðborgarsvæðinu metan. Reykjavíkurborg hefur tekið mjög sterkt frumkvæði í þessum málum með því að keyra sorpbílaflota sinn á metani og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sýnt mikilvægt frumkvæði í rekstri Strætó bs. með því að kaupa tvo metanknnúna strætisvagna. Mörg fyrirtæki, sem hafa umhverfisstefnu að leiðarljósi, eru með vistvæn ökutæki í sínum rekstri, að stærstum hluta metanbíla.

Hekla hf. flutti inn fyrstu metanbílana fyrir tíu árum og áhugi bifreiðainnflytjenda á að bjóða almenningi metanbíla hefur síðan aukist smám saman. Ávinningur af því að nýta metan eldsneyti á ökutæki er margvíslegur. Þrennt skal hér nefnt: Í fyrsta lagi er umhverfislegur ávinningur verulegur. Til dæmis mengar einn bensínbíll jafnmikið og 113 metanbílar. Í öðru lagi fjárhagslegur ávinningur. Verð á metani hefur að jafnaði verið um 40-45 prósentum lægra en verð á bensíni. Í þriðja lagi gjaldeyrissparnaður. Metan er innlend framleiðsla.



Á Álfsnesi á Kjalarnesi er að finna uppsprettu orkugjafa.

Hægt er að fjölga verulega ökutækjum sem nýta metan. Afkastageta framleiðslunnar í dag samsvarar notkun 3-4 þúsund smærri ökutækja. Meiri möguleikar bíða handan við hornið. Metan er raunhæfur kostur fyrir þá sem vilja skipta yfir í vistvænt eldsneyti strax í dag.

### ● ÖSKUBUSKUÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM

Metaneldsneyti er komið á stóra orkuskiptaballið og vekur upp augu heimsins fyrir þeirri fegurð og þeirri orku sem í því býr.

Enn berast fréttir af frábærum árangri metanbíla í kappakstri víðs vegar um heim. Nú síðast sigraði liðið Team Biogas í kappakstri sem haldinn var í Karlskoga í Svíþjóð.

Metanbíllinn sem sigurliðið keyrði á var af gerðinni VW-Scirocco og keppti í STCC-mótaröðinni, nánar tiltekið Swedish Touring Car Championship, sem vekur iðulega mikla athygli.

Á eftir metanbílnum komu síðan bensínbílar frá Volvo, BMW, Alpha Romeo og SEAT.





**● Í SÓKN** Notkun á metanökutækjum stóreykst í heiminum og mun gera það á Íslandi einnig.

Metan ökutækjaeldsneyti nýtur síaukinna vinsælda í heiminum og er notað á allar gerðir ökutækja jafnt fólksbíla, lögreglubíla, sendibíla, sjúkrabíla, skólabíla, slökkvibíla, sorphirðubíla, strætisvagna sem önnur stærri samgöngutæki. Metan er einnig notað sem eldsneyti á báta, ferjur og skip erlendis og á ýmsar vélar í iðnaði og stóriðju.

Flestir bílaframleiðendur heims framleiða ökutæki með tveimur eldsneytisgeymum og svonefndri tvíbrennivél, metan/bensín. Bílarnir eru stilltir til að nýta fyrst metaneldsneytið en skipta sjálfkrafa yfir á bensíngeyminn ef metanbirgðir klárast án þess að ökumaður greini mun. Ökutækjunum fjölgar hratt hér í heiminum sem nýta metaneldsneyti í akstri, um 2,5-3 milljónir slíkra ökutæka bætast við á ári um þessar mundir.

Metanvæðingunni er ætlað mikilvægt hlutverk í heiminum við umhverfisvæn orkukerfisskipti í samgöngum á þessari öld. Og ekki hvað síst í löndum þar sem reynsla og þekking er til staðar, hráefni til framleiðslu er aðgengilegt, tækifæri til frekari hráefnisöflunar eru fyrir hendi og heildarorkuþörf vegna samgangna er hvað fyrirsjáanlegust eins og í fámennum eyríkjum.



**● ÞJÓÐIN RÍKARI EN HÚN ÁTTAR SIG Á** Við eigum metaneldsneyti sem við getum nýtt á þúsundir bíla í dag og getum stóraukið framleiðsluna með samtakamætti ríkisins, sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Metanvæðingin skapar okkur tækifæri til að auka orkuöryggi þjóðarinnar með sjálfbærum og endurnýjanlegum hætti og skapar samhliða mikinn og margþættan ávinning fyrir umhverfið og íslenskt samfélag – minnsta losun gróðurhúsalofttegunda sem völ er á frá bílaflota landsins, gjaldeyrissparnaður, atvinnu- og nýsköpun og síðast en ekki síst, minni eldsneytiskostnaður.

PISTILL

# Möguleikar og tækifæri



Björn H. Halldórsson

Nú eru rúmlega tíu ár síðan fyrst var dælt metani á ökutæki hér á landi. Metan er unnið úr urðunarstað höfuðborgarbúa í Álfsnesi. Fyrst voru flutt inn um tuttugu ökutæki og gerðu áætlanir ráð fyrir rífandi gangi í sölu á metanökutækjum. Raunin varð þó önnur. Annað stóra skrefið í metanvæðingunni var þegar Reykjavíkurborg ákvað að hefja metanvæðingu sorpbílaflotans og síðan þegar Strætó bs. hóf metanvæðingu með kaupum á tveimur strætisvögnum. Síðustu misseri hefur þróunin verið hraðari.

Vinnsluferill metans er þannig að hauggasi er safnað á urðunarstaðnum í Álfsnesi, það hreinsað með svokölluðum vatnsþvotti svo úr verður 95-98% hreint metan og er það þá tilbúið til notkunar á ökutæki. Metanið er síðan leitt um leiðslu Orkuveitu Reykjavíkur sem liggur frá Álfsnesi og á afgreiðslustöð N1 á Bíldshöfða þar sem hægt er að dæla því á ökutæki. Önnur afgreiðslustöð N1 fyrir metan er við Tinhellu í Hafnarfirði. Áætlað hefur verið að magn þess metans sem megi vinna úr urðunarstaðnum í Álfsnesi dugi á um 3-4 þúsund smærri ökutæki. Alls eru um 250 þúsund ökutæki í landinu og því ljóst að Álfsnesið eitt og sér dugar skammt. Mun meira má framleiða og vinna á annan hátt. Með framleiðslu hauggass úr lífrænum úrgangi á höfuðborgarsvæðinu mætti framleiða metan fyrir um tíu þúsund ökutæki (t.d. úr seyru, hrossataði, matarleifum, svínaskít, hænsnadriti, sláturúrgangi o.s.frv.). Höfuðborgarsvæðið er ekki eini staðurinn þar sem framleiða má metan, til dæmis hefur verið sýnt fram á að í Eyjafirði megi nýta landbúnaðarúrgang til framleiðslu metans á um 2.000 ökutæki. Fyrst þegar hafin verður framleiðsla úti um land má gera ráð fyrir að dreifing metans verði almenn á landsvísu. Metanið í Álfsnesi er ætlað höfuðborgarbúum til notkunar, enda nærtækast. Því er nauðsynlegt að skoða möguleika á metangerð úti á landi.

Svokallaðar orkuplöntur má rækta á uppgræðslusvæðum og nýta til metanframleiðslu á allan ökutækjaflota Íslands. Við framleiðsluna verður að auki til lífrænn áburður sem nota má til uppgræðslu. Margir kostir fylgja vinnslunni því með þessu má skapa störf til sveita, flytja tækniþekkingu út á land, auka uppgræðslu örfoka lands og tryggja orkusjálfstæði landsins. Stærsti kosturinn í ljósi þeirra erfiðleika sem við blasa er sá gjaldeyrissparnaður sem næst með þessu móti. Tækifærin eru alls staðar, það er bara spurning um að koma auga á þau.

● **SPARNAÐUR** Metanvæðing í samgöngum sparar gjaldeyri og skapar græn störf í landinu. Í hvert sinn sem greitt er fyrir bensín eða dísilolíu má gera ráð fyrir að yfir 30% af dæluverðinu fari í gjaldeyriskostnað vegna meiri innflutnings á sama eldsneyti. Með akstri á íslensku metani sparast þessi gjaldeyrir og fleiri krónur skipta um hendur í samfélaginu. Aukin velta í íslensku samfélagi eykur atvinnusköpun í landinu.

Gjaldeyrissparnaður og aukin framleiðsla er forsenda hagsældar á Íslandi. Framleiðsla á íslensku metaneldsneyti er möguleg víða um land og getur lagt grunn að fjölbreyttri atvinnusköpun í landinu.

Aukin notkun á íslensku metani, í stað annarra orkugjafa eða orkukerfa, til að knýja núverandi bílaflota skapar mesta hlutfallslega ávinning til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda sem völ er á.



Frumherji

Örugg bifreiðaskoðun



www.frumherji.is

Frumherji hf - sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090**




Hermann segist finna fyrir miklum áhuga á að byggja upp metansamfélag hjá Keili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Frumkvæði sveitarfélaga

**N1 stefnir á að gera metan aðgengilegt á svæðum þar sem flestar bifreiðar er að finna, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og Suðurlandi.**

„Metan er ekki fáanlegt í sama mæli og annað eldsneyti. Magnið er takmarkað,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. „Þar af leiðandi þarf að einbeita sér að þeim stöðum þar sem mesti fjöldi bifreiða er samankominn.“

Hermann segir að N1 hafi áhuga á að styðja við þau sveitarfélög sem ætla að stíga skref í að metanvæða sinn bílaflota. Hann segir frumkvæðið að metanvæðingu sveitarfélaga komi oftast frá sveitarfélögunum sjálfum. „Við höfum átt samtöl við sveitarfélög sem sýna því áhuga. Uppbygging á dreifingu á metani mun til að byrja með vera fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og Suðurlandi.“

En hvað með Akureyri? „Akureyri er eitt sveitarfélag sem hefur sýnt metanvæðingu áhuga. Við höfum átt samskipti við yfirvöld þar og erum tilbúnir til að koma með metanstöð norður ef fyrir því er einhver grundvöllur,“ segir Hermann og bætir við að samskiptin hafi átt sér stað við fyrri meirihluta Akureyrar. „Þau samtöl hófust skömmu fyrir hrun þannig að allar forsendur hafa breyst varðandi það hvaða fjármagn þau hafa til að endurnýja sinn bílaflota. Hrunið hefur tafið metanvæðingu sveitarfélaga. Þetta er langtímaverkefni og boltinn er hjá sveitarfélögunum.“

Hugmyndir hafa kviknað um að hafa metanáfyllibíl á ferð um landið sem kemur við á mismunandi stöðum hvern dag. Þær hugmyndir eru þó ekki komnar á framkvæmdastig.

„Næstu skref núna eru þau að við finnum fyrir talsverðum áhuga á Reykjanesi að byggja þar upp smá metansamfélag. Við munum fylgjast grannt með því og vera í viðræðum við aðila á Suðurnesjum,“ segir Hermann en helsti áhuginn kemur frá háskólasamfélagi Keilis.

„Þannig að næstu skref hjá okkur eru þessi að reyna að fylgja eftir þeirri metanvæðingu sem er hér á höfuðborgarsvæðinu,“ upplýsir Hermann en nú þegar eru tvær stöðvar þar, á Ártúnshöfða og í Hellnahrauni í Hafnarfirði. „Við erum tilbúin í fleiri ef eftirspurn er til staðar.“

# Auðvelt að fjölga dælum

Gríðarleg aukning er í metanvæddum bílaflota höfuðborgarsvæðisins. Áætlanir benda til þess að allt að þreföldun verði í metanbílum á árinu.



Kristján segir mikinn verðmun á metani og öðru eldsneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Fólk er að leita leiða til að hagræða í sínum fyrirtækja- og heimilisrekstri,“ segir Kristján Gunnarsson, deildarstjóri N1 og stjórnarmaður í Metan hf., en mikil aukning er í metanvæddum bílum á höfuðborgarsvæðinu. „Þegar kreppir að koma ný tækifæri.“

Kristján segir að verðmunur á metani og öðru eldsneyti sé í kringum sjötíu krónur í dag en hefur orðið um og yfir hundrað krónur þegar verðmunurinn var mestur. „Hann er óvenju lágur í dag þar sem ákveðin verðsamkeppni á bensíni er í gangi.“

Að sögn Kristjáns fjölgar metanbílum um tuttugu eða svo á mánuði og þýðir það að metanvæddur bílafloti mun tvö- til þrefaldast á árinu. „Það er pláss fyrir miklu fleiri miðað við afgreiðslugetu okkar hjá N1. Það er lítið mál að bæta við dælu.“

Kristján segir að í Álfsnesi sé hægt að framleiða metan fyrir um fjögur þúsund einkabíla. „Það er ekki skortur á metani í bili og auðvitað bregðast menn við því ef það verður,“ segir Kristján og bætir við að ýmsar rannsóknir séu í gangi varðandi vinnslu metans. „Til dæmis að vinna það úr skolpi og búa til fleiri ruslahauga.“

**Útgefandi:** Metan hf | **Ritstjóri:** Einar Vilhjálmsson | **Ábyrgðarmaður:** Björn H. Halldórsson
**Heimilisfang:** Gufunesvegi 112 Reykjavík | **Sími** 520-2200


N1
ALLIR DAGAR ERU
METANDAGAR Á
N1 BÍLDSHÖFÐA 2
FLUGDREKAR OG
JÓJÓ FYRIR BÖRNIN*
*meðan birgðir endast
SKOÐAÐU OG PRÓFAÐU METANBÍLA MILLI 14 OG 15 Í DAG!
Þjónustustöð N1 við Bíldshöfða 2 er aðalútsölustaður á hinu ódýra
og umhverfisvæna metaneldsneyti á Íslandi.
Komdu og kynntu þér málið.
metan
TILBOÐ Í DAG!
Pylsa á 99 kr.
Ís á 99 kr.
Frítt kaffi
N1
Nesti
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# Nýjung frá Volvo

Síðan 1996 hefur viðskiptavinum Brimborgar gefist kostur á að taka visthæf skref með Brimborg. Ýmis verkefni hafa verið studd þar sem aðrir orkugjafar en bensín eða dísil eru notaðir, meðal annars metan, vetni, rafmagn og etanól.

Nú er í reynsluakstri á meginlandinu nýjung frá Volvo, dísil/metan vörubíll, búinn fullkomnustu tækni sem uppfyllir Euro 5-mengunarstaðalinn. Með slíkum vörubíl væri mögulegt að spara gríðarlegar fjárhæðir með orkuskiptum ökutækja í þessum flokki.

Volvo tvíorkuvörubíll gæti dregið úr útblæstri um allt að 80% en einnig myndi langdrægni vörubílanna aukast um nær fimmtíu prósent vegna auka eldsneytistanka. Þá er ótalin sú gríðarlega lækkun á eldsneytiskostnaði sem fæst með verðmismuni á metani og dísilolíu.



Vörubíllinn frá Volvo er búinn tækni sem uppfyllir Euro 5-mengunarstaðalinn.

Með fjölgun afgreiðslustöðva fyrir metan getur metanknúnum ökutækjum fjölgað hratt í landinu og er náið fylgst með þróun þessara mála hjá Brimborg í takt við visthæf skref fyrirtækisins.



Mercedes-Benz B 180 NGT er kominn til landisns. Á næstunni mun Askja svo kynna ýmsar nýjungar á stærri NGT metan/bensínbílum og einstaka þróun Mercedes Benz á margvíslegum gerðum og útfærslum af Sprinter NGT metan/bensínbílum; farþega-, grindar- og pallbíla með stórauknu ferðafrelsi á metanbirgðum og auknu afli.

# Umhverfismildir bílar

Bílaumboðið Askja hefur hafið sölu á einum umhverfismildasta fólksbíl á markaðnum, Mercedes-Benz B 180 NGT. Hann brennir bæði bensíni og metangasi og er einn af þremur bílum B-línunnar sem uppfyllir markmið Mercedes-Benz um að draga úr eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda. Grunnverð B 180 NGT er hjá Öskju 4.310.000 krónur.

Með B 180 NGT fær ökumaður val um hvort bíllinn gangi fyrir bensíni eða metangasi. Með því að þrýsta á rofa á fjölaðgerðastýri bílsins skiptir hann yfir á metangas eða öfugt án þess að þess verði vart í vinnslu bílsins.

Að sögn Sigurðar P. Sigfússonar, sölustjóra Mercedes-Benz hjá Öskju, þá notar bifreiðin aðeins 4,9 kg af metangasi (6,8 Nm3) á hverja 100 km. Á metangasi er hægt að aka 300 km og á bensíni um það bil 700 km eða allt að 1.000 km á eldsneytisbirgðum. „Fyrstu bílarnir sem komu til landsins eru seldir en afgreiðslutími er skammur og við fáum fleiri bíla í sumar,“ segir Sigurður, fullviss um að hér séu ein bestu bílakaupin á markaðnum í dag.

# Vinum metanvæðingar fjölgar daglega

Fólksbílar, pallbílar, jeppar og sendibílar af ýmsum gerðum og tegundum ganga fyrir íslensku metani í dag og fjölgar í hverri viku með uppfærslu á núverandi bílaflota. Reynslan af notkun eldsneytisins hefur verið mjög góð enda er íslenskt metan framleitt í hæsta gæðaflokki með allt að 98% hreinleika – 125 til 130 oktan eldsneyti.

Vinir metanvæðingarinnar og notendur á metaneldsneyti síðastliðin tíu ár eru fjölmargir – sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar – í stafrófsröð má nefna:

Askja, Borgarholtsskóli, Borgarplast, Bílaleiga Akureyrar, Brimborg, Einn Grænn, Efnamóttakan, Eðalparket, Frumherji, Garðyrkjuþjónustan, Gámaþjónustan, GG-járnverktakar, GT verktakar, Hafnarfjarðarbær, Hamborgarafabrikkan, Hekla, Hreyfill, Íslandspóstur, Kaninn, Landbúnaðarháskóli Íslands, Lífsblómið, Mannvit, Metan, Múli bílréttingar, N1, Nings, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Olíufélagið, Orkuveita Reykjavíkur, Rafgeymasalan, REI, Reykjavíkurborg, Síminn, SORPA, Sólarfilma, Sparibíll, Sprautun, Subway, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Vélamiðstöðin, Ölgerðin.

Listinn er engan veginn tæmandi enda fjölgar metan/bensínbílum í umferð daglega – ónefndir vinir eru beðnir velvirðingar að þessu sinni.

# Vilja fjölga vistvænum ökutækjum í borginni

**Reykjavíkurborg hefur sett fram stefnu sem styður við notkun vistvænna bifreiða í borginni.**

Reykjavíkurborg hefur markað stefnu sem stuðlar að aukinni notkun vistvænna bíla innan hennar. Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar, er öllum hnútum kunnugur um málið.

„Stefnan er að stuðla almennt að notkun orkugjafa sem eru hvort tveggja í senn visthæfir og fjárhagslega hagkvæmir, en draga á móti úr notkun jarðefnaeldsneytis sem er óvistvænna og dýrara. Við viljum nýta í meiri mæli þær auðlindir sem fyrirfinnast á landinu, vetni, raforku og metan og verða þannig sjálfbærara samfélag. Metan er sem stendur besti kosturinn í stöðunni, bæði er það ódýrasti orkugjafinn og mestur umhverfislegur ávinningur af notkun þess.“

Inntur eftir því hvort Reykjavíkurborg hafi áform um að mæta fyrirsjáanlegri metannotkun borgarbúa í framtíðinni, segir Guðmundur standa til að nýta sem mest metan úr þeim lífræna úrgangi sem fellur til hjá borgarbúum. „Búið er að vinna svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt henni ætlum við að auka endurvinnslu eins og hægt er, þar sem það er hagkvæmt út frá bæði fjárhagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum. Framleiðsla á metangasi kemur þar á eftir. Við gerð áætlunarinnar leiddi skoðun á mismunandi höndlun úrgangs í ljós að brennsla er ekki hagkvæmur kostur. Við munum því í auknum mæli framleiða metangas; það er framtíðarorkugjafi.“

Guðmundur getur þess að metanvinnslan sem fer fram á Álfsnesi muni þó uppfylla þarfir borgarbúa næstu árin. „Þótt menn séu að kaupa sér bifreiðar sem ganga fyrir metani verða þær löngu orðnar úreltar þegar metangasið á Álfsnesi klárast. Hins vegar er stefnt að því að framleiða metangas með mun markvissari hætti í framtíðinni.“

Einn þáttur í stefnu Reykjavíkurborgar í að stuðla að notkun vistvænni orkugjafa felst í því að helmingur ökutækja innan borgarinnar verði umhverfisvænn eftir tíu ár. Hver verður þáttur metans í því markmiði? „Metanið sem við höfum þegar dugar einhverjum þúsundum bíla og í fyrsta kasti getum við tvöfaldað það með heimilissorpinu,“ segir Guðmundur. „Í framtíðinni er þó líklegt að fyrrnefndu markmiði verði náð með notkun tvinnbíla og ýmissa vistvænna orkugjafa, vetnis, rafmagns og metans, sem er nú hagkvæmast.“



Guðmundur segir stefnu Reykjavíkurborgar vera að stuðla að notkun vistvænna bíla innan borgarinnar. „Í því samhengi get ég nefnt að borgin hefur sett fram skilgreiningu á vistvænum bílum og þeir fá frítt í bílastæði, þar með talið sparneytnir dísil- og bensínbílar sem losa lítið af gróðurhúsalofttegundum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Best geymda leyndarmálið

„Þetta er klárlega best geymda leyndarmálið á markaðnum, þótt það sé ekki nýtt fyrir okkur sem störfum í bílabransanum,“ segir Sigurður Kr. Björnsson, markaðsstjóri Heklu, þar sem menn eru þeirrar skoðunar að metan sé einn besti orkugjafi sem völ er á á markaðnum í dag.

„Við komumst að þessari niðurstöðu í kjölfar hrunsins þegar leita þurfti leiða til að sporna við minnkandi bílasölu á Íslandi. Í framhaldi spannst umræða um aðra, ódýrari og umhverfisvænni valkosti en jarðefnaeldsneyti. Það varð til þess að við hjá Heklu fórum að kynna okkur betur þann orkugjafa sem nóg er af hérlendis og fellur ljóslega í þennan flokk, það er metangas,“ útskýrir Sigurður.

Hann segir að af þessum sökum leggi Hekla sig fram við að kynna þennan valkost fyrir viðskiptavinum sínum. „Við bjóðum nú bæði upp á fólksbíla og atvinnubíla frá Volkswagen í metanútfærslum, Volkswagen EcoFuel, en þessir bílar eru umhverfisvænir, á hagstæðu verði og aukabúnaðurinn tekur ekkert pláss. Ég vil því hvetja bíleigendur að kynna sér og fá að prufukeyra þennan ódýra og umhverfisvæna kost.“




Hjá Heklu telja menn að metan sé einn besti orkugjafi sem völ er á að sögn Sigurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



sorpa.is

Gangi þér vel

SORPA

Flokkum og skilum

H:N markaðssamskipti / SÍA

# Endurnýjanlegur og vistvænn orkugjafi

Nú er allt rafmagn á Íslandi fengið úr vatnsafli og jarðvarma og langflestir landsmenn hafa aðgang að hitaveitu til upphitunar. Um 80% orkunnar sem notuð eru á Íslandi er endurnýjanleg. Þau 20% sem á vantar er jarðefnaeldsneyti til samgangna og útgerðar. Þessu eldsneyti má skipta út fyrir innlent endurnýjanlegt eldsneyti og minnka á losun á gróðurhúsalofttegundum.

Þær endurnýjanlegu eldsneytistegundir sem komið hefur til tals að framleiða hér eru: metanól, etanól, lífdísill og síðast en ekki síst metan, sem framleitt er úr hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna efna. Metan er nú þegar framleitt í töluverðum mæli í Álfsnesi. Nýlega veitti Rannís öndvegisstyrk til þriggja ára rannsóknarvinnu sem miðar að því að skoða leiðir og þróa tækni til innlendrar eldsneytisframleiðslu, en að verkefninu standa Landbúnaðarháskólinn, Háskólinn á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð, Sorpa og verkfræðistofan Mannvit.

Hauggas myndast við loftfirrt niðurbrot lífrænna efna. Um er að ræða nokkurra þrepa ferli, þar sem flókin lífræn efni brotna niður og verða að lokum að metani og koldíoxíði.

Hauggas hefur verið framleitt í Álfsnesi frá 2000 og er selt hjá N1 við Bíldshöfða og í Hafnarfirði.

Stefnt er að byggingu gasgerðarstöðvar í Álfsnesi á næstunni og að urðun lífræns úrgangs verði hætt fyrir 2020. Með því verður hægt að auka vinnsluna töluvert.

Hauggas inniheldur að jafnaði 55-70% metan, 30-45% koldíoxíð ásamt öðrum efnum í litlu magni. Við hreinsun hauggass fæst metan sem notað er á bifreiðar. Nú er metan notað á alla sorpbíla í Reykjavík, tvo strætisvagna og um 200 minni bíla. Notkunin jafngildir um 480.000 lítrum af bensíni á ári. Afkastageta kerfisins er mun meiri og því hægt að auka notkunina verulega.

Útreikningar benda til að framleiða megi 10 milljón rúmmetra á ári af hauggasi úr lífrænum úrgangi hér á landi og tvöfalt það magn úr húsdýraáburði. Þetta jafngildir um 15.000.000 lítrum af bensíni. Auk þess er hægt að rækta ýmsar plöntur og framleiða úr þeim metan. Á Íslandi má líklega uppfylla markmið Evrópusambandsins um að 10% ökutækjaeldsneytis verði endurnýjanlegt árið 2020 með notkun metans eingöngu.




**Skýringarmynd sem sýnir myndun hauggass.**




**Birni H. Halldórssyni, framkvæmdastjóra Sorpu, finnst raunhæft að 15-20 prósent ökutækja gangi fyrir metani árið 2020 en sú þróun geti orðið hægari eða hraðari eftir skilyrðum yfirvalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Framtíð metans er mikil

**Framleiðsla Sorpu í dag skapar góð tækifæri til að auka hratt umhverfisvæn orkukerfisskipti í samgöngum. Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segist sjá framtíð metans á Íslandi bjarta en metan er í dag framleitt á urðunarstaðnum á Álfsnesi.**

„Það metan sem við framleiðum fyrir markaðinn í dag er fyrir minni og stærri tæki, þar á meðal tvo strætisvagna og ellefu sorpbíla, í heild um 150-200 tæki. Það er þó rétt að hafa í huga að hvor strætisvagninn fyrir sig þarf metan á við sextíu smábíla og sorpbílarnir taka metan á við tuttugu smábíla. Þannig má segja að ef við teljum metanframleiðsluna í smábílum, sé magnið um 500 smábílaígildi," segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. Þessar tölur segja þó ekki allt því Sorpa ætti að geta framleitt metan fyrir um þrjú til fjögur þúsund smábíla úr Álfsnesi.

„Samkvæmt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu hafa samþykkt eru áætlanir uppi um að reisa verksmiðju til framleiðslu á metani úr lífrænum úrgangi. Verksmiðjan á samkvæmt þeirri áætlun að taka til starfa árið 2013 og verður þá hægt að aka um 10.000 ökutækjum á metani," segir Björn. Hráefnið sem nýta má og mun verða nýtt til framleiðslu á metan ökutækjaeldsneyti er margvíslegt. Nútímametan er unnið úr lífrænu efni á yfirborði jarðar, svo sem matarleifum, grasi, skólpi, lífmassa úr sjávarútvegi og matvælavinnslu, þörungum og ýmsu öðru. Fyrirtíma-metan kallast það svo þegar metan er unnið úr lífrænu efni sem var á yfirborði jarðar í fortíðinni, iðulega kallað jarðgas. Mikið magn er af því víða um heim og líkindi standa til að það sé að finna á Drekasvæðinu við Ísland en í dag á Ísland ekkert fyrirtímametan. Mikið framboð er af metani á heimsmarkaði og verðið mun lægra en á bensíni og dísilolíu.

„Framleiðsla á metani einskorðast ekki við úrgang heldur er hægt að framleiða það úr öllu lífræni efni, sama hvaða nafni það nefnist," segir Björn. Hann bætir við að þróunin erlendis sé sú að Bandaríkin séu nú stærri framleiðandi á fyrritímametani en Rússar og allir bílaframleiðendur í Bandaríkjunum séu að kynna nýjar línur í metanbílum. Þessi þróun í Bandaríkjunum muni því hafa mikil áhrif um allan heim, eins og allt sem gerist þar vestanhafs.

„Ég sé framtíð metans á Íslandi bjarta og ef vilji hefði verið fyrir hendi gæti metan verið komið á allan ökutækjaflota Íslands. Bílvélinni er alveg sama hvort fyrritíma- eða nútímametan er notað. Ég reyni hins vegar að standa með báða fætur á jörðinni og raunhæfur tímarammi, miðað við að bílafloti landsmanna endurnýjast allur yfirleitt á 15-20 ára fresti, er að hugsa til ársins 2020.

Þá gætu kannski fimmtán til tuttugu prósent ökutækja gengið fyrir metani en sú þróun getur orðið hægari eða hraðari eftir skilyrðum yfirvalda."

● **NÚTÍMAMETAN** Allt lífrænt hráefni má nýta til framleiðslu á nútímametan eldsneyti í verksmiðju og mun verða nýtt á Íslandi eins og víða um heim. Hratið úr framleiðsluferlinu nýtist vel sem áburður til uppgræðslu lands:

- Allt lífrænt efni frá heimilum – matarleifar og annar úrgangur, gras og fleira.
- Allur lífrænn úrgangur frá atvinnustarfsemi – matarleifar og annar úrgangur.
- Seyra/skólp – dæmi, ökutæki í rekstri Stokkhólmsborgar ganga fyrir metani unnu úr seyru frá holræsakerfi borgarinnar.
- Lífmassi í landbúnaði – mykja, tað skítur, heyfyrningar og allt annað lífrænt efni.
- Lífmassi í sjávarútvegi – fiskúrgangur og allur annar lífrænn úrgangur.
- Lífmassi frá matvælavinnslu – sláturúrgangur og allur annar lífrænn úrgangur.
- Ræktun á orkuplöntum – uppgræðsla lands og nýting á lífmassa.
- Þörungar úr sjó og vötnum, ræktun.
- Margt annað mætti nefna.

● **ÖRUGGT ELDSNEYTI** Erlendis knýr metaneldsneyti sjúkrabíla, lögreglubíla í áhættuakstri, slökkvibíla og skólabíla svo fátt eitt sé nefnt. Sú staðreynd segir ef til vill meira en margt annað um öryggi metan eldsneytis.

Ástæður þess að metaneldsneyti er skilgreint sem öruggara eldsneyti en bensín og dísilolía:

- Metaneldsneyti er skaðlaust við innöndun og snertingu.
- Metaneldsneyti hefur engin skaðleg áhrif á jarðveg eða nærumhverfi ef það losnar út í umhverfið.
- Metan er eðlislétt lofttegund, ~ 0,717 kg/m3, mun eðlisléttari en andrúmsloftið , ~ 1,216 kg/m3 og stígur hratt upp í opnu rými.
- Metan er lyktarlaus lofttegund en skaðlaust lyktarefni er sett út í eldsneytið. Engin hætta á tjóni á fatnaði við afgreiðslu.
- Metan hefur mun hærra sjálfkveikimark (hátt hitastig sjálftendrunar) en bensín og dísilolía.
- Metan er stöðugt efnasamband og í lokuðu rými skapast ekki eldhætta af metani ef efnastyrkur þess er undir 4,9% af rúmmáli. Sambærilegt hlutfall fyrir bensín er 1,4% og 0,6% fyrir dísilolíu. Ef efnastyrkur metans fer yfir 15% í lokuðu rými skapast ekki eldhætta.




Fararskjótinn er af tegundinni Ford Sport Track v6 4L.


Alls staðar var vel tekið á móti ferðalöngunum.


Ómar Ragnarsson og Einar Vilhjálmsson á hringferð um landið.

# Hringferðin varpaði ljósi á dýrmæta eign

Helgina 24.-26. júlí 2009 urðu tímamót í íslenskri umferðarsögu þegar bíl var ekið í fyrsta sinn hringveginn á íslensku og umhverfisvænu eldsneyti – íslensku metani. Ferðina fóru þeir Einar Vilhjálmsson, markaðsstjóri Metans hf., og Ómar Ragnarsson fréttamaður. Ferðin varpaði ljósi á þá dýrmætu eign þjóðarinnar að búa yfir þekkingu og getu til að framleiða umhverfisvænt eldsneyti í hæsta gæðaflokki og getu til að tryggja aukið orkuöryggi þjóðarinnar með framleiðslu á endurnýjanlegu og umhverfisvænu eldsneyti. Þeir félagar komu víða við, ræddu við fjölda fólks og sýndu bílinn, Ford Sport Track v6 4L bensínbíl, sem búið var að uppfæra (breyta) af nemendum á bílgreinasviði í Borgarholtsskóla. Eftir uppfærsluna gátu þeir félagar valið að aka einungis á metaneldsneyti, sem þeir gerðu í hringferðinni, og höfðu þeir kerru meðferðis með metanbirgðum þar sem metaneldsneyti var (er) ekki afgreitt á landsbyggðinni. Á lokaspretti ferðarinnar settist iðnaðarráðherra, Katrín Júlíusdóttir, undir stýri og ók að upphafsstað við metanafgreiðslu N1 að Bíldshöfða.

# Nægilegt magn af metani ef með þarf

Metaneldsneyti sem unnið er úr jarðgasi mætti nefna fyrritímametan þar sem það á uppruna sinn að rekja til lífræns efnis sem var á yfirborði jarðskorpunnar í fortíðinni.

Framboð á fyrritímametani er mikið í heiminum og kostar mun minna í erlendri mynt en bensín og dísilolía. Framboð á metani er því engin fyrirstaða fyrir hraðri metanvæðingu í samgöngum á Íslandi ef svo kynni að fara að íslensk framleiðsla á nútímametani næði ekki að anna eftirspurn tímabundið.


Hreinsistöð fyrir nútímametan á Álfsnesi.

Þess má geta í þessu samhengi að stjórnvöld í Svíþjóð hafa ákveðið að fella niður gjöld af svonefndu „fordonsgasi“ þar í landi, en eldsneytið er blanda af metani úr jarðgasi (57%) og nútímametani (43%). Ástæða niðurfellingar gjalda mótast af hagfelldum heildrænum umhverfisáhrifum samkvæmt lífferilsgreiningu á ökutækjum og orkukerfi þeirra þótt um blöndu sé að ræða með þessum hætti. Og annað til, líkindi standa til þess að jarðgas sé að finna á Drekasvæðinu við Ísland.

Svo má ekki gleyma því að ökutæki sem nýtt geta metaneldsneyti geta einnig nýtt bensín ef á þarf að halda. Ökutækin hafa tvo eldsneytisgeyma og ferðafrelsi því meira á metan/bensínbíl eða metan/dísilbíl, ef eitthvað er, enda er samanlagt drægi metan/bensínbíla meira en hefðbundinna bíla.

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Hauggas
Lífdísill
Metan
Lífrænn úrgangur
Mykja

Starfsfólk iðnaðarkjarna hjá Mannviti hefur unnið náið með aðilum sem koma að rannsóknum og nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum. Þessir aðilar eru meðal annarra SORPA, Landbúnaðarháskóli Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, Nýsköpunarmiðstöð og sorpsamlög um land allt. Verkefnin eru fjölbreytt og starfsmenn kjarnans koma að þeim á ýmsa vegu, meta urðunarstaði, setja fram tillögur að nýtingu, áætla kostnað og meta hagkvæmni, velja tækjabúnað og hafa umsjón með uppsetningu, setja upp stýrikerfi og vaktkerfi, ásamt verkefnastjórnun og eftirliti. Starfsfólk kjarnans býr yfir margvíslegri menntum og áralangri reynslu sem nýtist við úrlausn verkefna sem tengjast endurnýjanlegum orkugjöfum.

Gasvinnsla minnkar gróðurhúsaáhrifin
Metanhreinsistöð
Efnaferli
Nanótækni
Iðnaðarferli
Hreinni útblástur
Vélbúnaður
Endurnýjanlegt
Hreint loft í bæinn
Tvíbrennivél
Metaneldsneyti
Stýrikerfi
Efnaverkfræði
Lífræn raforka

Það er að svo mörgu að hyggja
Þegar gasgerðarstöð á að byggja
Þó er mestu um vert
Að vita þá hvert
Á að leita og þjónustu þiggja

Mannvit hf. | Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | s: 422 3000 | www.mannvit.is

# Bókin kemur út í sumar

Ný skoðunarbók með viðbæti um metanknúna bíla kemur út 1. ágúst.

„Það hefur verið að ýmsu að hyggja við gerð nýrra skoðunarreglna vegna metanknúinna bifreiða,“ segir Kristófer Kristófersson, verkefnastjóri tæknimála ökutækja hjá Umferðarstofu, um nýju skoðunarbókina sem skoðunarstöðvar fá nú mánaðartíma til að kynna sér svo vinnuaðferðir um allt land séu samræmdar frá og með 1. ágúst.

„Langur tími hefur farið í að fastsetja hversu langt við eigum að ganga í kröfum,“ segir Kristófer. „Við förum fram á að breytingar yfir í metanknúna bíla fari fram hérlendis. Eftir að búnaður hefur verið settur í bíla þarf Umferðarstofa vottorð um alla íhluti sem settir voru í bílinn og því næst fer hann á skoðunarstöð þar sem hann fær viðurkenningu eða ekki. Þaðan fáum við svo pappíra um að bíllinn hafi gengist undir skoðun og setjum athugasemd í skírteini bílsins um að hann sé einnig knúinn metangasi.“

Að sögn Kristófers skapaði þyngd gaskúta vandamál í nýju skoðunarhandbókinni.

„Lítill bíll með takmarkað burðarþol getur auðveldlega misst út farþega ef þungur gaskútur er kominn í bílinn, en við megum aldrei hrófla við eigin þyngd bíls eða ófrávíkjanlegu burðarþoli hans frá framleiðenda,“ segir Kristófer og ítrekar markmið Umferðarstofu að vinna fyrst og fremst að umferðaröryggi, því allt snúist þetta um mannslíf á endanum.

„Við viljum ekki sjá óþarfa slys vegna ólöglegra þyngda eða slakra festinga á kútum. Því þurfa kútar að snúa þversum í farmrými til að lenda ekki í baki farþega við aftanákeyrslu.“

Eftir 1. ágúst geta aðilar með fullt leyfi tekið að sér breytingar á bílum en þurfa fyrst að skila til Umferðarstofu viðurkenningu um að þeir hafi lært að skipta um búnað og breyta bílum.



**Kristófer Kristófersson er verkefnastjóri tæknimála ökutækja hjá Umferðarstofu, þar sem nú er lögð lokahönd á útgáfu nýrrar skoðunarbókar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lífsstíllinn smitar frá sér

**Jón Hjalti Ásmundsson, tæknilegur framkvæmdastjóri Frumherja, breytti fjölskyldubílnum svo hann gengi fyrir metangasi.**

„Við fjölskyldan fengum okkur nýjan Toyota Tundra í fyrrasumar en hann eyðir miklu bensíni og hafði ég strax áhuga á að gera hann metanknúinn. Ég hef fylgst með þróun metanmála hérlendis frá upphafi og komst að því að Vélamiðstöðin, sem er frumkvöðull í breytingum á Íslandi, skorti enn reglur til að vinna eftir. Því hóf ég, í samstarfi við Vélamiðstöðina og Umferðarstofu, vinnu við útfærslu reglna sem um þetta gilda,“ segir Jón Hjalti, sem var um árabil yfirmaður bílaskoðunar hjá Frumherja og vann að samræmingu regluverks bílaskoðana.



**Jón Hjalti Ásmundsson**

Á bíl Jóns Hjalta hefur tveimur kútum verið komið fyrir á palli bílsins. Svo þurfti viðbótarstykki á vélina sem blæs inn metani í stað bensíns. „Allir bensínbílar með beina innspýtingu geta orðið metanknúnir, en kútastærð fer eftir eyðslu bílsins. Erlendis er mikil þróun í kútaframleiðslu og við munum sjá trefjakúta hér sem eru léttari. Kútana má setja undir bíla, í farmrými og víðar,“ segir Jón Hjalti, sem finnur mun á seðlaveskinu eftir að Toyotan gekkst við metani. „Metan er í gasformi á bílum. Orkuinnihald færist yfir í lítra af bensíni, en lítrinn af metani útleggst á rúmar 100 krónur, sem er mikill sparnaður ef maður notar bílinn mikið. Ég er með tvo 70 lítra kúta og kemst langt á þeim. Bíllinn fer í gang á bensíni en skiptir yfir í metan þegar hann er orðinn heitur. Metanbúnaðurinn er þannig auka orkugjafi,“ segir Jón Hjalti sem finnur engan mun á krafti bílsins þegar hann er metanknúinn.

„Ég bíð spenntur eftir að komast í ókeypis bílastæði miðbæjarins því þeir sem menga undir ákveðnum mörkum mega leggja frítt. Svo smitar metanlífsstíllinn út frá sér því alltaf koma tveir til þrír að forvitnast og uppveðrast þegar ég tek eldsneyti á kútana. Þetta er enda mjög freistandi, ekki síst þegar eldsneytisverð hækkar.“



**Jón Hjalti gerði endurbætur á bílnum sem gengur nú fyrir metangasi.**



Við gerum þinn Škoda kláran fyrir sumarið

Vaxtalaust 100% þjónustulán

Það kostar minna en þú heldur að nýta þér þjónustu Magga og félaga á þjónustuverkstæði Škoda. Þú færð líka vaxtalaust 100% lán fyrir því sem þarf til að gera Škoda bílinn þinn kláran fyrir sumarið. Við lánum með sveigjanlegum greiðslum til allt að tólf mánaða*. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

*Lán geta numið að hámarki 500 þús, að lágmarki 60 þús. Lántökugjald: 3%.

Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

# METAN ER NÚTÍMINN

LÆGRI ÚTGJÖLD
MINNI ÚTBLÁSTURSMENGUN
BETRA ANDRÚMSLOFT

**VÉLAMIÐSTÖÐIN**
1964
Gufunes
112 Reykjavík
Sími: 5800 400
www.velamidstodin.is

## TAKTU GRÆNA SKREFIÐ OG SPARAÐU SVO UM MUNAR

Láttu okkur breyta bensínbílnum þínum í metan/bensín-tvíorkubíl. Með því lækkar þú eldsneytiskostnaðinn um 50% eða meira og útblástursmengun verður nánast engin. Ef metangasið klárast þá gengur bíllinn þinn á bensíni þar til fyllt er á með metan á ný.





## SIMMI OG JÓI TÓKU GRÆNA SKREFIÐ

Simmi og Jói tóku græna skrefið þegar Vélamiðstöðin breytti Fabrikkubílnum í metan/bensín-tvíorkubíl. Nú aka þeir um á helmingi lægra eldsneytisverði en áður.

## HJÁ OKKUR ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Vélamiðstöðin býr yfir 45 ára reynslu í uppfærslu og breytingum á bílum.

## DÆMI UM BÍLA SEM VÉLAMIÐSTÖÐIN HEFUR UPPFÆRT Í BENSÍN/METANBÍLA:

Audi A4
Chrysler Town&Country
Ford F150
Ford Focus
Ford Expedition,
Ford Explorer Sport trac
Dodge Dakota
Dodge RAM
Dodge Durango
Honda CRV
Lexus H300
Mitsubishi Pajero Sport.
Renault Kango
Skoda Oktavia
Skoda Fabia
Toyota Yaris
Toyota Tundra
Toyota Corolla
VW Transporter



**metanbill.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS ICP 50648 06/10




**● METANSTRÆTÓ VERÐUR Á SVÆÐINU Í DAG** „Við viljum leggja okkar af mörkum í notkun vistvænna, endurnýjanlegra orkugjafa. Við höfum verið að skoða leiðir til að stuðla að endurnýjun vagnflotans í þessa átt og erum að marka stefnu í umhverfismálum. Strætó bs. hefur átt í góðu samstarfi við Metan hf. og horfir meðal annars til frekari nýtingar á metangasi," segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. Fyrirtækið hefur verið með tvo metanvagna af Scania-gerð í rekstri undanfarin fjögur ár og tekur þátt í Metandeginum með því að sýna annan metanvagninn hjá N1 á Bíldshöfðanum.

# Orkubændur búa til eldsneyti úr mykju

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkustofnun, Ísor og verkfræðistofurnar Mannvit og Verkís fóru af stað síðastliðið haust með námskeiðið, Viltu verða orkubóndi? Orkubóndinn er námskeið fyrir áhugafólk um orkubeislun og hvernig hægt er að nýta tilfallandi endurnýjanlega orku. Farið var á tíu staði vítt og breitt um landið, en um 900 manns sóttu námskeiðið og viðtökur fóru langt fram úr björtustu vonum skipuleggjenda.

Á námskeiðunum var m.a. rætt um tækifæri í landbúnaði til að framleiða metaneldsneyti úr mykju og öðrum lífmassa sem til fellur í landbúnaði. Að sögn forsvarsmanna var mikinn áhuga að finna hjá þátttakendum um allt land fyrir metanframleiðslu.

Á einu námskeiðinu voru frumkvöðlar heimsóttir að Hraungerði í Flóa, feðgarnir Guðmundur Stefánsson og Jón Tryggvi tæknifræðingur. Þeir höfðu þá komið sér upp vísi að metanverksmiðju sem framleiða mun metaneldsneyti úr mykju sem til fellur á búi þeirra. Framtak þeirra er aðdáunarvert, enda hafa þeir að mestu byggt upp aðstöðu sína af eigin rammleik og notið velvildar og aðstoðar frá Sorpu bs., Metani hf. og Landbúnaðarháskóla Ísland. Árangur Guðmundar og Jóns varpar skýru ljósi á þau tækifæri sem leynast víða um land.



**Guðmar og Jón Tryggvi skoða hér vatnsþvegilsturninn í Hraungerði sem skilar frá sér hreinsuðu metaneldsneyti sem nýta má á ökutæki og vinnuvélar eða til rafmagnsframleiðslu og húshitunar ef það ætti við.**



**Guðmar Finnur Guðmundsson, staðarstjóri á Álfsnesi, ræðir hér við Jón Tryggva og Guðmund Stefánsson í vinnuaðstöðu feðganna í 20 feta skipagámi.**



**Orkuveitan hefur í mörg ár unnið að því að draga úr umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og hlaut meðal annars Kuðunginn, umhverfisverðlaun umhverfisráðuneytisins, árið 2004.**

# Metan og Orkuveita Reykjavíkur í samstarfi

**Orkuveita Reykjavíkur á í samstarfi við Metan hf. um notkun metans á bíla.**

Orkuveita Reykjavíkur hefur í mörg ár unnið markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og er mikil áhersla lögð á umhverfismál. Daglegur rekstur og verk eru unnin í takt við vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Umhverfisskýrsla kemur út árlega og þar er meðal annars gerð grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri fyrirtækisins, sem og öðrum þáttum sem orkuvinnsla hefur í för með sér. Árið 2004 hlaut OR Kuðunginn, umhverfisverðlaun umhverfisráðuneytisins.

Árið 2006 setti stjórn fyrirtækisins því þau markmið, að 55 prósent af bílaflota þess yrðu knúin vistvænu eldsneyti árið 2013 og síðan yrði haldið áfram á þeirri braut.

Í samræmi við þá stefnu hefur Orkuveita Reykjavíkur undanfarin ár notað bíla sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti. Um er að ræða rafbíla og metangasbíla, en fyrirtækið hefur verið í samstarfi við Metan hf. um notkun metans á bíla. Nú eru 24 metanbílar af ýmsum gerðum í notkun hjá fyrirtækinu og hefur rekstur þeirra gengið afar vel.




**Orkuveitan hefur á síðustu árum notað bíla sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti.**

# Umhverfisvæn bílasprautun

Múli bílaréttingar ehf., í samstarfi við Sprautun ehf., fjárfesti í metan-sprautuklefa frá Ítalíu árið 2004 með það að markmiði að gera starfsumhverfið eins umhverfisvænt og hægt væri. Að sögn eigenda, Sigurðar og Sigrúnar, hefur búnaðurinn reynst vel í alla staði.

Notast er eingöngu við íslenska orku á vinnustaðnum þar sem íslenska metanið leysir af hólmi innflutt eldsneyti sem annars er notað við sambærileg störf. Um er að ræða eina verkstæðið á sínu sviði á Íslandi sem stigið hefur græn spor með notkun á íslensku metani með þessum hætti. Múli er til húsa á Tunguhálsi 8 í Reykjavík – heimasíða fyrirtækisins er muli.is.




**Múli bílaréttingar ehf. er eina verkstæðið á sínu sviði hérlendis sem hefur stigið græn spor með því að fjárfesta í metan-sprautuklefa.**

ÁBYRGÐ TIL 7 ÁRA

**ÞÚ GETUR LÆKKAÐ ELDSNEYTISKOSTNAÐ ALLT AÐ**

# 50%

**MEÐ UPPFÆRSLU Í BENSÍN/METAN BÍL**

Við hjá **EINUM GRÆNUM** uppfærum bílinn þinn í **BENSÍN/METAN** bíl með háþróuðu og notendavænu gaskerfi frá **G-1**

Eftir ísetningu getur þú lækkað eldsneytiskostnaðinn allt að **50%** og ekið á bensíni eða metan allt eftir því hvað hentar

Hröð og einföld ísetning með 7 ára ábyrgð

www.g1.is

**Verð á búnaði með ísetningu**

4 cyl kr. 395,000 m.vsk
6 cyl kr. 459,000 m.vsk
8 cyl kr. 495,000 m.vsk

GRÆN ORKA

ALLA LEIÐ

# Náttúrulega góður

**Nýr og framúrskarandi metanbíll, Mercedes-Benz B-Class NGT**




**Komdu og reynsluaktu nýjum og umhverfismildum Mercedes-Benz B-Class NGT.**

Mercedes-Benz B-Class NGT brennir bæði bensíni og metangasi. Hann er sérlega hagkvæmur í rekstri þar sem hver ekinn kílómetri á metangasi kostar 50% minna en þegar ekið er á bensíni.

Í ofanálag falla ekki önnur gjöld en virðisaukaskattur á Mercedes-Benz B-Class NGT vegna þess hversu umhverfismildur hann er. Þar af leiðandi getum við boðið hann á hagstæðara verði, en grunnútfærsla bílsins kostar aðeins **4.310.000 kr.**

Mercedes-Benz B-Class NGT er einkar rúmgóður og skemmtilega hannaður bíll í borgina.
B-Class NGT fær að auki frítt bílastæði í 90 mínutur í senn í miðborg Reykjavíkur.
Komdu og prófaðu.

**Sjáðu Mercedes-Benz í nýju ljósi, við tökum vel á móti þér.**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-1023

Mercedes-Benz

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



**Vivienne Westwood** Er farin að snjóþvo í rauðu.

# ELDRAUÐUR Á DAGSKRÁ

**Helstu tískuhönnuðir heims sýndu karlmannafatalínur sínar í „beint-á-herðatréð“ deildinni í Mílanó í vikunni. Líkt og í komandi haust- og vetrarlínu karlmannafata var rautt veiðileyfi gefið á pöllunum.**

Meistarar Dolce&Gabbana voru meðal þeirra tískuhönnuða sem sýndu það heitasta í karlmannafatatískunni á tískuvikunni „beint-á herðatréð“, eða „ready to wear“ í Mílanó sem hófst á mánudag. Fötin voru létt sumarföt, hörflíkur, hné- og stuttbuxur og skyrtur. Rauði liturinn lék stórt hlutverk á pallinum og var mikið um rauðar skyrtur, einlitar og svo köflóttar. Og ef Dolce&Gabbana segir að eitthvað sé rautt – þá eru það lög. Enda er haust- og vetrar karlmannatískan 2010-2011, sem sýnd var í vor, með mjög rauðu ívafi. Aðrir tískuhönnuðir í rauða þemanu voru meðal annars Vivienne Westwood, Roberto Cavalli og Versace.

*juliam@frettabladid.is*



**Dolce& Gabbana** Var mikið með rauðköflótt föt í línu sinni.

**Roberto Cavalli** Vínrauður kúrekajakki.

# Flott föt á spottprís

**Fatamarkaður verður haldinn í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði á laugardaginn en þá ætla fjórar vinkonur að tæma yfirfulla fataskápa sína.**



Hægt verður að gera kostakaup á flottum fötum á markaðnum á laugardaginn.

„Við þurftum allar að losa okkur við föt úr skápunum og ákváðum því að halda fatamarkað í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði, okkar heimabæ,“ segir Áslaug Þorgeirsdóttir, sem ætlar að selja föt, skart og skó ásamt Rakel Rúnarsdóttur, Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur og Lóu Fatou Einarsdóttur á laugardaginn milli klukkan 12 og 17.

Áslaug lofar því að gestir geti gert góð kaup á flottum merkjavörum frá helstu tískuhúsum borgarinnar en einnig erlendum merkjum sem ekki fást hér.

„Ég var að koma heim frá Miami eftir þrjú ár með tíu töskur af fötum og merkjum sem ekki eru seld hér. Ég átti auðvitað fullt af fötum hér heima líka þannig að það var ekki um annað að gera en losa sig við eitthvað. Rakel er mikið tískufrík en hún heldur úti bloggsíðunni Svart á hvítu ásamt annarri og einhverjar okkar hafa unnið í tískuverslunum svo það hefur safnast í skápana. Þarna verða föt, skór og aukahlutir, veski, skart og hárskraut og verðinu auðvitað stillt í hóf.“ *- rat*













HVERJIR VERÐA HEIMSMEISTARAR?
HM LEIKURINN
VINNUR ÞÚ?
1. Skráðu bílinn frítt á Netbilar.is
2. Giskaðu á sigurvegara HM
3. Ef þú hefur rétt fyrir þér endurgreiðum við þér söluþóknunina!
NETBÍLAR - #1 í bílum!
Netbilar.is - S: 588-5300
Híðasmári 2 - Kópavogur

Fleetwood Cheyenne ,06. Fortj., sólarsella, grjótgr. og broiler. 1.680þús. Uppl. í S 894 2460

Mitsubishi L200 árg.'03. Ek. 140 þ. km. Toyota Yaris árg.'08 Ek. 49 þ.km. S. 893 2264.

## 0-250 þús.

Subaru Lecacy outback árg. ,96. Ek. 200þ/km. Nýsk. V. 240þ. Uppl. í S. 894 6086

## 250-499 þús.



**TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ**
Suzuki Vitara 1.6 beinskiptur 4x4 ekinn 210 en 130 á vél sk 2011 álfelgur 30"dekk dráttarbeysli toppbogar. Verð 365.000 S. 777-4503

Til sölu Toyota Yaris árg.1999,4dyra,keyrður 127þús,sumar og vetrardekk,smurbók,gott eintak verð 450 þús.Uppl.868 8748.

## 1-2 milljónir



Porsche 944 S2 árg. ,91, 3.0L, ek. 180 þ., v. 1.750 þ. Mjög gott eintak. Engin skipti. s. 695 3521.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## 2 milljónir +

HVERJIR VERÐA HEIMSMEISTARAR?
HM LEIKURINN
VINNUR ÞÚ?
1. Skráðu bílinn frítt á Netbilar.is
2. Giskaðu á sigurvegara HM
3. Ef þú hefur rétt fyrir þér endurgreiðum við þér söluþóknunina!
NETBÍLAR - #1 í bílum!
Netbilar.is - S: 588-5300
Híðasmári 2 - Kópavogur

## Bílar óskast

HVERJIR VERÐA HEIMSMEISTARAR?
HM LEIKURINN
VINNUR ÞÚ?
1. Skráðu bílinn frítt á Netbilar.is
2. Giskaðu á sigurvegara HM
3. Ef þú hefur rétt fyrir þér endurgreiðum við þér söluþóknunina!
NETBÍLAR - #1 í bílum!
Netbilar.is - S: 588-5300
Híðasmári 2 - Kópavogur

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Ó.e. að kaupa Hyundai Getz, Ford Fiesta, Toyota Yaris, dökkgráa, sjálfs. bíla, 2-3 ára og staðgr. í boði fyrir góðan bíl. S. 690 5884.

## Jeppar



LandCruiser 120 GX diesel 06/'05, ljósgrár, 33", ek. 69þ. ssk. 6diska CD, krókur, húddhlíf og sílsalistar. V. 5,490 millj. S. 892 9804.



Nissan Terrano II 3.0 disel, árg. ,03, sjálfsk. ek. 182 þ. ath. öll skipti á ód. V. 1750 þ. s. 772 0000.

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: leit.is/servefir/fjardarbolstrun

MAE - YA SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðilinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karry kr. 1090.-
Sími: 564 6677

OPNUNARTILBOÐ
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

FERÐABOXIN FRÁ HAPRO
Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO.
Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið.
Frábært verð.
Bílabjörgun
Óseyri 5 - 603 Akureyri - Sími: 842 5700 - 462 4222 - www.bilabjorgun.is

TILBOÐ Á ASTONISH HREINGERNINGAVÖRUM
Astonish Oven & Cookware Cleaner
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið - Nethyl 2 - sími: 5870600 - www.tomstundahusid.is

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiraprófs réttinda

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Hjólbarða Grafarvogs verkstæði
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

Glæsilegu undirfötin frá Lauma komin.
Frábær verð
Haldari 6.990 kr.
Buxur 2.990 kr.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
Vagnhöfða 7, kjallara • 110 RVK • S. 445 5562 • Gsm 615 2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

**SHERRY STRINGFIELD ER 43 ÁRA**

*„Það hlýst margt gott af frægðinni, en það var ekki fyrr en hún hafði orðið prinsessu að bana að fræga fólkið fór að tala um hversu dýrkeypt hún er.“*

***Leikkonan Sherry Stringfield er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Dr. Susan Lewis í ER, en fyrir það hlaut hún margar Emmy- og Golden Globe-tilnefningar.***



**ÞETTA GERÐIST** 24. JÚNÍ 1724

## *Harmræn ástarsögulok*



Appólónía Schwartzkopf, norsk heitkona amtmannsins á Bessastöðum, lést skyndilega á Bessastöðum fyrir 286 árum. Hún kom til Íslands 1722 eftir að hafa kært Niels Fuhrmann amtmann fyrir heitrof. Hann var dæmdur í Hæstarétti til að eiga hana og sjá fyrir henni, og bjó hún hjá honum á Bessastöðum uns hún andaðist þar úr undarlegum sjúkdómi. Á sama tíma voru á Bessastöðum danskar mæðgur, Katrín og Karen Holm. Þegar Appólónía lést voru mæðgurnar grunaðar um að hafa orðið henni að bana með eitri, en ekki tókst að færa sönnur á það við rannsókn. Skáldsaga Guðmundar Daníelssonar, Hrafnhetta frá 1958, og leikrit Þórunnar Sigurðardóttur, Haustbrúður sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu 1989, fjalla bæði um Appólóníu.



†

*Móðir mín,*

**Laufey Sigurðardóttir**

áður til heimilis að Espigerði 4,

lést á Hrafnistu sunnudaginn 20. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 28. júní kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Lísa Thomsen.**



†

*Ástkær bróðir okkar og mágur*

**Grétar Breiðfjörð**

Álfhólsvegi 109

lést 15. júní sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög

**Kolbrún Jónsdóttir** / **Jörgen Tomasson**
**Ævar Breiðfjörð** / **Ásta Guðjónsdóttir**
**Ragnar Breiðfjörð** / **Jóna S. Kristinsdóttir**
**Dorothy M. Breiðfjörð** / **Daníel Guðmundsson**
**Óskar Breiðfjörð**
**Margrét Breiðfjörð**
**Kristín Breiðfjörð** / **Jón Emil Hermannsson**



†

*Okkar ástkæra*

**Lilja Bernhöft**

áður til heimilis að Meistaravöllum 11 í Reykjavík,

lést á dvalarheimilinu Grund við Hringbraut mánudaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 30. júní kl. 11.

**Baldur Sigurðsson** / **Eva Benediktsdóttir**
**Gísli Sigurðsson** / **Guðrún Hólmgeirsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** / **Guðmundur Bjarnason**
**og Þóra Bjarnadóttir**



†

*Ástkær faðir minn,*

**Kristján Benedikt Hjartarson**

frá Knarrarhöfn, Dalabyggð,

andaðist á Vífilsstöðum 9. júní. Útför hans hefur farið fram.

**F.h. fjölskyldunnar,**
**Ingunn Hjördís Kristjánsdóttir.**



†

*Elskulegur bróðir minn og frændi okkar,*

**Sumarliði Maríasson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 15. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 28. júní kl. 13.00.

**Matthildur Maríasdóttir**
**og frændsystkini.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Björns Nielsen**

Þverárseli 6, Reykjavík.

**Þórdís Andrésdóttir**
**Hildur Nielsen** / **Sigurður Sigurjónsson**
**Andrés Nielsen** / **Ásta Guðrún Jóhannsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**

Sléttuvegi 11, Reykjavík,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi 10. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju 28. júní kl. 13.00.

**Jón Jósefsson**
**Anna Guðrún Jósefsdóttir**
**Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir**
**Jón Ingvar Ragnarsson**
**Guðmundur Ragnarsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Njörður Tryggvason**

byggingaverkfræðingur,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 18. júní. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 14.00.

**Kristrún Jónsdóttir**
**Jón Tryggvi Njarðarson** / **Elisabeth Eigenberg**
**Hróðný Njarðardóttir** / **Snorri Gunnarsson**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Matthildur Þórhallsdóttir**

húsfreyja í Ártúni Grýtubakkahreppi,

lést fimmtudaginn 17. júní á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Jarðsungið verður frá Laufáskirkju laugardaginn 26. júní kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Lyflækningadeild 1 Sjúkrahúss Akureyrar. Fyrir mína hönd og annarra vandamanna,

**Sveinn Sigurbjörnsson.**




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MEÐ KJARK OG TRÚ** Hildur Hermóðsdóttir, bókaútgefandi hjá Sölku.

BÓKAÚTGÁFAN SALKA: ER TÍU ÁRA

# Hið hugsanlega er mögulegt

„Okkur langaði að láta kvenleg sjónarmið ráða í bókaútgáfu, þar sem okkur fannst skorta á þau í karlaveldinu Máli og menningu, þar sem við störfuðum áður,“ segir Hildur Hermóðsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Sölku, sem fagnar tíu ára afmæli í dag. Hildur stofnaði Sölku ásamt Þóru Sigríði Ingólfsdóttur árið 2000, en með ung börn ákvað Þóra að selja Hildi hlut sinn tveimur árum síðar.

„Upphaflega ætluðum við bara að gefa út bækur eftir konur fyrir konur og um konur, en síðan hafa höfundar af báðum kynjum sótt til okkar um útgáfu og upphaflegt markmið breyst því oft fáum við eitthvað freistandi í hendurnar sem við viljum ekki missa af og látum þá ekki aftra okkur að höfundurinn sé karl,“ segir Hildur hláturmild og bætir við að hún sé lítið fyrir að gefast upp.

„Ég var alltaf ákveðin í að gera Sölku að stórfyrirtæki og held það sé að takast. Síðustu tvö ár hafa verið sérstaklega uppgangssöm og nú erum við með fjórar af okkar nýjustu bókum á metsölulista. Það er rífandi gangur og þótt kreppan hafi fyrst skotið mér skelk í bringu hefur óttinn verið ástæðulaus því fólk hefur leitað í gömul gildi eins og bóklestur og hyggur inn á við, en okkar bækur gefa gjarnan gott í sálina,“ segir Hildur sem sótti nafn útgáfunnar til Sölku Völku; sterkrar og sjálfstæðrar söguhetju Halldórs Laxness.

„Salka starfa í anda Leyndarmálsins, hefur trú á því sem hún gerir, stefnir ótrauð á takmörk sín og starfar í jákvæðum anda,“ segir Hildur og vísar til metsölubókarinnar Leyndarmálsins þar sem stendur: Hið hugsanlega er mögulegt.

„En þetta er erfiður bransi og þarf mikið til að ríða feitum hesti frá. Það þarf að breyta bóksölukerfi á Íslandi því við setjum allt í umboðssölu bókaverslana þar sem þær hafa mjög langan greiðslufrest og mega til baka skila öllu sem ekki selst. Það þarf maður að kreditfæra, sem er ósanngjarnt með hliðsjón af annarri smásölu. Bókaútgáfur borga þungan kostnað án þess að fá krónu til baka í rekstur sinn fyrr en löngu seinna þegar bækur sitja mánuðum saman í búðum án þess að fyrir þær fáist greitt. Ég segi því stundum að bókaútgáfa sé eftir-á-bisness, en auðvitað ættu bókaverslanir að kaupa af okkur bækur á heildsöluverði og lækka síðan verðið eins og með aðra vöru sem ekki selst og fer þá á útsölu.“

Hildur segir bókaútgáfur vinna gríðarstórt menningarstarf.

„Bókaútgáfur skaffa lesendum lesefni og halda menningarverðmætum til haga með því að gefa út bækur, en fá afar lítinn stuðning eða ívilnanir frá hinu opinbera til að standa í því öllu saman. Ég vil sjá Landsbókasafnið, sem við erum skyldug til að gefa fjögur eintök af öllum útgefnum bókum, kaupa þau eintök því hafi maður gefið út 200 bækur um dagana hefur maður fært þeim 800 bækur að gjöf. Það munar um minna og ætti að vera sjálfsagður stuðningur við það sem forlögin gera,“ segir Hildur sem þrátt fyrir allt lítur björtum augum fram á veginn.

„Með þessu áframhaldi sé ég Sölku orðna að stórveldi eftir tíu ár; og að sjálfsögðu í anda Leyndarmálsins.“

**thordis@frettabladid.is**


10stk
Stjúpur
795
20stk
Stjúpur
1295
...saman í
40 ár
Afmælistilboð
í Blómavali
Stór
Afmælis-
blómvöndur
1990
Birki
í pottum
70-100 cm
799
120-180
1199
Allar
bakkaplöntur
2990
Birki - Stafafura
Blágreni - Reyniviður
Sitkabastarður
Sitkagreni
Allir
garðálfar
30%
AFSLÁTTUR
Allir
garðrósir
30%
AFSLÁTTUR
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

### Tillaga að aðalskipulagi fyrir Suðvesturlínur í Hafnarfirði.

**Leiðrétting hvað varðar auglýsingartíma.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2010, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 fyrir Suðvesturlínur í Hafnarfirði ásamt umhverfisskýrslu , sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

**Aðalskipulagsbreytingin felst í eftirfarandi atriðum:**

- Bætt verður við tveimur 400 kV loftlínum við línustæði núverandi Búrfellslínu 3b.
- Hamraneslínur 1 og 2, sem eru 220 kV loftlínur verða lagðar af þegar ný lína hefur verið reist frá Sandskeiði í Hafnarfjörð, í stað þess að vera lagðar í jarðstrengi eins og gildandi aðal skipulag gerir ráð fyrir.
- Byggt verður nýtt tengivirki í Hrauntungum, vægi tengivirkis við Hamranes minnkað og allar loftlínur að því lagðar af, í stað þess að færa tengivirkið til suðurs eins og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.
- Kolviðarhólslína 2 tengist Hamranesi í fyrstu en legu hennar frá Stórhöfða verður breytt og mun hún þá liggja um Hraunt ungur og meðfram Suðurnesjalínu 2 að Njarðvíkurheiði.
- ÍSAL-línur 1 og 2, 220 kV, frá tengivirkinu við Hamranesi að álverinu í Straumsvík verða lagðar af. Í stað þess verða reistar tvær 220 kV loftlínur, ÍSAL-línur 3 og 4, 220 kV, frá nýja tengivirkinu í Hrauntungum að álverinu í Straumsvík. Samkomulag Landsnets og Hafnarfjarðarbæjar gerir ráð fyrir þeim möguleika að þær verði síðar lagðar í jarðstrengi.
- Áður en nýja tengivirkið verður byggt 2017 verða reistar tvær loftlínur milli Hrauntungna og Hamraness vegna niður rifs Hamraneslína 1 og 2. Þegar tengivirkið við Hrauntungur er risið verða þær rifnar á kaflanum frá Hraunhellu að Hamra nesi, en hinn hluti þeirra nýtist sem hluti ÍSAL-lína 3 og 4.
- Þá verða lagðir tveir 132 kV jarðstrengir frá nýja tengivirkinu að tengivirkinu við Hamranes. Strengirnir verða meðfram fyrirhuguðu línustæði ÍSAL-lína 3 og 4 að Hraunhellu og þaðan meðfram núverandi línustæði Suðurnesjalínu 1 að tengivirkinu við Hamranes.
- Suðurnesjalína 1, sem er 132 kV lína, verður lögð af frá tengi virkinu við Hamranes að sveitarfélagsmörkum við Sveitarfélagið Voga, en ekki lögð í jarðstreng að sveitarfélagsmörkum við Voga eins og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.
- Í stað þess verður reist ein 220 kV loftlína, Suðurnesjalína 2 frá nýja tengivirkinu í Hrauntungum yfir í núverandi legu Suður nesjalínu 1 við sveitafélagsmörkin. Jafnframt mun Kolviðarhólslína 2 liggja samsíða henni. Breytingin er gerð með fyrirvara um framkvæmdir sem kunna að falla undir lög um mat á umhverfis áhrifum (nr. 106 25. maí 2000) og álit liggur ekki fyrir um.

Það leiðréttist hér með að aðalskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verður til sýnis í þjónustuveri Hafnar-fjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 16. júní 2010 til 14. júlí 2010, en ekki til 11. júlí eins og sagt var í fyrri auglýsingu. Einnig verður tillagan ásamt umhverfisskýrslu til sýnis hjá Skipulagsstofnun á sama tíma. Hægt er að skoða aðalskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 28. júlí 2010, en ekki 25. júlí eins og sagt var í fyrri auglýsingu. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.



# Hvað er lífið – þetta er lífið!

BAKÞANKAR
Charlotte Böving



Heima hjá mér lékum við leik fyrir stuttu sem gekk út á það að koma með hugmyndir að því hvað lífið er. Í anda upphrópunarinnar: „Þetta er lífið!“ Svona eins og maður segir það fullur af hamingju og lífsgleði.

**DÆMI** um þess konar hamingju: Ímyndið ykkur að sitja í góðra vina hópi við vel dekkað borð, í skugganum af eplatré í iðandi, grænum og sólríkum dönskum sumargarði. Við þær aðstæður myndum við gefa frá okkur gleðikallið: „Þetta er lífið!“ Sömu tilfinningu er lýst í þekktu sönglagi Benny Andersen, Svantes viser, þegar hann raular: „Livet er ikke det værste man har, og om lidt er kaffen klar…“ Nú hafa kannski ekki allir upplifað hinar ofangreindu dönsku aðstæður. Ég er dönsk, ég þekki þetta. Og hér á Íslandi reynum við eftir fremsta megni að skapa þessa sömu stemningu á sumrin, öll blöð auglýsa sumar og sól á pallinn – en raunveruleikinn er annar. Það vitum við vel.

**ÉG MAN** fyrsta skiptið sem ég keyrði um íslenskar sumarsveitir og sá fólk á tjaldstæðum í útigöllum. Það var mér það hulin ráðgáta hvers vegna í ósköpunum þetta fólk færi ekki bara inn. Hvers vegna að fara í útilegu ef veðrið var ekki gott? Í dag veit ég betur. Á Íslandi er ekki til vont veður, það er bara til illa búið fólk. Eins og einn afinn í fjölskyldunni sagði: Ég skil ekkert í því til hvers fólk er alltaf að þvælast til útlanda, við eigum fínustu pollagalla og ágæt gúmmístígvél hér heima.

**EN TIL** að snúa mér aftur að upphafinu, þá lékum við þennan leik í fjölskyldunni um það hvað lífið er. Það fyrsta sem barnið hrópaði, með blik í augum, var: „Lífið er að læra!“ Mamman (alías ég) var ánægð með þetta og hugsaði með sér að það rættist úr stelpunni. Eiginmaðurinn sagði: „Lífið er vinna.“ Týpískur karl! En hann hefur svo sem rétt fyrir sér. En fyrir mig er lífið að heyra hlátur barna minna og vita að á morgun sit ég í skugga dansks eplatrés og syng „…og nu er kaffen klar.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# menning

menning@frettabladid.is

**Klukkan 20 í Garðabæ**

*Í kvöld verður haldin Jónsmessugleði við strandstíginn og á ylströndinni í Sjálandshverfinu í Garðabæ og stendur hún frá kl. 20-24. Hátíðin er haldin í annað sinn og að henni stendur Gróska, samtök myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist í Garðabæ og á Álftanesi. Tónlistar- og myndlistarfólk leiðir saman hesta sína til að búa til karnivalstemmingu þar sem allir gefa vinnu sína.*

## Ódýrasta hjónabandsráðgjöfin

„Það er fátt sem hressir meira upp á hjónabandið en að horfa á aðra sem eru að moka meiri skít en maður sjálfur," segir í tilkynningu frá Himnaríki og Reykjavik by Day & Night sem hafa gert samkomulag um uppsetningu á einleiknum Sellófon eftir Björk Jakobsdóttur. Einleikurinn er á ensku og verður frumsýndur í Iðnó í kvöld og framvegis sýndur á fimmtudögum og sunnudögum fyrir bæði erlenda ferðamenn sem og Íslendinga. Sellófon sló eftirminnilega í gegn árið 2002. Það var sýnt yfir 200 sinnum og hefur í kjölfarið verið sett upp 19 sinnum í 12 Evrópulöndum. Nú hefur verkinu verið boðið á Edinborgar-hátíðina í ágúst en verður að öðru leyti sýnt á ensku í Iðnó í allt sumar. Þórunn Lárusdóttir leikur hlutverk Elínar, nútímaofurkonunnar sem er allt í senn: móðir, eiginkona, framakona, megrunar- og heilsu-gúrú, fyrirmyndardóttir og kynóð kynlífsdrottning eða ekki.



**KYNLÍFSDROTTNING** Eða ekki. Þórunn finnur sig vel í hlutverkinu.

**> Ekki missa af …**

Í kvöld verður haldið pólitískt menningar- og skemmtikvöld á Hressó. Dagskráin hefst klukkan 21 og er yfirskrift kvöldsins Virkjum baráttugleðina. Meðal þeirra sem koma fram eru Einar Már rithöfundur, sem mun lesa upp úr nýrri bók, Birgitta Jónsdóttir alþingiskona fer með ljóð og Eyjólfur Eyvindarson, betur þekktur sem Sesar A, syngur. Kynnir kvöldsins er Þorleifur Gunnlaugsson.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**16.06.10 - 22.06.10**




**1** Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.




**2** Vegahandbókin 2010
Ýmsir höfundar




**3** Makalaus - kilja
Tobba Marinós




**4** 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu - Reynir Ingibjartsson




**5** Íslenska plöntuhandbókin -
Hörður Kristinsson




**6** Morgnar í Jenín - kilja
Susan Abulhawa




**7** Hafmeyjan - kilja
Camilla Läckberg




**8** Góða nótt yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson




**9** Heitar laugar á Íslandi
Jón G. Snædal




**10** Rikka og töfrahringurinn
Hendrikka Waage

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**PÖNK Á PATRÓ** Jóhann Ágúst Jóhannsson segist spenntur fyrir fyrsta degi tónlistarhátíðarinnar Pönk á Patró. FRETTABLADID/STEFÁN

# FER MEÐ PÖNK TIL PATRÓ

**Menningarhátíðin Pönk á Patró verður haldin tvo laugardaga í sumar á Patreksfirði. Ein hljómsveit mætir í hvort skipti og verður reynt að ná til allra aldurshópa.**

„Við fengum þetta hugarfóstur þegar við vorum við nám á Bifröst. Nú er þetta bara að gerast og spenningurinn er mikill! Það er líka alveg frábært að fólk er að taka mjög vel í þetta," segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, annar skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Pönk á Patró á Patreksfirði.

Jóhann Ágúst og Alda Davíðsdóttir halda tónlistarhátíðina Pönk á Patró í fyrsta sinn laugardaginn, 26. júní. Hátíðin verður haldin tvo laugardaga í sumar og ein hljómsveit mætir í hvort skipti og verður reynt að höfða til allra aldurshópa.

Það verða Heiðar, Halli og félagar í Pollapönk sem ríða á vaðið á laugardaginn. Amiina kemur svo fram laugardaginn 7. ágúst með frumsamda tónlist. Amiina ætlar einnig að sýna sígildar hreyfimyndir Lotte Reiniger úr ævintýrunum um Þyrnirós, Öskubusku og Aladdín. Vestfirski tónlistarmaðurinn 7oi hitar upp fyrir Amiinu.

„Það er mikilvægt að taka það fram til að forðast allan misskilning að pönkið sem hér um ræðir er fólgið í athöfninni og frumleikanum, sögninni að gera eða að láta vaða," segir Jóhann.

„Það vísar ekki beint til tónlistarinnar því við komum til með að vera með fjölbreytilegri tónlist en bara pönk. Það skal þó taka það fram að tónlistin verður í aðalhlutverki."

Hver og einn viðburður verður einstakur en ramminn er alltaf sá sami. Yfir daginn verður tónlistarsmiðja fyrir börn og unglinga. Þar fá tónlistarmennirnir tækifæri til að mynda tengsl við yngri kynslóðina með því að segja þeim sögur, sýna þeim hljóðfæri og svara spurningum áður en þeir halda svo smá tónleika fyrir þau.

Meðan á þessu stendur gefst foreldrum tækifæri til að skoða sig um og sækja markað í næsta húsi. Einnig verða sýndar gamlar íslenskar tónlistarmyndir í Skjaldborgarbíói, en þar verður foreldrapössun. Verðinu á þessum dagskrárlið verður haldið í lágmarki en ókeypis er á viðburðina yfir daginn.

Um kvöldið er síðan seinni dagskrárliðurinn. Þá mætir Dr. Gunni og stendur fyrir Popppunktsspurningakeppni auk þess sem hljómsveitirnar slá upp tónleikum fyrir alla aldurshópa. Verðinu á þessum dagskrárlið verður haldið í lágmarki en ókeypis er á viðburðina yfir daginn.

linda@frettabladid.is


## BROSANDI ALLAN HRINGINN

Veitingastaðir á öllum hótelum • Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta
Gistiverð frá 5.000 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí

hotel edda






13 HÓTEL
ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

**>LITHGOW Í APAPLÁNETUNNI**

Vondi karlinn úr síðustu Dexter-seríu, hinn frábæri John Lithgow, leikur föður James Franco í kvikmynd um apaplánetuna sem fer í framleiðslu innan skamms. Freida Pinto, stjarnan úr Viltu vinna milljarð, ku einnig fara með hlutverk í myndinni sem á að gerast á undan síðustu mynd um plánetuna.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Óskarsverðlaunin í janúar?

Mikill titringur er í Hollywood um þessar mundir vegna hugmynda sem virðast vera uppi um að færa Óskarsverðlaunahátíðina. Hátíðin hefur hingað til verið haldin í mars, en samkvæmt vefsíðunni Deadline.com gæti farið svo að hátíðin fari fram í janúar á næsta ári.

„Verðlaunatímabilið er allt of langt í dag,“ er haft eftir heimildarmanni Deadline.com. Þar er vísað í að Óskarsverðlaunin teygi tímabilið of mikið, en á meðal verðlauna sem eru afhent fyrr á árinu eru Emmy, Golden Globes og BAFTA. „Tilfærslan myndi stytta tímann sem fólk hefur í „kosningabaráttu“. Þetta myndi einnig gera Óskarsverðlaunin aðalhátíðina á ný. Eina slæma við þetta er að fólk ætti erfitt með að sjá allar myndirnar sem eru tilnefndar áður en hátíðin færi fram.“

Enginn hefur stigið fram og staðfest hugmyndirnar. Annar heimildarmaður telur ólíklegt að þær nái fram að ganga vegna þess að margir nefndarmenn séu komnir á aldur og muni ekki tileinka sér tæknilegar umbætur sem þyrfti að ráðast í til þess að tilfærslan yrði að veruleika.

Ef af þessu verður er ljóst að tímabilið sem stórmyndirnar eru sýndar myndi styttast og færast til. Bíóunnendur þyrftu því að aðlagast nýjum tímum eins og nefndarmennirnir.



**FÆRA ÓSKARINN?** Hugmyndir eru uppi um að færa Óskarsverðlaunahátíðina og halda hana í janúar.

# Freddy Krueger snýr aftur í draumum fólks

Freddy Krueger snýr aftur í níunda skipti í hrollvekjunni A Nightmare on Elm Street. Myndin var frumsýnd í gær, en naut mikilla vinsælda þegar hún var frumsýnd í bandarískum kvikmyndahúsum.

Í myndinni ásækir Freddy Krueger drauma unglinga, en eins og áður er hann þakinn brunasárum og með klær á annarri hendi. Ef honum tekst að myrða þau í draumunum deyja þau í raunveruleikanum. Í fyrstu er talið að morðin séu handahófskennd, en seinna kemur í ljós að fórnarlömbin tengjast öll á ófyrirsjáanlegan hátt. Leikarinn Jackie Earle Haley túlkar Freddy að þessu sinni, en hann fékk mikið lof fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Little Children. Hann lék einnig í Watchmen, Shutter Island og Semi-Pro.

**9** kvikmyndir hafa verið gerðar í Nightmare on Elm Street-seríunni.

Nightmare on Elm Street-hrollvekjurnar hafa notið mikilla vinsælda frá því að fyrsta myndin kom út árið 1984. Wes Craven var við stjórnvölinn á fyrstu myndinni, en Samuel Bayer leikstýrir þeirri nýjustu. Þegar hefur tilkynnt að hann leikstýri næstu mynd í hrollvekjuröðinni sem hefur halað inn hátt í 500 milljónir dollara á 26 árum.



**HRIKALEGUR** Freddy Krueger yrði seint verðlaunaður fyrir fallegt útlit.



**GRÍNMYND SUMARSINS** Elítan í grínleik leiðir saman hesta sína í kvikmyndinni Grown Ups.

# Karlar verða strákar á ný

**Fimm vinir hittast aftur eftir 30 ár og ákveða að rifja upp gömul bernskubrek. Þetta er söguþráður nýrrar gamanmyndar úr smiðju Adams Sandler og félaga.**

Kvikmyndin Grown Ups verður frumsýnd í bíóhúsum landsins í dag. Myndin skartar elítunni í grínleik í öllum hlutverkum en með aðalhlutverkin fara Adam Sandler, Kevin James, Rob Schneider, Chris Rock og David Spade. Það er framleiðslufyrirtæki Sandlers, Happy Madison Productions, sem framleiðir myndina og hann er einnig annar af handritshöfundunum. Leikstjóri myndarinnar er Dennis Dugan en hann hefur áður leikstýrt myndunum Happy Gilmore, Big Daddy og I Now Pronounce You Chuck & Larry sem einnig eru hugarfóstur Sandlers og með honum í aðalhlutverki. Myndin fjallar um fimm vini sem hittast á ný í jarðarför gamals körfuboltaþjálfara en þeir hafa ekki séð hver annan í 30 ár. Til að fagna endurfundunum ákveða félagarnir að eyða einni helgi saman, ásamt fjölskyldum sínum, á æskuslóðunum. Það er óhætt að segja að mikið gengur á þegar félagarnir reyna að verða aftur strákar og endurupplifa bernskubrek sín. Leikararnir hafa aldrei áður komið saman í einni og sömu myndinni en hafa allir komið við sögu hjá framleiðslufyrirtækinu Happy Madison.

Í myndinni koma einnig við sögu fleiri fræg nöfn á borð við Sölmu Hayek, sem leikur eiginkonu Sandlers, og Steve Buscemi sem bregður fyrir í aukahlutverki í myndinni.

alfrun@frettabladid.is

**SLÓ Í GEGN HJÁ ADAM SANDLERS**

Fyrsta myndin sem framleiðslufyrirtæki Adam Sandlers, Happy Madison Production, framleiddi var grínmyndin Deuce Bigalo: Male Gigalo sem kom leikaranum Rob Schneider á kortið. Fyrir hafði Schneider einungis verið í aukahlutverkum í myndum þar sem Sandler lék aðalhlutverkin. Það má því segja að Adam Sandler og Rob Schneider er eigi sér langa sögu saman.



# Aðdáandi fann Pirates-handrit

Handrit fjórða framhalds Pirates of the Caribbean-seríunnar fannst nýlega í kaffihúsi í London. Myndin hefur hlotið undirtitilinn On Stranger Tides, en kvikmyndajöfrar gleymdu handritinu eftir hádegisverð.

Aðdáandi myndarinnar fann handritið, en stóðst freistinguna og kíkti ekki í handritið vegna þess að hann vildi frekar horfa á ævintýri Jacks Sparrow og félaga þegar myndin kemur út í maí á næsta ári. Aðdáandinn virðist þó ekki vera fullkomlega heiðarlegur þar sem hann afhenti breskri útgáfu handritið. Útgáfan vildi lítið með það hafa og afhenti eigandanum Walt Disney handritið á ný. Engum sögum fer af því hvort stjórarnir sem týndu handritinu séu ennþá í vinnu hjá kvikmyndarisanum.

Tökur á myndinni hófust á Havaí í vikunni, en áhorfendur munu fylgjast með leit Jacks Sparrow af æskubrunninum. Johnny Depp snýr aftur sem Sparrow og hin kynþokkafulla Penélope Cruz leikur æskuást Sparrows.



**TÝNDUR** En fundinn í dag. Jack Sparrow var á vergangi í London í vikunni.


POPP
fylgir Fréttablaðinu á morgun
Tilboðum rignir yfir fyrirsætuna
Bryndísi Gyðu
Vitranir um lífið eftir dauðann:
Boðberi er ný íslensk kvikmynd
Græjurnar sem gerðu
Steinda Jr.
að poppstjörnu
Hjörvar Hafliðason
gefur góð HM-ráð


# FATAHÖNNUÐIR

## BJÓÐA Í HEIMSÓKN Á JÓNSMESSU

Á SÍÐUSTU ÁRUM HEFUR FATAHÖNNUN Á ÍSLANDI VERIÐ Í MIKILLI SÓKN OG HEFUR MYNDAST KJARNI VERSLANA FRÁ MÖRGUM AF OKKAR BESTU HÖNNUÐUM VIÐ LAUGAVEG, SKÓLAVÖRÐUSTÍG OG NÆRLIGGJANDI GÖTUR. VILJUM VIÐ FATAHÖNNUÐIR AF GEFNU TILEFNI BJÓÐA YKKUR VELKOMIN

**Í KVÖLD FRÁ 18-21**

VIÐ BJÓÐUM UPP Á NÝJUSTU HÖNNUNINA, VEITINGAR, TILBOÐ OG ÝMISLEGT ÓVÆNT...

**STEINUNN**, BANKASTRÆTI 9
**ELM**, LAUGAVEGI 1
**SPAKSMANNSSPJARIR**, BANKASTRÆTI 11
**GUST**, BANKASTRÆTI 11
**ANDERSEN & LAUTH**, LAUGAVEGI 7
**HANNA**, LAUGAVEGI 20B VIÐ KLAPPARSTÍG
**KOW**, LAUGAVEGI 51
**DIZA-DESIGNERS CORNER**, LAUGAVEGI 44
**LÍBER**, LAUGAVEGI 58B
**EMAMI**, LAUGAVEGI 66
**NOSTRUM**, SKÓLAVÖRÐUSTÍG 1A
**BIRNA**, SKÓLAVÖRÐUSTÍG 2
**RÓSA DESIGN**, SKÓLAVÖRÐUSTIG 10
**KURLPROJECT-KIRSUBERJATRÉÐ**, VESTURGÖTU 4

## >GLAMRAÐI Á GÍTAR

**Sandra Bullock** steig á svið á kántrítónleikum í Nashville í vikunni og kynnti söngkonuna Faith Hill á svið. Sandra var með gítar með sér og reyndi að glamra á hann með frekar slæmum árangri, en hún náði samt stefinu í Deep Purple-laginu Smoke on the Water við mikinn fögnuð viðstaddra.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Yngstu þátttakendur Jónsvöku

Hugi Hlynsson og Júlía Runólfsdóttir opna ljósmyndasýninguna It‘s like living í Hinu húsinu í dag. Sýningin er í tengslum við Jónsvöku, listahátíð sem ætluð er ungu fólki, og fer fram dagana 24. júní til 27. júní.

Hugi og Júlía eru yngstu þátttakendur hátíðarinnar og er þetta þeirra fyrsta opinbera sýning. Á sýningunni eru svart/hvítar ljósmyndir sem teknar voru við Mývatn.

Hugi og Júlía kynntust á listahátíðinni LungA í fyrrasumar og hafa þau verið dugleg að taka myndir saman síðan þá. „Ég hef verið að taka ljósmyndir af miklum móð síðustu fjögur árin og er að mestu sjálflærður. Ég bý á Akureyri og þar er mikil félagsstarfsemi í kringum ljósmyndun og ég hef meðal annars fengið mörg góð ráð frá ljósmyndaklúbbnum Álku,“ segir Hugi.



**YNGSTU ÞÁTTTAKENDURNIR** Hugi Hlynsson og Júlía Runólfsdóttir eru yngstu þátttakendur Jónsvöku. Þau opna ljósmyndasýningu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann stundar nám á náttúrufræðibraut við Menntaskólann á Akureyri.

Hugi og Júlía sýna fjórar ljósmyndir hvort á sýningunni og eru þær að sögn Huga allar heldur minimalískar. Þó myndirnar á sýningunni séu landslagsmyndir segir Hugi þau helst taka andlitsmyndir. „Við tökum eiginlega mest portrettmyndir, en við tökum líka mikið myndir af hverju því sem fyrir augu ber og erum ávallt með myndavélarnar með okkur,“ segir Hugi og bætir við að þau séu orðin spennt fyrir opnuninni. „Þetta lítur rosalega vel út allt saman og það hefur verið mjög skemmtilegt að setja sýninguna upp,“ segir hann að lokum.

Sýningin opnar í Hinu húsinu klukkan 15.00. **- sm**

# Jay-Z kærður

**Rapparinn og viðskiptamógúllinn Jay-Z hefur verið kærður af þrotabúi einkaþotufyrirtækisins Air Platinum. Fyrirtækið fer fram á um 250.000 dollara í skaðabætur, eða um 30 milljónir íslenskra króna.**

**Jay-Z nýtti þjónustu fyrirtækisins í fyrra og flaug í 18 tíma, en fyrirtækið rukkar 4.500 dollara á tímann. Jay-Z á að hafa sleppt því að greiða reikninginn ásamt reikningi fyrir veitingar, um borð sem voru alls ekki ókeypis.**

**Air Platinum gerði út frá Miami og þjónustaði milljónamæringa. Fyrirtækið fór á hausinn í kjölfarið á lögsóknum sem kostuðu eigandann um 1,9 milljónir dollara.**



**BORGAÐI EKKI** Jay-Z á að hafa sleppt því að borga milljónareikning.

# Stýrir skóla eftir þriggja ára starf

**Jóhann og unnusta hans flytja með fjölskyldu sína til Raufarhafnar nú í sumar. Þar mun hann taka við starfi skóla- og leikskólastjóra, þó nokkuð undir meðalaldri þeirra sem taka við stöðu sem þessari.**

„Þetta leggst bara mjög vel í okkur! Ég skiptist á að vera ótrúlega spenntur og ótrúlega stressaður. En ég held þetta verði óskaplega gaman hjá okkur“ segir Jóhann Skagfjörð.

Jóhann flytur ásamt unnustu sinni, Bryndísi Evu Ásmundsdóttur, og börnunum þeirra þremur, sem eru níu, sex og eins árs, til Raufarhafnar um miðjan júlí. Jóhann, sem aðeins er 29 ára gamall, mun þar taka við stöðu skóla- og leikskólastjóra, þar sem báðar stöður heyra undir sama starfssvið. Bryndís mun vera honum til aðstoðar við skólann þar sem hún ætlar að kenna unglingastiginu.

„Okkur langaði að prófa að búa úti á landi og losna við höfuðborgarstressið,“ segir Jóhann.

Þegar þetta starf var auglýst opnaðist glugginn fyrir parið. „Börnunum líst líka mjög vel á þetta og sáu strax jákvæðu hliðina við að þurfa ekkert að óttast það að fara til skólastjóra,“ segir Jóhann.

Jóhann og Bryndís útskrifuðust saman úr Kennaraháskólanum vorið 2007. Hefur hann því einungis kennt í um þrjú ár. Um níu prósent skólastjóra á landinu eru yngri en fjörutíu ára og er algengast að skólastjórar séu á bilinu 50-59 ára. Því er augljóst að hann er vel undir meðalaldri þeirra sem taka að sér skólastjórastöður. **- ls**



**SKÓLASTJÓRAFJÖLSKYLDA** Meðlimir fjölskyldunnar eru spennt fyrir breytingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Jónsvaka

## Midsummer Festival

## Fimmtudagur 24.júní / Thursday 24th June

**Hitt-húsið.**
15:00
Opnunarhóf Jónsvöku, lifandi tónlist, gjörningur og léttar veitingar
/ Festival opening, live music, performance and light refreshments

15:00 - 17:00
Sýningar
/ Exhibitions:
It´s like living
Svo á jörðu sem á himni
Sýning Júníusar Meyvant

**Hjartagarður.**
Study nr.1
Maggi Noem

**Hafnarhúsið. / Reykjavík art Museum.**
20:00 – 21:00
Tískusýning Jónsvöku & PopUp Verzlun
/ PopUp Fashion Show
21:00 – 22:00
Parabólur
/ The Parabolur Performance Project

**Nasa.**
Rásar 2 kvöld
/ Channel 2 night

Húsið opnar 21:00
Doors open 21:00

Útidúr
Árstíðir
Rökkurró
Ólafur Arnalds
Sin Fang
Hjálmar

**Austurvöllur.**
17:00 - 18:00
Götulistinn

**Hér og þar / Around Reykjavík**

Jónsmessuvofurnar

You afraid of Big Brother? Remember his little sister*

## Föstudagur 25.júní / Friday 25th June

**Hitt-húsið.**
13:00 - 17:00
Sýningar
/ Exhibitions:

It´s like living
Svo á jörðu sem á himni
Sýning Júníusar Meyvant

**Hjartagarður.**
Study nr.1
Maggi Noem

**Hér og þar / Around Reykjavík**

Jónsmessuvofurnar

You afraid of Big Brother? Remember his little sister

**Nasa.**
Húsið opnar 22:00
/ Doors open 22:00

Foreign Monkeys
For a Minor Reflection
Mammút
Agent Fresco
Seabear
Ensími

**Havarí**
17:00
For a Minor Reflection

## Laugardagur 26.júní / Saturday 26th June

**Hitt-húsið.**
13:00 – 13:20
Danseðlið er lífsfyllerí
15:00 – 15:20
Danseðlið er lífsfyllerí
16:45 – 17:05
Danseðlið er lífsfyllerí

12:00 - 18:00
Sýningar
/ Exhibitions:
It´s like living
Svo á jörðu sem á himni
Sýning Júníusar Meyvant

**Havarí.**
17:00 – 18:00
Tónar nútímans

**Hafnarhúsið. / Reykjavík Art Museum.**
10:00 – 17:00
PopUp Verzlun
/ PopUp Store
14:00
Leiðsögumaður
/ Guided tour
15:00
Leiðsögumaður
/ Guided tour
16:00
Leiðsögumaður
/ Guided tour

**Austurvöllur.**
14:00 – 20:00
Drowing Room
/ B-tower
17:30 – 19:00
Götulistinn

**Hjartagarður.**
Study nr.1
Maggi Noem
13:00 – 15:30
Götuupplestur

**Nýlistasafn.**
18:00 – 18:30
Þráðarhaft
19:00 – 19: 30
ListMessa

**Crymo.**
14:00 – 14:30
NEI
15:30 – 16:00
NEI

**Nasa.**
Húsið opnar 22:30
/ Doors open 22:30
Hudson Wayne
Sudden Weather Change
Kimono
Hjaltalín
Bloodgroup

**Hér og þar. / Around Reykjavík.**
Jónsmessuvofurnar

You afraid of Big Brother? Remember his little sister

## Sunnudagur 27. júní / Sunday, 27th June

**Hafnarhús / Reykjavík Art Museum**
10:00 – 17:00,
PopUp Verzlun
/ PopUp Store

**Nýlistasafn**
14:00 – 14:30
Kyrrja
15:00 – 15:45
Sálir bera engin nöfn
16:00 – 17:00
The Weird Girls Project

**Hjartagarður**
Study nr.1
Maggi Noem

15:00
Lokahóf hátíðarinnar, flóamarkaður og lifandi tónlist (ef veður leyfir!)
/ Festival closing party, flea market and live music
(if the weather's ok!)

**Hér og þar í miðborginni / Around Reykjavík**
Jónsmessuvofurnar

You afraid of Big Brother?? Remember his little sister!

FRAFL Framkvæmdafélag listamanna
RÁS 2
VÍKING
Patrón
FAXAFLOI
Evrópa unga fólksins

**www.jónsvaka.is**

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 5:40 - 8 - 10:20D | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:45 | VIP |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8:20D - 10:30D | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 6(3D) | L |
| TOY STORY 3 ensku | kl. 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5:30 - 8:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 (3D) | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 8 - 10.20 | L |
| GROWN UPS LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal /ótextað | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 6 - 9 | L |
| THE A-TEAM | kl. 6 - 9 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GROWN UPS | 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| A-TEAM | 5.40, 8 og 10 | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4, 6 og 8 | 7 |
| ROBIN HOOD | 10.20 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |



**EKKI NÓG** „Myndin er löng en ekki langdregin en samt ekki nógu öflug til þess að maður hrífist með og gleymi stund og stað," segir í dómnum.

# Fyrsta flokks lið fellur um deild

Bíó ★★★

**The A-Team**

Leikstjóri: Joe Carnahan

**Aðalhlutverk:** Liam Neeson, Bradley Cooper, Jessica Biel, Sharlto Copley

Sjónvarpsþættirnir um úrvalsmálaliðana í The A-Team nutu talsverðra vinsælda á níunda áratug síðustu aldar en á Íslandi tengja sjálfsagt flestir þættina við vöðvatröllið Mr. T sem fór mikinn í þáttunum með hanakamb og skrítið skegg. Hann er annars frægastur fyrir að hafa lamið Stallone í kássu í Rocky III.

Þessir fornfrægu sjónvarpsþættir hafa nú öðlast framhaldslíf í bíó í þessari þvottekta sumarmynd þar sem ekkert vantar upp á fjör, sprengingar og hasar en því miður eru herlegheitin hálf sálarlaus og myndina vantar alveg neistann sem skilur frábærar hasarmyndir frá miðjumoði og meðalmennsku.

Sá góði maður og fíni leikari Liam Neeson fer fyrir A-liðinu í hlutverki hins eitilharða Hannibals. Þessi margrómaða fjögurra manna herdeild lendir, eftir um það bil áttatíu vel heppnaða leiðangra, í bölvuðu rugli þegar vondir CIA-menn og gráðugir einkahermenn svíkja strákana okkar og klína á þá upplognum sökum. Þeim er þá vísað úr hernum með skít og skömm og stungið í steininn. Ekkert fangelsi er þó nógu rammgert til þess að halda honum Hannibal sem er kominn á stjá fljótlega og smalar sínum mönnum saman í frækilegan hefndarleiðangur.

Svo óheppilega vill til að rauði þráðurinn hér er nánast nákvæmlega sá sami og í The Losers sem gengur einnig í kvikmyndahúsum þessa dagana.

Þetta er hálf vandræðalegt og í raun skilur fátt annað þessar myndir að nema að leikararnir eru almennt betri í The A-Team og sjálfsagt hefur eitthvað fleiri milljónum dollara verið eytt í þær flugeldasýningar sem hér eru í boði.

Liam Neeson skilar sínu með prýði eins og við var að búast og ljær myndinni um leið ákveðinn virðuleika. Bara vegna þess að hann er svo flottur. Restin af genginu er alveg nógu svöl og sjarmerandi til þess að maður nenni að fylgja þessum gaurum alla leið til enda þessarar innantómu og fyrirsjáanlegu baráttu A-liðsins við að hreinsa nafn sitt og öðlast fyrri virðingarsess innan hersins.

Myndin er löng en ekki langdregin en samt ekki nógu öflug til þess að maður hrífist með og gleymi stund og stað. Þá vantar alveg alvöru hápunkta með tilheyrandi gæsahúð og endirinn er grútmáttlaus og í lausu lofti og felur í sér að ná þessi mynd að græða nóg verði komið framhald innan skamms.

Þórarinn Þórarinsson

**Niðurstaða:** Innantómur hasar og læti sem ná ekki að heilla þrátt fyrir góða leikara og skemmtilegar persónur. Dæmigerð sumarmynd sem virðist ekki hafa metnað til þess að verða neitt annað.

TOYOTA

Betri notaðir bílar

Áfram Japan

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 92.000 km
Verð: 5.690.000 kr. Skr.nr. PO 560
Betra verð: 4.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Auris**
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 06.08 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. EH G84

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Yaris**
1000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 28.000 km
Verð: 1.960.000 kr. Skr.nr. HJJ 44

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Rav4 GX**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.09 Ekinn: 5.000 km
Verð: 4.390.000 kr. Skr.nr. RLT 34

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Corolla**
1600 bensín beinsk. MM
Á götuna: 06.07 Ekinn: 48.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. OI 733
Betra verð: 2.390.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Aygo**
1000 bensín beinsk.
Á götuna: 11.07 Ekinn: 7.000 km
Verð: 1.670.000 kr. Skr.nr. KJV 60

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Today Tomorrow Toyota

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




**NÝ TILBOÐ**

**2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI**

**HELGAR TILBOÐ**




**LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR**

**2010**
OFFICE 2010 HOME AND STUDENT
**16.900**

**GIGABYTE HD5750 SKJÁKORT**




**1GB**
ÖFLUGASTA VIFTULAUSA DX11 SKJÁKORTIÐ
**29.900**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.



**1TB**
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**14.900**

**2TB**
2TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**26.900**

**1.5TB**
1.5TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**19.900**

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

## > Stjarnan hafði betur fyrir vestan

Stjarnan komst í 8 liða úrslit VISA-bikarkeppni karla með 2-0 sigri á BÍ/Bolungarvík á Torfnesvellinum á Ísafirði. Ólafur Karl Finsen og Halldór Orri Björnsson skoruðu mörk Stjörnunnar. Þróttur komst áfram eftir 1-0 sigur á ÍA með marki Erlings Jack Guðmundssonar. Þá gerði 2. deildarlið Víkings frá Ólafsfirði sér lítið fyrir og sló út 1. deildarlið Fjarðabyggðar, 3-2, á heimavelli sínum. 16 liða úrslitunum lýkur með þremur leikjum í kvöld.



**sport**

sport@frettabladid.is

**VISA-BIKAR KARLA:** STÓRSLAGUR Í KVÖLD ÞEGAR KEFLAVÍK TEKUR Á MÓTI ÍSLANDSMEISTURUM FH

# *Maðurinn í úlpunni sækir manninn í vestinu heim*

Stórleikur 16 liða úrslita VISA-bikars karla fer fram á Njarðtaksvellinum í Njarðvík í kvöld er Keflavík tekur á móti FH.

FH-ingar hafa ekki sótt gull í greipar Keflvíkinga suður með sjó á undanförnum árum. Og allra síst í bikarkeppninni en Keflavík hefur mokað FH út úr bikarkeppninni tvö ár í röð.

„Það er svo langt síðan við unnum þarna að ég man varla hvenær það gerðist síðast," segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, en Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, vonast aftur á móti eftir því að framhald verði á þessu gengi. „Keflavík hefur haft gott tak á FH á heimavelli. Það breytist vonandi ekki en þetta verður áhugaverður leikur," segir Willum.



Þeir Heimir og Willum eru ágætir félagar utan vallar og hafa báðir vakið athygli fyrir klæðaburð á hliðarlínunni. Þjálfaraúlpan virðist vera samvaxin Heimi og Willum Þór hefur reynt að koma nýju tískuæði í gang með því að klæðast vesti.

„Það halda margir að ég sofi í úlpunni en það er ekki svo gott. Hún er þó skárri en vestið hans Willums sem klæðir hann illa. Ég vil sjá Willum feta í fótspor Gumma Ben og mæta í snyrtilegum fötum með bindi. Ég þekki reyndar Willum það vel að ég tel hann klæðast vestinu af því að það sé orðið happa hjá honum," segir Heimir en Willum vill nú ekki gangast við því.



„Ég klæðist vestinu ef dómarinn segir mér að gera það. Ég er annars mjög ánægður með framtakið hjá Gumma. Það er mjög skemmtilegt og virðingarvert. Það er aldrei að vita nema ég fari að klæðast huggulegri fatnaði en ég er svo vondur tapari að ég gæti aldrei verið með bindi. Það gæti orðið hættulegt," segir Willum léttur.

Fjölnismenn stóðu í KR-ingum sem eru komnir áfram í bikarkeppni karla:

# Vonandi komin sigurhefð í KR

**FÓTBOLTI** KR-ingar eru komnir áfram í fjórðungsúrslit VISA-bikarkeppni karla eftir 2-1 sigur á 1. deildarliði Fjölnis í Grafarvoginum í gær. Leikurinn var nokkuð bragðdaufur í fyrri hálfleik en síðari hálfleikur var öllu betri enda litu þá þrjú mörk dagsins ljós.

Það voru þó heimamenn sem náðu óvænt forystunni með marki Péturs Markan en þeir Baldur Sigurðsson og Björgólfur Takefusa sáu um að tryggja KR-ingum sigurinn.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, var ánægður með árangurinn. „Ég er ánægður með að við náðum að svara fyrir okkur eins og við gerðum. Hingað til höfum við ekki verið að vinna vel úr okkar vandræðum og standa uppi sem sigurvegarar. Við vissum að þetta yrði þolinmæðisverk og að Fjölnismenn myndu spila eins og þeir gerðu. Nú eru komnir tveir sigrar í röð og það gefur mönnum sjálfstraust. Vonandi byggir þetta upp þá hefð að fara í leiki og vinna þá," sagði Logi.

Ásmundur Arnarson, þjálfari Fjölnis, var ánægður með sína menn þrátt fyrir tapið. „Ég er ánægður með strákana í þessum leik og yfir höfuð í allt sumar. Þeir hafa lagt sig mikið fram og við höfum oft spilað vel. Í dag vorum við nálægt því að klára leikinn. Planið var að liggja aftarlega á vellinum og ná inn marki en mér fannst við þó á köflum liggja full aftarlega," sagði Ásmundur. **- kpt**



**BARIST** Gunnar Valur Gunnarsson og Viktor Bjarki Arnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Á SKOTSKÓNUM** Danni König kom Valsmönnum yfir gegn Víkingum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Varamennirnir komu Val áfram

**Valsmenn verða í pottinum þegar dregið verður í 8 liða úrslit VISA-bikarsins á morgun. Þeir unnu 3-1 sigur á 1. deildarliði Víkings í framlengdum leik.**

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Viktor Unnar Illugason hefur verið úti í kuldanum hjá Val í sumar en kom sér í aðeins meiri hlýju í gær þegar hann kom Val yfir 2-1 í seinni hálfleik framlengingar. Viktor hafði komið inn sem varamaður í framlengingunni og skoraði hann markið sem réði úrslitum í kjölfarið á aukaspyrnu. Jón Vilhelm Ákason átti skot sem fór í stöngina en Viktor var vel vakandi og átti ekki í vandræðum með að skora.

Það var svo annar varamaður, Guðmundur Steinn Hafsteinsson, sem innsiglaði sigurinn eftir fyrirgjöf frá Jóni Vilhelm. Guðmundur Steinn kom inn sem varamaður seint í venjulegum leiktíma.



Víkingar geta verið ánægðir með sína frammistöðu í gær. Þeir byrjuðu betur og áttu hættulegri sóknir í upphafi leiks. Eftir því sem líða tók á hálfleikinn náðu Valsmenn betri tökum og Atli Sveinn Þórarinsson fékk sannkallað dauðafæri til að koma þeim yfir þegar hann fékk algjörlega frían skalla eftir horn en hitti ekki markið.

Hugur varnarmanna Víkings virðist hafa farið inn í búningsherbergi fyrr en aðrir því varnarleikur liðsins rétt fyrir hálfleik var arfadapur. Danni König slapp einn í gegn á 44. mínútu, Magnús Þormar markvörður fór í misheppnað úthlaup og König komst framhjá honum.

Þrátt fyrir að færið hafi verið orðið nokkuð þröngt náði König að skora, staðan 0-1. Hann hefði svo getað skorað annað mark rétt áður en málarinn Erlendur Eiríksson flautaði til leikhlés en brást þá bogalistin í verulega góðu skallafæri.

Í seinni hálfleik var mikið jafnræði með liðunum en Víkingar voru þó hættulegri í sínum sóknaraðgerðum. Kantmaðurinn Viktor Örn Guðmundsson komst nálægt því að jafna þegar hann átti hörkuskot sem Kjartan Sturluson í marki Vals varði í stöngina.

Um stundarfjórðungi fyrir leikslok jöfnuðu heimamenn verðskuldað þegar Þorvaldur Sveinn Sveinsson skoraði með skalla eftir fáránlegt skógarhlaup hjá Kjartani markverði. Staðan jöfn 1-1 eftir 90 mínútur og því framlengt. Eftir að Viktor endurheimti forystuna fyrir Val fékk Víkingur nokkur ágætis færi til að jafna sem ekki nýttust og Guðmundur Steinn kláraði leikinn. **- egm**



**HELGI SIGURÐSSON** Mætti sínum gömlu félögum í Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!

## ÚRSLIT

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Slóvenía - England** | **0-1** |
| 0-1 Jermain Defoe (23.). | |
| **Bandaríkin - Alsír** | **1-0** |
| 1-0 Landon Donovan (90+1.) | |
| *Rautt spjald: Anthar Yahia, Alsír (90+4.)* | |

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bandaríkin** | 3 | 1 | 2 | 0 | 4-3 | 5 |
| England | 3 | 1 | 2 | 0 | 2-1 | 5 |
| **Slóvenía** | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 3 |
| Alsír | 3 | 0 | 1 | 2 | 0-2 | 1 |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Gana - Þýskaland** | **0-1** |
| 0-1 Mesut Özil (60.). | |
| **Ástralía - Serbía** | **2-1** |
| 1-0 Tim Cahill (68.), 2-0 Brett Holman (73.), 2-1 Marko Pantelic (84.). | |

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-1 | 6 |
| Gana | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-2 | 4 |
| **Ástralía** | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-6 | 4 |
| Serbía | 3 | 1 | 0 | 2 | 2-3 | 3 |

**16 LIÐA ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Bandaríkin - Gana** | **laugardag kl. 18.30** |
| Þýskaland - England | sunnudag kl. 14.00 |

**LEIKIR DAGSINS**

| | |
|---|---|
| **F-riðill: Slóvakía - Ítalía** | **kl. 14.00** |
| F-riðill: Paragvæ - Nýja-Sjáland | kl. 14.00 |
| **E-riðill: Danmörk - Japan** | **kl. 18.30** |
| E-riðill: Kamerún - Holland | kl. 18.30 |

NORDICPHOTOS/GETTY



**GRÉT AF GLEÐI** Markahetja Bandaríkjanna, Landon Donovan, grét í sjónvarpsviðtali eftir að hafa tryggt sínum mönnum sigur í C-riðli. „Mér leið eins og að tíminn stæði í stað þegar ég skoraði en það var bara ekki hægt að klúðra af þessu færi,“ sagði hann.

Úrslit í D- og E-riðlum ráðast á heimsmeistarakeppninni í Suður-Afríku í dag:

# Komast Ítalir áfram á þremur jafnteflum?

**FÓTBOLTI** Spennan heldur áfram í lokaumferð riðlakeppninnar á HM í Suður-Afríku í dag en þá ráðast úrslit í D- og E-riðlum. Augu margra munu beinast að fyrri leikjum dagsins þar sem í ljós kemur hvort heimsmeistarar Ítalíu komast yfirleitt áfram upp úr riðlakeppninni.

„Við erum ekkert að hugsa um það hvort við föllum úr leik,“ sagði Gianluca Zambrotta, leikmaður Ítalíu, sem mætir Slóvakíu í kvöld. „Það eina sem skiptir máli er að vinna leikinn.“

Ítalía hefur gert jafntefli í fyrstu tveimur leikjum sínum í keppninni og dugar jafntefli í dag ef Nýja-Sjálandi tekst ekki að vinna Paragvæ á sama tíma.

„Ef það gerist gætum við farið áfram upp úr riðlinum, alveg eins og gerðist árið 1982,“ sagði landsliðsþjálfarinn Marcello Lippi en Ítalía varð heimsmeistari það árið.

Nýsjálendingar hafa komið manna mest á óvart í Suður-Afríku en þó verður Paragvæ að teljast sigurstranglegri aðilinn í leik liðanna í dag og sigri þar með einnig í riðlinum.

Í D-riðli skiptir aðeins einn leikur máli. Japan og Danmörk mætast í hreinum úrslitaleik um hvort liðið fer áfram í 16 liða úrslitin ásamt Hollendingum. Japanar eru þó með betra markahlutfall og dugir því jafntefli.

Holland er öruggt með sæti í 16 liða úrslitum, þarf aðeins eitt stig gegn Kamerún til að gulltryggja efsta sæti riðilsins. Kamerún er þegar fallið úr leik og spilar upp á heiðurinn og stoltið í dag. **- esá**



**MARCELLO LIPPI**
Gerði Ítali að heimsmeisturum fyrir fjórum árum.
NORDIC PHOTOS/AFP

# Þýska seiglan skilaði toppsætinu

**Þjóðverjar höfðu sigur í D-riðli eftir að hafa unnið 1-0 sigur á Gana. Þó gæti sá böggull fylgt skammrifi að Þjóðverjar þurfi nú að fara erfiða leið að úrslitaleiknum og byrja strax á Englandi á sunnudag.**

**FÓTBOLTI** Þýskaland og Gana eru komin áfram í 16 liða úrslitin á HM í Suður-Afríku. Þýskaland vann Gana í lokaumferð D-riðils í gær, 1-0, og fögnuðu því bæði lið í leikslok. Að sama skapi voru Ástralar og Serbar heldur niðurlútir eftir sinn leik þar sem Ástralar höfðu betur, 2-1, en bæði lið voru úr leik í keppninni.

Þó gæti vel verið að Ganverjar fagni aðeins meira en þeir þýsku þar sem þeirra bíður talsvert „auðveldari“ leið í útsláttarkeppninni. Gana mætir Bandaríkjunum og sigurvegari þess leiks mætir siguvegara viðureignar Úrúgvæ og Suður-Kóreu.

Á hinn bóginn þarf Þýskaland að takast á við sína gömlu erkifjendur frá Englandi. Sigurvegara þess leiks bíður svo sigurvegari úr leik Argentínu og Mexíkó.

Fyrir leik Þýskalands og Gana var þegar ljóst að leikurinn yrði sögulegur fyrir þær sakir að þar léku bræður en þó hvor í sínu liðinu. Kevin-Prince og Jerome Boateng eru hálfbræður sem eiga ganverskan föður en ólust upp í Þýskalandi. Sá eldri, Kevin-Prince, kaus þó að spila með Gana, en báðir voru í byrjunarliðum sinna liða í gær.

Leikurinn var afar líflegur en eina markið kom á 60. mínútu. Þar var að verki Mesut Özil sem skoraði með þrumufleyg en hann hafði í fyrri hálfleik látið verja frá sér eftir að hafa sloppið einn inn fyrir vörn Ganverja. Bæði lið fengu færi til að skora fleiri mörk en tókst ekki að nýta þau.

Gana verður líklega eini fulltrúi Afríku í 16 liða úrslitum en Fílabeinsströndin á enn veika von um að komast áfram. Suður-Afríka, Nígería og Kamerún eru fallin úr leik.

Fyrir mótið bjuggust margir við því að Serbar myndu láta mikið af sér kveða enda skipað mörgum öflugum leikmönnum. Eftir sigur á Þýskalandi í síðustu umferð og nánast vonlausa stöðu Ástralíu fyrir leikinn var ekki búist við öðru en að Serbar myndu fara áfram með sigurvegara leiks Þýskalands og Gana. En annað kom á daginn.

Serbar fóru illa með mörg góð færi í fyrri hálfleik áður en Ástralar skoruðu tvívegis um miðbik þess síðari. Tim Cahill og Brett Holman skoruðu þau mörk en varamaðurinn Marko Pantelic náði að minnka muninn eftir mistök Mark Schwarzer í marki Ástralíu þegar skammt var til leiksloka. Pantelic fékk svo gullið tækifæri til að koma Serbum áfram en skaut yfir úr góðu færi á elleftu stundu. Jafntefli hefði dugað Serbum sem þurfa nú að bíta í það súra epli að halda heim á leið.

**eirikur@frettabladid.is**



**MARKAHETJUNNI FAGNAÐ** Þjóðverjar fagna markaskoraranum Mesut Özil eftir að hann skoraði sigurmark þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is
Kópavogsbakki 10
- nýtt og glæsilegt hús á sjávarlóð









Nýtt 283,0 fm einbýlishús á einni hæð. Húsið er á sjávarlóð til suðurs. Einstök staðsetning. Húsið er allt hið glæsilegasta. Húsið skiptist í: forstofugang, fjögur herbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi, þvottaherbergi, stofu með arin, eldhús og sjónvarpshol. Innbyggður 34,6 fm bílskúr. Verönd er til suðurs. V. 125,0 m.
OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00

Úrslit réðust á dramatískum lokamínútum í lokaumferð C-riðils á HM:

# Bjórinn bjargaði þeim ensku

**FÓTBOLTI** Bandaríkin og England tryggðu sér í gær sæti í 16 liða úrslitum á HM í knattspyrnu með 1-0 sigrum í lokaleikjum sínum í C-riðli. Bandaríkin vann Alsír með marki í uppbótartíma en Englendingar voru klaufar að skora ekki fleiri mörk í leik liðsins gegn Slóveníu.

Mark Landon Donovan í blálok leiksins þýddi að Bandaríkin tryggðu sér efsta sæti riðilsins og urðu Englendingar því að láta sér annað sætið að góðu. Bandaríkjamenn höfðu sótt stíft allan leikinn gegn Alsíringum en árangurslaust þó fyrr en í uppbótartíma. Fögnuður þeirra var þeim mun meiri fyrir vikið.

Fögnuður Englendinga var einnig ósvikinn en allt annað var að sjá til liðsins í gær. England hafði gert jafntefli í fyrstu tveimur leikjum sínum og Fabio Capello landsliðsþjálfari greindi frá því eftir leikinn í gær hvað hefði gert gæfumuninn.

„Í gærkvöldi drukku strákarnir bjór fyrir leikinn,“ sagði Capello eftir sigurinn á Slóveníu í gær. „Og ég sá að stemningin sem við söknuðum í fyrstu tveimur leikjunum var komin aftur hjá strákunum. Frammistaða þeirra var virkilega góð. Þeir sköpuðu sér mikið af færum til að skora annað mark. En þetta er sú stemning sem ég man eftir úr undankeppninni og ég var virkilega ánægður með leikinn. Svona þurfum við að spila til að vinna leiki.“

Capello staðfesti einnig að hann hefði þurft að skipta Wayne Rooney út af vegna meiðsla. „Ökklinn var ekki nógu góður. Ég verð að bíða eftir því hvað læknirinn segir en ég held að hann verði orðinn góður fyrir leikinn á sunnudag,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Fyrir leikinn hafði verið mikið rætt um meinta óánægju meðal ensku leikmannanna og John Tery hafði það á orði um helgina að leikmenn ætluðu að ræða við Capello um starfshætti hans.

„Það eru engin vandamál á milli mín og leikmannanna. Ég virði þá og þeir virða mig,“ sagði Capello sem faðmaði leikmenn eftir leik, einnig Terry. „Terry er leiðtogi og stóð sig virkilega vel, eins og allir leikmennirnir.“

Englendingar fá það erfiða verkefni að mæta Þýskalandi í 16 liða úrslitum en Bandaríkjamenn munu leika gegn Ganverjum í sinni viðureign. **- esá**



**CAPELLO OG ROONEY**
Föðmuðust í leikslok í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY


THE NORTH FACE
Klæddu þig fyrir útivistina
Fötin í sólina og hitann
Fötin í rigninguna og kuldann
Fötin fyrir hann, hana og krakkana
25% afsláttur
af öllum útivistarfötum frá The North Face
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**24%** stangveiddra laxa á Íslandi sumarið 2009 var sleppt aftur eða 17.514 alls. Alls veiddust 74.408 laxar á stöng en aflinn telst vera 56.894 laxar.

**72** laxar hafa veiðst í Straumunum í Hvítá það sem af er tímabilinu en voru fimm fiskar á sama tíma í fyrra. Nær allur aflinn er fenginn á flugu.

# Risafiskur í Eldvatni eyðilagði veiðihjólið

**Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, er stangveiðimaður af guðs náð. Annir embættisins takmarka tækifæri hans til veiða, en hann hefur landað risafiskum í gegnum tíðina.**

„Ein af mínum uppáhaldsám er Þorleifslækurinn, en það er ekki síst vegna þess að ég hef veitt þar síðan ég var krakki," segir Ólafur spurður um hvaða veiðisvæði er í uppáhaldi. „Affallið í Landeyjunum er eftirminnilegt og silungasvæðið í Víðidalnum einnig. Svo verður ekki hjá því komist að nefna urriðasvæðið í Mývatnssveitinni, sem er stórkostleg á sem býður upp á allt það besta sem fylgir stangveiði."

Ólafur fór í Þorleifslækinn í apríl og veiddi vel. Sautján fiskar lágu á bakkanum að veiðiferð lokinni, sjóbirtingar og tvær bleikjur. „Síðan fór ég í vatnaveiði með krökkunum á Ströndunum sem skilaði slatta af bleikju. Svo ætla ég á Skagaheiðina í silung í júní ef ég hef tíma," segir Ólafur og ekki er laust við trega í röddinni yfir því hversu annir embættisins eru frekar á hans tíma. „Það verður veitt minna en vant er."

Ólafur, eins og allir stangveiðimenn, stefnir að því að veiða í sem flestum ám í öllum landshlutum. Hann á sér draumaár til framtíðarveiða. „Ég hef áhuga á að fara norður í Þistilfjörðinn til veiða og í Borgarfjörðinn. Það er ekki síst vegna þess að ég hef legið yfir bókunum hans Björns J. Blöndal sem skrifaði til dæmis um Norðurá."



**RISAVAXINN REGNBOGI** Ólafur er mikill maður vexti en hausinn á þessum 17 punda regnbogasilungi, sem hann veiddi í Þorleifslæknum, lætur saksóknarann líta út fyrir að vera lítill og nettur. MYND/ÓLAFUR

Ólafur segist varla teljast til græjukalla í veiði, en snýr svo við í miðri á og viðurkennir að vera illa haldinn af veiðidellunni. „Ég hnýti allt sjálfur yfir veturinn. Þess utan er ég með þrjá unga veiðimenn svo það verða viss afföll á veiðibúnaði heimilisins. Því verður að svara með viðeigandi hætti."

Spurður um uppáhaldsveiðistaðinn segir Ólafur að það séu nú yfirleitt fiskarnir sem velji þá fyrir veiðimanninn. „Það eru staðir í Grenlæknum og eins í Eldvatni í Meðallandi. Það er mikið vatnsfall sem geymir æðislega staði. Þar hef ég sett í eitthvað það tröllslegasta sem ég hef komið nærri; fisk sem ég sá aldrei og fór sína leið eftir að hafa rétt upp krókana á flugunni. Fluguhjólið varð heldur aldrei samt á eftir."

svavar@frettabladid.is

## FLUGAN




MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

## Veiðin og sendir jákvæð skilaboð

Góðar veiðiflugur verða oft til fyrir tilviljun en aðrar eru fyrst hnýttar í sérstökum tilgangi.

Hér er dæmi um hið síðarnefnda og höfundurinn, Hilmar Hansson í Veiðiflugunni, lýsir henni þannig.

„Ég hnýtti fluguna sem skrautflugu á einkrækju – laxaflugu og straumflugu. Græni liturinn er í mínum huga litur gróanda og jákvæðni og guli liturinn litur sólarinnar og sólaruppkomu. Mér finnast þessir litir eiga vel við flugu félagsins." Flugan var valin besta flugan í hnýtingasamkeppni Krabbameinsfélagsins 2007 og er seld til fjáröflunar fyrir félagið.



**UNDRAHEIMUR** Þingvallavatn er stórkostleg náttúrusmíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tækifæri fyrir veiðimenn:

## Kastnámskeið á Þingvöllum

Þingvallanefnd og Veiðikortið standa fyrir fluguveiðinámskeiði á Þingvöllum á sunnudaginn.

Haldinn verður fyrirlestur um lífríki og lifnaðarhætti vatnafiska, ætisleit og veiðiaðferðir með flugustöng. Einnig verður farið yfir veiðistaði, útbúnað og fleira. Skráning fer fram á veidikortid.is.

- shá

## VEIÐIMOLAR

### Flugukastnámskeið

Christopher Rownes og Hilmar Jónsson kenna flugukastnámskeið þann 24. júlí næstkomandi. Báðir eru þeir vottaðir kastkennarar hjá samtökum Federation of Fly Fishers eða FFF og eru stærstu samtök fluguveiðimanna í Bandaríkunum. http://www.fedflyfishers. Christopher hefur mikla reynslu sem kastkennari og veiðimaður og Hilmar hefur kennt fluguköst um nokkurra ára skeið að því er fram kemur á síðunni www.veidi.is. Skráning fer fram á himmi@mail.is

### 50 laxar hjá opnunarholli

Aflinn hjá opnunarholli í Langá á Mýrum var fimmtíu laxar að því er fram kemur á síðu Stangveiðifélags Reykjavíkur. Opnunarhollið var að ljúka veiðum í hádeginu í gær. Þar kemur fram að mikið líf væri í neðstu veiðistöðunum og sem dæmi hafi verið viðstöðulaus taka í Holunni, sem er rétt ofan við Sjávarfoss. Mikil aðsókn var í Langá á Mýrum en uppselt er til 14. ágúst.

Teljari í Glanna í Norðurá:

## Laxagengd góð og fleiri stórir

Laxagengd er óvenjugóð nú í byrjun veiðitímabilsins. Eitt slíkt dæmi er úr Norðurá. Samkvæmt gögnum úr laxateljara við Glanna hafði 81 lax gengið upp fyrir teljarann að morgni 11. júní, þar af 46 stórlaxar.

Á sama tíma árið 2009 höfðu aðeins níu stórlaxar gengið upp fyrir teljarann en þeir urðu aðeins 136 það sumarið.

- shá

Veiðivatnaflugur:

## Nobblerinn vinsælastur

**Fréttablaðið kannaði hvaða Veiðivatnaflugur eru vinsælastar þetta sumarið. Nobbler, og þá helst svartan, bar oftast á góma en af þeim klassísku var Peacock líka vinsæl.**

**Alda hefur verið að koma sterk inn undanfarin ár og hefur verið vinsæl í upphafi sumars. Meðal annarra vinsælla flugna eru svartur Killer, Köttur, Dentist, Heimasætan og Black ghost. Að auki hafa menn verið duglegir að prófa sig áfram í þurrflugunum, að sögn Viðars Egilssonar hjá Gallerí flugum.**

- mþl

Veiddi 22 punda hæng:

## Stórlax á sama stað og í fyrra

Það var að koma annar stórlax á veiðisvæðum Laxárfélagsins í Laxá í Aðaldal. David Thormar var að veiðum á Svæði 6, veiðistað sem nefnist Grjóteyri, og landaði 22 punda hæng á fluguna Black Ghost. Það er rétt að geta þess að fyrir rétt einu ári síðan var nefndur David á sama veiðisvæði, þá í hyl sem nefnist Hagastraumur, og fékk þar á sömu flugu annan stórlax, 20 pund.

Urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit www.svfr.is



NÚ BER VEL Í VEIÐI
Eigum lausar stangir í frábæra urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit
Hægt er að kaupa veiðileyfi á svfr.is eða síma 568 6050
Farðu inn á SVFR.is og gerðu veiðisumarið ógleymanlegt.
SVFR
ÍSLENSKA SIA.IS SVF 50292 06/10

## Veiðistaðurinn: Kerið í Gljúfurá



**UNDRAVERÐ FEGURÐ** Veiðistaður sem þessi útskýrir það aðdráttarafl sem stangveiði hefur í hugum þúsunda Íslendinga. MYND/SVAVAR HÁVARÐSSON

### Hér er laxinn oft öfugur

- Það er lax í Kerinu allt veiðitímabilið. Best er þó þegar lax er í göngu. Þarna stoppar laxinn, sérstaklega í miklu vatni.
- Án nokkurs vafa uppáhaldsstaður minn í Gljúfurá enda ótrúleg fegurð í gilinu.
- Laxinn getur legið um allan hylinn, fer bara eftir vatnshæð. Í litlu vatni (eins og á mynd) er hann úti fyrir enda á hvítfryssi eða alveg undir fossinum að norðanverðu, þá er best að standa sem næst og lauma maðkinum að laxinum.
- Í miklu vatni þarf að fara mjög varlega, laxinn getur legið mjög nærri austurlandinu og sést oft vel. Best að veiða á maðk í Kerinu en það er hrein áskorun að landa þarna flugufiski. Þarna er ekkert hægt að vaða.
- Litla Kerið er næsti veiðistaður og er beint fyrir ofan fossbrúnina.
- Það er enginn veiðitúr í Gljúfurá, nema Kerið sé reynt!
- Kerið er rétt fyrir neðan þjóðveginn norður til Akureyrar og er vinsæll útsýnisstaður unnenda mikillar náttúrufegurðar.



**KANN AÐ META KERIÐ** Stefán Hallur Jónsson, formaður árnefndar SVFR fyrir Gljúfurá, telur Kerið með sínum uppáhalds veiðistöðum.



**FINNBOGI LÁRUSSON** Mælir með nettum græjum í silungnum. Stór öngull, stór fiskur á ekki við þar.

# Mokveiddu í Veiðivötnum

**Finnbogi Lárusson fer fyrir um tuttugu manna hópi sem fer árlega í Veiðivötn fyrstu helgina sem þar er leyfð veiði. Veiðivötn voru opnuð um síðustu helgi og hópurinn mokveiddi.**

Finnbogi Lárusson, tæknimaður hjá 365, fer fyrir hópi núverandi og fyrrverandi starfsmanna fyrirtækisins sem fer árlega í Veiðivötn fyrstu helgina sem þar er leyfð veiði.

„Veiðin hófst klukkan þrjú og ég var orðinn saddur hálf fimm, kominn með þrettán kíló af fiski,“ sagði Finnbogi.

Hópferðirnar hófust árið 1987 þegar þáverandi starfsmenn Íslenska útvarpsfélagsins, sem þá rak Stöð 2 og Bylgjuna, fóru í Veiðivötn. „Þarna voru margir fyrrverandi starfsmenn RÚV sem voru vanir því að vera í fríi í júlí þannig að þegar þeir komu yfir þá ákváðu þeir að halda veiðiferðum sínum á þessum tíma ársins bara áfram,“ sagði Finnbogi og bætti við að veiðin hefði verið mjög góð í þetta skiptið, allir veiddu mikið og sumir fengu meira að segja nóg.

Spurður hvort hann ætti hann sér uppáhaldsstað í Veiðivötnum sagði Finnbogi: „Ég veiði eiginlega bara uppi í Hraunvötnum. Ég veiði þar bæði með flugu og makríl, þó sumir líti mig raunar hornauga vegna þess og segi að ég sé í slorinu. Við förum alltaf á ákveðinn stað þar, þar sem fiskurinn er gefinn fyrsta daginn.“

Veiðivötn eru vatnaklasi vestan Vatnajökuls og teljast til þeirra um fimmtíu vötn. Mörg vötnin þar eru sprengigígar sem mynduðust í Veiðivatnagosinu árið 1477. Þar er aðallega urriði en eitthvað um bleikju.

„Veiðin er alltaf að aukast þarna og fiskurinn er líka orðinn stærri. Það er vel haldið utan um þetta þarna upp frá og aðstaðan til fyrirmyndar. Þetta er algjör perla,“ sagði Finnbogi og bætti við að lokum: „What happens in Veiðivötn, stays in Veiðivötn.“

magnusl@frettabladid.is




HOFSÁ

Í VOPNAFIRÐI

Veiðiklúbburinn Strengur hefur tekið hina rómuðu laxveiðiá Hofsá í Vopnafirði á leigu frá og með árinu 2011. Skipulagi veiða í ánni kann því að verða breytt.

Þeir veiðimenn sem áhuga hafa á að kaupa veiðileyfi í Hofsá er bent á umsóknareyðiblöð Strengs á vefsíðunni www.sela.is

Sá möguleiki er fyrir hendi að sækja um blandaða veiði í Hofsá og Selá.

Umsóknarfrestur vegna veiðileyfa sumarið 2011 er til 17. september nk.

Fyrirspurnir og umsóknir um veiðileyfi sendist á netfangið orri@sela.is eða eða í pósti til Strengs, Skipholti 35, 105 Reykjavík.

Í sumar eru nokkur veiðileyfi laus vegna forfalla í Hofsá og Selá.
Hofsá – 26/8 – 4/9. Selá – 15/8 – 19/8 og 1/9 – 4/9.

Veiðiklúbburinn Strengur hefur í mörg ár leigt Selá og haft með sölu veiðileyfa þar að gera. Áhersla hefur verið lögð á að styrkja hrygningarstofn árinnar og hefur árleg veiði margfaldast.




Leið I (18–40) | Leið II (40–50) | Leið III (50–60) | Leið IV (60+) | Leið V (60+) | Leið VI (Lífeyrisþegar)

Nafnávöxtun séreignarsparnaðar sl. 12 mánuði m.v. 31. maí 2010.

Athugið að ávöxtun í fortíð gefur hvorki vísbendingu um né tryggingu fyrir ávöxtun í framtíð.

**Þess vegna er ég með séreignarsparnaðinn hjá Auði. Ég treysti engum betur.**

Óháð staða, áhættumeðvitund og gagnsæi hafa skilað viðskiptavinum Auðar góðum árangri. Vertu með, saman getum við byggt upp heilbrigða fjármálaþjónustu með áherslu á ábyrga arðsemi.

Auður sinnir einnig ávöxtun og stýringu sparnaðar á bilinu 1–15 milljónir og sérhæfðri eignastýringu fyrir stærri eignasöfn. Kynntu þér málið!

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is

> **Susan Sarandon**

„Ég get ekki beðið eftir því að verða gömul, þegar útlitið fer að skipta minna máli og það sem þú stendur fyrir og ert skiptir meira máli.“

***Susan Sarandon fer með annað titilhlutverk myndarinnar Thelma and Louise sem sýnd er kl. 22.00 á Stöð 2 bíó í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG SPORTIÐ

# *Eitthvað fyrir alla – í alvöru*

Ég hef horft þó nokkuð á sjónvarpið á síðustu dögum, sem gerir það að verkum að skjárinn hjá mér er yfirleitt grænn. Gras er grænt, sjáið til. Ég á það til að hafa nokkuð gaman af fótbolta svona einstaka sinnum. Og ég hef staðið mig að því á síðustu dögum að kunna skil á sigurvegurum riðla og úrslitum leikja – eitthvað sem er oftast þó nokkuð fjarri mér. Eitt af því eftirminnilegasta úr HM upp á síðkastið er án efa úrslitin í leik Portúgals og Norður-Kóreu, en fyrir þá sem eru ekki eins vel inni í málum og ég, þá fór sá leikur sjö núll fyrir Portúgal. Norður-Kóreumenn voru sendir heim. Ég held að það gæti verið áhugavert fyrir þann sem hefur áhuga á menningu, mannréttindum og jafnvel íþróttum, að fylgja liðinu eftir með einhverjum leiðum. Sjá hvað verður um mennina. Nú er ég ekki að gefa í skyn að þeim muni verða refsað á hrottalegan hátt, en ég er samt sem áður forvitin um það hvernig þetta land, sem er svo fjarri okkur á allan hátt, bregst við svona aðstæðum. Nú kom það mér meira að segja mjög á óvart að sjá þá spila á HM yfirhöfuð. Bara hugdetta. Ég ætla líka að luma að smá mola um Frakkana: Frakkland er frábært og Zinedine Zidane er hetja. En þar sem hann er hættur, þá er árangur þeirra í ár fyndinn. Og með þessu hef ég hér með hellt öllu úr þeim brunni sem geymir mitt fótbolta-IQ.



## FIMMTUDAGUR



▶ **19.30 Matarklúbburinn** SKJÁR EINN



▶ **19.30 The doctors** STÖÐ2 EXTRA



▶ **20.30 Sterkasti maður Íslands** STÖÐ2 SPORT



▶ **21.20 Fringe** STÖÐ2



▶ **22.00 Thelma and Louise** STÖÐ2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**11.40 HM í fótbolta** Ástralía - Serbía, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**14.00 HM í fótbolta** Slóvakía - Ítalía, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.35 Stundin okkar**

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Kamerún - Holland, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (134:134) (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár.

**23.05 Berlínaraspirnar** (6:8) (Berlinerpoplene) 23.55 HM-kvöld (e)

**00.35 HM í fótbolta** Danmörk - Japan, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**02.25 Fréttir (e)**

**02.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 French Kiss**

**10.00 The Polar-Express**

**12.00 Waynes' World 2**

**14.00 French Kiss**

**16.00 The Polar-Express**

**18.00 Waynes' World 2**

**20.00 Road Trip**

▶**22.00 Thelma and Louise**

**00.05 The U.S. vs. John Lennon**

**02.05 Dave Chappelle's Block Party**

**04.00 Thelma and Louise**

**06.05 Piccadilly Jim**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto, Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk** J

**11.00 Logi í beinni**

**11.50 Amazing Race** (10:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 NCIS** (1:25)

**13.45 La Fea Más Bella** (188:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (189:300)

**15.15 The O.C.** (14:27)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar, Harry and Toto, Litla risaeðlan

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (4:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (8:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (5:24) Í

**20.05 Matarást með Rikku** (8:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í eldheitu ástarsambandi við matargerð.

**20.35 NCIS** (25:25)

▶**21.20 Fringe** (19:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.

**22.05 The Wire** (4:10)

**23.05 Steindinn okkar**

**23.30 Twenty Four** (21:24)

**00.15 The Mentalist** (23:23)

**01.00 Lie to Me** (2:22)

**01.45 Supernatural** (16:16)

**02.25 Crónicas** Magnþrungin mynd um æsifréttamann sem ferðast til Ekvador til þess að fjalla um hrottafenginn raðmorðingja.

**04.00 NCIS** (25:25)

**04.45 Matarást með Rikku** (8:8)

**05.10 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Visa-bikarinn 2010** Útsending frá leik Víkings og Vals í 16-liða úrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.

**17.45 Visa-bikarinn 2010** Útsending frá leik Víkings og Vals í 16-liða úrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.

**19.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**20.00 Norðurálsmótið** Sýnt frá Norðurálsmótinu en þar sýna listir sínar drengir í 7. flokki í knattspyrnu en mótið fer fram á Akranesi.

▶**20.30 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en flestir af sterkustu mönnum landsins eru mættir til leiks í þessu skemmtilega moti.

**21.00 Memorial Tournament Presented By Morgan Stanely** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**23.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**06.10 4 4 2**

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 Slóvenía - England** HM 2010.

**11.10 Gana - Þýskaland** HM 2010.

**13.00 4 4 2**

**13.45 Paragvæ - N-Sjáland** Bein útsending frá leik Paragvæ og Nýja Sjálands á HM 2010.

**16.00 Slóvakía - Ítalía** HM 2010.

**18.15 Danmörk - Japan** Bein útsending frá leik Danmerkur og Japans á HM 2010.

**20.30 Cruyff** Að þessu sinni verður fjallað um Johan Cruyff þann magnaða knattspyrnumann.

**21.00 4 4 2**

**21.45 Kamerún - Holland** HM 2010.

**23.40 Slóvakía - Ítalía** HM 2010.

**01.35 Paragvæ - N-Sjáland** HM 2010.

**03.30 Danmörk - Japan** HM 2010.

**05.25 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.00 Rachael Ray**

**16.45 Dr. Phil**

**17.30 Sumarhvellurinn** (2:9) (e)

**17.55 America's Next Top Model** (9:12) (e)

**18.40 H2O** (12:26)

**19.05 America's Funniest Home Videos** (13:46)

▶**19.30 Matarklúbburinn** (3:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana. Hrefna er með skemmtilegar og spennandi uppskriftir sem hún kryddar með nýjum hugmyndum.

**19.55 King of Queens** (15:22) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**20.20 Family Guy** (6:14)Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.45 Parks & Recreation** (8:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

**21.10 Royal Pains** (10:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.

**22.00 Law & Order** (9:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

**22.50 Jay Leno**

**23.35 In Plain Sight (**1:15) (e)

**00.20 Bass Fishing** (3:8) (e)

**01.05 King of Queens** (15:22) (e)

**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Eitt fjall á viku**

**21.30 Birkir Jón**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Eitt fjall á viku**

**23.30 Birkir Jón**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


LOGN
DÖMU KÁPA
Verð: 15.500 kr.
Hetta með endurskini í kraga



Létt, sterk og fyrirferðarlítil regnkápa með 5.000 mm vatnsheldni.
66 NORÐUR

LOGN
DÖMU JAKKI
Verð: 12.500 kr.
Hetta með endurskini í kraga



Þægilegur og léttur jakki með 5.000 mm vatnsheldni. Tilvalinn í töskuna.
66 NORÐUR

LOGN
DÖMU KÁPA
Verð: 15.500 kr.
Hetta með endurskini í kraga



Létt, sterk og fyrirferðarlítil regnkápa með 5.000 mm vatnsheldni.
66 NORÐUR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Matarást með Rikku



Gestur Rikku í kvöld er Chandrika, eigandi Austur-Indíafélagsins og opnar okkur heillandi heim indverskrar matargerðar. Í þessum skemmtilegu og fersku matreiðsluþáttum sækir Rikka heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### NCIS
### Stöð 2 kl. 20.35

Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**19.00** List og losti
**19.30** Listahátíð í Reykjavík
**2010:** Bedroom Community
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Því miður, skakkt númer
**22.55** Íslendingar og stríðið: Undir oki áróðurs
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Grey's Anatomy** (2:17)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (13:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.

**22.30 Mercy** (9:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 True Blood** (1:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**00.15 Ghost Whisperer** (19:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.

**01.00 Grey's Anatomy** (2:17) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**01.45 The Doctors**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Only Fools and Horses **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** Life of Riley **14.15** My Family **14.45** The Weakest Link **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Fawlty Towers **18.00** The Visitor **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.15** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Fawlty Towers **20.30** Doctor Who **21.20** The Visitor **21.45** The Inspector Lynley Mysteries **22.30** Benidorm **22.55** The Inspector Lynley Mysteries **23.40** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**12.00** Hestebrødrene **12.30** Naturen kalder **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Catfish blues **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Fandango **16.00** Kær på tur **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** VM 2010 studiet **18.25** 3: Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.30** Fodbold-VM **19.20** TV Avisen **19.30** Fodbold-VM **20.30** VM 2010 studiet **21.00** Höök **22.00** OBS **22.05** Boogie Mix

## NRK 1

**12.20** Par i hjerter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** Folk **15.30** Lisa goes to Hollywood **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.30** Riksarkivet **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Miss Marple **21.05** Kveldsnytt **21.20** Orions belte **22.50** Fjas og fakta om hagar **23.40** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.20** Falla vackert **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Hemliga svenska rum **17.10** Din plats i historien **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.15** Stand-up med John Oliver **22.15** Fotbolls-VM


www.frettabladid.is | 512 5000




# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á fríðreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að fríðreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri fríðreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170.
Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing.**

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða um allt land

**Suðurnes**
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Vesturland**
Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði

**Norðurland**
N1 Staðarskála
Kaupfélagið Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1 Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
N1 Sauðárkróki
Shellskáli, Sauðárkróki
10-11, Akureyri
N1 Hörgárbraut, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1 Leiruvegi, Akureyri
Olís, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Shellskáli, Húsavík
Olís, Húsavík
Goðafossveitingar, Fosshóli
Búðin, Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

**Suðurland**
Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum

**Austurland**
Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
N1, Höfn
Olís, Höfn




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

## MORGUNMATURINN



*Hversdags er það bara venjulegt morgunkorn en draumamorgunmaturinn er hjá ömmu. Heimabakaðar vöfflur með sultu og góður kaffibolli.*

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, fatahönnuður sem er með barnafatamerkið Sunbird.

# Það borgar sig að vera Jóhannsson

„Þetta var klikkað! Þetta gekk alveg rosalega vel," segir listamaðurinn Óli G. Jóhannsson, sem hefur opnað sýningu sína í Opera gallerí í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu.

Óli G. var staddur í Seúl þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann sló í gegn þegar hann opnaði sýningu sína í Suður-Kóreu í vikunni og seldi fjölmörg verk. En varð hann ríkur á einu kvöldi? „Við skulum segja að gærkveldið hafi gengið mjög vel fyrir fátækan Íslending," segir Óli. „Það var mikil aðsókn á sýninguna mína í gær og var það alveg frábært. Það er mikill áhugi á myndlist og þá aðallega málverkum hér í Suður-Kóreu og svo virðist sem mín list sé að virka."

Óli hélt fyrstu sýninguna sína árið 1973 og hefur síðan þá haldið reglulega sýningar, bæði hér heima og erlendis. Opera gallerí bauð Óla að opna sína sýningu eftir að sýningu Damiens Hirt lauk á dögunum. Málverk eftir Óla var einnig valið inn á tíu ára afmælissýningu Opera gallerí í New York. Þar er hann þess heiðurs aðnjótandi að verk hans stendur á móti verki eftir Jackson Pollock.

Ólafur er með sérstaka kenningu um velgengnina í Suður-Kóeru. „Ég held að það aðstoði mig mikið að vera Jóhannsson," segir hann. „Heimurinn tengir mig við Kristján Jóhannsson óperusöngvara, Barða í Bang Gang og Jóhann Jóhannsson." - ls



**ÁNÆGÐUR LISTAMAÐUR** Óli G. er að vonum ánægður með hversu vel opnunin á sýningunni hans gekk. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**LÁRÉTT**
2. dropa, 6. tveir eins, 8. gagn, 9. harðæri, 11. átt, 12. hlátur, 14. skrifa, 16. pot, 17. nægilegt, 18. flík, 20. tveir eins, 21. rell.

**LÓÐRÉTT**
1. ofneysla, 3. samanburðartenging, 4. ættliður, 5. óhreinka, 7. þversláufa, 10. bók, 13. persónufornafn, 15. sóða, 16. önn, 19. til dæmis.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. leka, 6. hh, 8. nyt, 9. óár, 11. na, 12. fliss, 14. stíla, 16. ot, 17. nóg, 18. fat, 20. öð, 21. nudd.
**LÓÐRÉTT:** 1. óhóf, 3. en, 4. kynslóð, 5. ata, 7. hálstau, 10. rit, 13. sin, 15. agða, 16. ofn, 19. td.


Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE URBAN IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010






FUDGE URBAN IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg




**ÁNÆGÐUR STEFÁN** Stefán segir bókmenntamenningu mikla í Frakklandi og því sé þetta einstakur heiður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

STEFÁN MÁNI: EINA BÓKIN SEM ÞEIR GÁFU FJÓRAR STJÖRNUR

# Lire velur Skipið bestu glæpasöguna í Frakklandi

„Það er alveg æðislegt hvernig stemningin er fyrir bókinni úti í Frakklandi," segir Stefán Máni Sigþórsson rithöfundur.

Franska bókmenntatímaritið Lire valdi á dögunum bók Stefáns Mána, Skipið, bestu glæpasögu ársins. Lire gaf bókinni fjórar stjörnur í nýjasta hefti sínu sem er tileinkað glæpasögum. Stefán Máni skýtur öðrum rithöfundum ref fyrir rass þar sem Skipið er eina bókin sem fær fjórar stjörnur.

„Ég fékk tímaritið sent frá þeim. Þetta er svolítið stórt og rosalega flott tímarit," segir Stefán. „Ekkert of akademískt þannig að það er breiður hópur sem les það. Þeir velja tíu bestu glæpasögur ársins og völdu Skipið í fyrsta sæti. Einnig var hún eina bókin sem þeir gáfu fjórar stjörnur. Það er auðvitað alveg magnað þar sem þetta er fyrsta bókin mín í Frakklandi."

**35** ára útgáfusaga bókatímaritsins Lire hófst í París.

Gagnrýnendur Lire spara ekki stóru orðin í umsögnum sínum um bókina og segja hana meistaraverk. Þá er bygging sögunnar sögð þrekvirki sem heldur stöðugri spennu. Ef þetta er ekki nóg, þá er talað um að Stefán Máni sé með öllu óhræddur, textinn sé reiðilegur, harmrænn og hamslaus. Loks segir gagnrýnandi að Stefán ríghaldi lesandanum allt að síðustu blaðsíðu. Þegar hann leggi svo loks bókina frá sér sé hann ringlaður og viti í raun ekki hvert eigi að leita.

Stefán segir að sala á Skipinu hafi rokið upp í kjölfarið á valinu og franska forlagið sé búið að prenta annað upplag. Þá hefur forlagið tryggt sér útgáfuréttinn á bókinni Svartur á leik eftir Stefán og lýst yfir áhuga á framtíðarverkum hans. „Það koma kannski 100.000 bækur út í Frakklandi á ári og líftíminn er ekki langur," segir hann. „En þetta hleypti lífi í söluna aftur sem er mjög flott."

linda@frettabladid.is

## FÓLK Í FRÉTTUM

Jafnréttisstofa gagnrýndi sjónvarpsstöðvarnar í tilkynningu í gær fyrir að leita ekki til kvenna þegar leikirnir á heimsmeistaramótinu í fótbolta eru teknir fyrir. Þáttur Þorsteins J. á RÚV er sérstaklega gagnrýndur, en þar eru allir spekingarnir karlkyns. Sjónvarpsstöðvunum til glöggvunar má benda á að að landsliðskokkurinn vinsæli, **Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran**, ku vera mikill fótboltaunnandi og missir varla af leik. Hrefna Rósa heldur með liði Spánverja og yrði kjörin í spekingsstólinn þegar Spánn mætir Chile á morgun.



Annars þarf ekki að leita lengi til að finna konur sem myndu vafalaust glaðar tala um fótbolta. Íslendingar eiga til dæmis landslið í fótbolta sem hefur ekki fengið á sig mark á Laugardalsvelli frá því að núverandi þjálfari tók við. Allir þessir sigurleikir hljóta að gefa Hólmfríði Magnúsdóttur, Katrínu Jónsdóttur og **Margréti Láru Viðarsdóttur** spekingsleyfi.



**Logi Geirsson** er orðinn pabbi. Hann og Ingibjörg unnusta hans eignuðust lítinn dreng í gær. Mikil hamingja er á heimilinu, en þau eru afar samrýnd og kláruðu til að mynda bæði nám í einkaþjálfun frá Keili á dögunum. Engum sögum fer af nafni á litla Logason, en Logi er þekktur fyrir allt annað en hugmyndaleysi þannig að það mun vafalaust ekki vefjast fyrir handboltakappanum. - afb




Hver fær bréf frá þér?

Sendu kveðju til þeirra sem þér þykir hafa verið til fyrirmyndar.

Kynntu þér hvatningarátak tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni á tilfyrirmyndar.is

Til fyrirmyndar


# Sonur Nönnu í fótspor Ramseys

Hjalti Nönnuson hefur lokið við að þýða sína fyrstu bók; uppskriftabók stjörnukokksins og Íslandsvinarins Gordons Ramsey sem á að koma út í október. Hjalti á ekki langt að sækja mataráhugann en hann er sonur Nönnu Rögnvaldardóttur matargúrús. Mataráhuginn kviknaði samt ekki fyrr en hann flutti að heiman.

„Mamma benti á mig í þetta verkefni því hún veit að ég hef mikinn áhuga á mat og eldamennsku og taldi mig vera fullfæran í að þýða þessa bók," segir Hjalti en hann er ekki menntaður kokkur. Á meðan hann þýddi bókina eldaði Hjalti þær uppskriftir í bókinni sem honum leist á. „Gordon virðist vera mjög hrifinn af smokkfiski og trúðu því eður ei, en ég er mjög matvandur og sneiddi því hjá þeim uppskriftum í bókinni sem meðal annars innihéldu smokkfisk," segir Hjalti hlæjandi og bætir við að fólk verði oft mjög hissa þegar það uppgötvar að hann sé matvandur komandi af svona miklu matarheimili. „Systir mín er yfirlýst grænmetisæta og ég mundi til dæmis frekar borða hrá dekk en sveppi svo við mamma erum löngu búin að komast að samkomulagi í þessum málum. Hún eldar það sem henni sýnist og svo verðum við bara að sneiða fram hjá því sem okkur líkar ekki."

Í bókinni Eldað um veröld víða tekur Gordon Ramsey saman uppskriftir frá sínum tíu uppáhaldsstöðum í heiminum og lögð er áhersla á hversdagsmat. Maður ætti því ekki að þurfa að vera neinn stjörnukokkur til að geta eldað upp úr bókinni. „Ramsey vill meina að núna sé matur orðinn svo aðgengilegur, maður á að geta eldað mat frá öllum heimsálfunum sama hvar maður er staddur," segir Hjalti. - áp



**SJALDAN FELLUR EPLIÐ LANGT FRÁ EIKINNI** Hjalti Nönnuson er liðtækur í eldhúsinu og hefur nú þýtt kokkabók Gordons Ramsay. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8



2 fyrir 1

**DÖMUBUXUR**
Stærðir 36-46
Verð 2.999,-
Sértilboð frá fimmtudagi til sunnudags.



3 fyrir 2

**HERRA BÓMULLARBOLIR**
Margar gerðir og litir.
Verð 2.998,-
~~4.997,-~~



2 fyrir 1

**GALLABUXUR**
Af völdum merkjum.
Verð 5.990,-
~~11.980,-~~



**IPOD STATION**
Ferðahátalarar með sterio fyrir iPod. Nokkrar gerðir og litir.
Verð 999,-



3 fyrir 2

**DÖMUBÓMULLARBOLIR**
Margar gerðir
Verð 1.998,-
~~2.997,-~~



2 fyrir 1

**DOCKERS BUXUR**
Margar gerðir og litir.
Verð 1.790,-
~~3.580,-~~



2 fyrir 1

**32 L GEYMSLUKASSAR**
Verð 1.290,-
~~2.580,-~~



2 gerðir Vollaré maskarar lengir og nærir 999,-
Vollaré varagloss með ávaxtabragði margir litir 799,-
Blautur Eyeliner glimmer, svartir og bláir 699,-



**CRUISER SKÓ**
Verð 990,-

TILBOÐ TIL SUNNUDAGS!
WWW.GULAHUSID.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is "...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki enn orðin leið á sveitarstjórnarmálunum

Hvorki Dofri Hermannsson né Sigrún Elsa Smáradóttir tóku sæti í nefndum eða ráðum á vegum borgarinnar, en þau skipuðu sjötta og sjöunda sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir kosningar. Bæði hafa þó nokkra reynslu af borgarmálunum og voru borgar- og varaborgarfulltrúar. Dofri og Sigrún Elsa virðast þó ekki hafa dregið sig í hlé vegna leiða á sveitarstjórnarmálunum, því nöfn beggja var að finna á lista yfir umsækjendur um stöðu bæjarstjóra á Akureyri sem birtur var í gær. - þeb



### Tvöfaldur sigurvegari Gaddakylfu

Halldór E. Högurður var sigursæll þegar úrslit í Gaddakylfunni, glæpasagnasamkeppni Mannlífs og Hins íslenska glæpafélags, voru tilkynnt í gær. Halldór er höfundur Innan fjölskyldunnar, sem varð hlutskörpust, og Einkastæðis, sem var valin sú þriðja besta. Valur Grettisson, blaðamaður á Vísi, lenti í öðru sæti með söguna Æskuástin og Steingrímur Teague deilir þriðja sætinu með Halldóri með sögunni Fjórða nóttin. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra veitti Gaddakylfuna, sem var nú afhent í sjöunda sinn. Halldór er ekki ókunnur textaskrifum, var meðal annars einn af höfundum síðasta Áramótaskaups. - kóp



## Mest lesið vísir.is

1. Þorsteinn J.: Vill bara bestu sérfræðingana
2. Dr. Gunni verður ekki formaður strætós
3. Jafnréttisstofa spyr hvar konurnar séu á HM
4. Sagði blaðamanni að matreiða viðtalið eins og hann vildi
5. Ísland á öruggustu vatnsbirgðir jarðar





STÓR-ÚTSALA!

SUMAR SPRENGJA!

FYRIR SUMAR, VETUR, VOR OG HAUST!

GERÐU KAUP ÁRSINS!

AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ

20-80% afsl.

Á HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM!

BOLIR JAKKAR SUNDFÖT SKYRTUR BUXUR GÖNGUSKÓR VINDJAKKAR STUTTBUXUR ÚTIVISTARFÖT HLAUPASKÓR REGNJA
UNDIRFÖT KJÓLAR KVENJAKKAR HÚFUR SPORTFATNAÐUR FLÍS SÝNISHORN TILBOÐSHORN BARNAFÖT UNGBARNAFÖT GÖ
GUFÖT ÚTILEGUFÖT SANDALAR ÍÞRÓTTASKÓR NÆRFÖT BIKINÍ VETTLINGAR TREFLAR KVARTBUXUR T-BOLIR BOLIR JAKKA
SUNDFÖT SKYRTUR BUXUR GÖNGUSKÓR VINDJAKKAR STUTTBUXUR ÚTIVISTARFÖT HLAUPASKÓR REGNJAKKAR SANDALA

**Fyrsta flokks vörumerki á ótrúlegu verði!**

Einstakt tækifæri til þess að næla sér í gæðavörur á frábæru verði fyrir útivistina, ferðalagið, fjallgönguna, golfið, veiðina og allt þetta skemmtilega í lífinu.




DYNAMO REYKJAVÍK

| | |
|---|---|
| Opið í dag | kl. 10-19 |
| Föstudag | kl. 10-18 |
| Laugardag | kl. 11-16 |
| Sunnudag | kl. 12-16 |

A3 OUTLET CENTER

Austurhrauni 3 ▪ Garðabæ ▪ Sími 533 3811

O'NEILL SEAFOLLY casall Teva CINTAMANI DRESS CODE ICELAND asics